

ÞJÓÐAR SPEGILLINN 2024
31. OKTÓBER OG 01. NÓVEMBER
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

ÁGRIPABÓK

# 25. ráðstefna Þjóðarspegilsins 2024

HÍ | FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

31. október og 01. nóvember 2024
Háskóli Íslands, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík
thjodarspegillinn.hi.is

Heimasíðu ráðstefnu Þjóðarspegilsins má finna á eftifarandi slóð:
https://thjodarspegillinn.hi.is/

# Efnisyfirlit


**Aðgengi og ójöfnuður innan og utan vinnumarkaðar** 5

**Afbrot, ofbeldi og löggæsla** 10

**Alþjóðasamvinna, öryggis- og þróunarmál** 15

**Barnafólk, fjölskyldustefna og farsæld** 20

**Barneignir, barnleysi og foreldrahlutverk** 25

**Byggðamál, velferð og ferðaþjónusta** 30

**Börn, þátttaka og samfélagsleg áföll** 34

**Creative ecosystems: social and material lives of aesthetic products** 37

**Frumkvöðlastarfssemi í ferðaþjónustu – sjálfbærni til framtíðar** 40

**Háskólanám: gervigreind, vettvangsnám og munnleg próf** 43

**Háskólar: væntingar, samruni og viðhorf** 48

**Húsnæðismál, lífeyriskerfi og framleiðni vinnuafls** 52

**Innflytjendur og flóttafólk** 55

**Jafnrétti, áreitni og valdaójafnvægi** 60

**Langvinnir verkir og lífsgæði (ICEPAIN)** 65

**Leikhópurinn Gríma og fyrstu leikritaþýðingar Vigdísar Finnbogadóttur** 68

**Lognmolla í ólgusjó. Kosningarnar 2021** 71

**Mannauður, vellíðan og gervigreind** 76

**Matur, heilsa, menning: Þverfaglegur snæðingur** 81

**Menning og neysla / Brjáluð fræði** 85

**Menning og skapandi greinar I** 89

**Menning og skapandi greinar II** 92

**Menntun í grunn- og framhaldsskólum** 96

**Myrkur, sorg, greftrunarsiðir og huldufólk** 100

**Nýsköpun og nýsköpunarstefna** 103

| | |
|---|---|
| Nýsköpun: stjórnun og nærsamfélagið | 107 |
| Queer Refugees in “Queer Utopias”: Inclusion and Exclusion | 111 |
| Rannsóknaraðferðir félagsvísinda | 114 |
| RomÍs - A history and ethnography of Roma in Iceland I | 119 |
| RomÍs - A history and ethnography of Roma in Iceland II | 121 |
| Sjálfbærni, viðskipti og markaðsstarf | 124 |
| Skólastarf: Nám og stjórnun | 128 |
| Staðartengsl, örverur og dýrsleikar | 132 |
| Stefnur og straumar í hafrétti/Sáttamiðlun og réttarfar | 136 |
| Stétt, áföll og heimilisleysi | 140 |
| Stjórnun: tilnefningarnefndir og stafræn innleiðing | 145 |
| Söfn og tilfinningar | 149 |
| Söguleg sjónarhorn á skólastarf | 152 |
| Tekjur, lífskjör, vistkerfi og mjólkurkvótar | 157 |
| Tækni, netöryggi, umferðaröryggi og gervigreind | 161 |
| Ungt fólk: nám og líðan | 165 |
| Upplýsingafræði í almannahag – Þekking til framtíðar | 170 |
| Verkefnastjórnun | 175 |
| Vinnumarkaður og jafnrétti | 179 |
| Vinnuumhverfi: líðan og heilsa | 183 |
| Þátttakendur | 187 |

## Neurodivergent Academi(mi)cking, Neurodivergent Creativity

Kathy A. D'Arcy

Creative Writing (Humanities); Disability Studies

There are so many barriers between neurodivergent researchers and artists and their workspaces. As a recently-diagnosed autistic poet and researcher, it is my aim with this project to find new ways for neurodivergent creative practitioners to work and collaborate. A significant lacuna exists in the intersecting research fields of creative practice and neurodiversity, and this omission discriminates against neurodiverse creatives and limits wider potentials for innovation. Neurodiversity in creativity is not a problem to be solved, but an exciting nexus of epistemes and practices in need of careful analysis. In this creative presentation I will give an outline of the project aims and experimental methodologies through the lens of 'researching while neurodivergent', and reflect on the part played by the challenges presented when researchers must use the very systems they are seeking to challenge. Like so many others struggling with barriers to academic participation, especially those working to challenge these barriers, I am guided in this reflection by the words of Audre Lorde: 'The Master's tools will never dismantle the master's house."

## Barnafólk á íslenskum vinnumarkaði

Hlöðver Skúli Hákonarson, Kristín Heba Gísladóttir

Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Rannsóknin varpar ljósi á stöðu barnafólks á íslenskum vinnumarkaði. Áhersla verður lögð á að skoða stöðu foreldra, sérstaklega mæðra, og staða þeirra borin saman við barnlaus pör og sömuleiðis einhleypt fólk. Með því að bera saman stöðu þessara hópa er hægt að álykta um möguleg áhrif barneigna á stöðu fólks á vinnumarkaði. Verður staða foreldra skoðuð út frá breytum á borð við fjárhagsstöðu, starfshlutfall, líkamlega og andlega heilsu, og fleiri breytur. Notast verður við gögn úr Stöðu launafólks könnuninni sem Varða — Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmir árlega, en þýði kannaninnar nær til rúmlega helming íslensks vinnumarkaðar. Niðurstöðurnar munu einnig varpa ljósi á mikilvægi ýmissa þátta fyrir barnafjölskyldur, svosem félagslegs baklands, stöðu á húsnæðismarkaði og búsetu. Mismunandi áhrif barneigna á kyn verða einnig skoðuð. Niðurstöður rannsóknarinnar stuðla að bættum skilningi á aðstæðum barnafólks á íslenskum vinnumarkaði og munu veita vísbendingar sem nýst gætu stjórnvöldum í stefnumótun fyrir þennan hóp fólks.Helstu niðurstöður leiða í ljós að áhrif barneigna á stöðu foreldra eru mjög ólík eftir kyni. Til að mynda aukast líkurnar á því að mæður færi sig yfir í hlutastarf með hverju barni sem bætist við á heimilið - hins vegar minnka líkurnar með hverju barni fyrir feður. Ástæðan fyrir þessu virðist vera samræming fjölskyldu- og atvinnulífs, en umönnunarhlutverkið leggst þyngra á mæður. Þegar horft er til andlegrar heilsu er verri andleg heilsa mæðra en feðra nánast alfarið drifin áfram af þreytu- og orkuleysi frekar en öðrum þáttum andlegrar heilsu, sem rímar við áðurnefndar niðurstöður um stærra umönnunarhlutverk mæðra.

# „Allir eiga að vera mega hressir og með brennandi áhuga“

Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir, Arney Einarsdóttir

Viðskiptadeild - Háskólinn á Bifröst

Rannsóknir varðandi atvinnuþátttöku fatlaðs fólks benda til félagslegrar jaðarsetningar á vinnumarkaði auk þess sem margt bendir til þess að einhverfir einstaklingar séu enn jaðarsettari en aðrir fötlunarhópar. Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á þætti sem geti verið útilokandi fyrir atvinnuþátttöku einhverfra einstaklinga hér á landi. Var rannsóknin tvíþætt og studdist við bæði eigindlegar og megindlegar rannsóknaraðferðir. Tekin voru hálf stöðluð viðtöl við einhverfa einstaklinga á vinnualdri og atvinnuauglýsingum safnað yfir mánaðartímabil.Voru atvinnuauglýsingarnar því næst flokkaðar og greindar eftir skilgreindum kröfum um samskiptahæfni, geirum og kunnáttustigum. Niðurstöður eigindlega hluta rannsóknar benda til þess að einhverfir einstaklingar upplifi ríkar og óljósar kröfur um samskiptahæfni sem lykilhindrun þegar kemur að þátttöku á vinnumarkaði. Niðurstöður megindlega hlutans sýna að ríkar kröfur eru gerðar um samskiptahæfni í atvinnuauglýsingum fyrir störf á öllum kunnáttustigum og enn ríkari kröfur fyrir störf á kunnáttustigum þrjú og fjögur. Einnig eru gerðar ríkari kröfur um samskiptahæfni í opinbera geiranum en einkageiranum. Rík krafa um samskiptahæfni fyrir störf sem ætla mætti að krefðust fremur annarra sértækra hæfniþátta eða sérfræðiþekkingar getur verið útilokandi þegar kemur að atvinnuþátttöku einhverfra einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði. Því er mikilvægt að þær hæfniskröfur sem settar eru fram fyrir einstök störf séu vel ígrundaðar þar sem störf krefjast mismikillar samskiptahæfni. Í stuttu máli má segja að niðurstöður gefa til kynna að fyrirtæki og stofnanir hér á landi þurfi í ríkari mæli að horfa til þátta er varða fjölbreytileika í hæfni og mannauði, bæði við ráðningar sem og við móttöku og inngildingu nýs starfsfólks.

## Inngilding fatlaðs fólks í vinnu í norrænu samhengi: áskoranir og tækifæri fyrir nýja nálgun

Stefan C. Hardonk

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasviði, Háskóla Íslands

‚Inngilding fatlaðs fólks í vinnu' (e. ‚work inclusion') hefur undanfarna áratugi verið lykilatriði í hagsmunabaráttu fatlaðs fólks og mannréttindanálgun á fötlun. Hugtakið vísar til þátttöku fatlaðra einstaklinga í vinnuumhverfi þar sem ríkir jafnrétti og fjölbreytni er grundvallaratriði í vinnufyrirkomulagi frekar en úrlausnarefni sem tekist er á við með aðlögunum og tilfallandi breytingum. ‚Inngilding' hefur frá upphafi fötlunarfræði sem fræðigreinar verið sett fram sem róttækt sjónarmið til að afbyggja norm og skapa þekkingu um hindranir og tækifæri meðal annars með tilliti til þátttöku í vinnu og atvinnu. Á Norðurlöndunum hefur hugtakið í auknu mæli orðið hluti af yfirlýstri stefnu yfirvalda og aðgerðaáætlunum sem og störfum fagfólks sem veitir fötluðu fólki stuðning á vinnumarkaði og jafnvel utan hans. Aukin notkun á hugtakinu ‚inngilding í vinnu' byggist þó ekki á samræmdum skilningi um hvað felst í inngildingu, hvernig inngilding birtist og hvernig hægt er að framkvæma sjónarmið um inngildingu í vinnu í rannsóknum, mótun stefnu og aðgerða og störfum fagfólks. Auk þess hefur áhersla á inngildingu ekki náð að brúa bilið í atvinnuþátttöku á milli fatlaðs óg ófatlaðs fólks og er því þörf á þróun þekkingar um hugtakið og notkun þess. Í þessu erindi verður varpað ljósi á þætti sem tengjast sjónarmiði um inngildingu fatlaðs fólks í vinnu með það að markmiði að setja fram nýja nálgun um inngildingu í samhengi norrænna velferðarríkja. Stuðst verður við nýlegar rannsóknir um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á Norðurlöndunum og fræðileg sjónarmið á sviði fötlunarfræði og félagsfræði atvinnulífs.

## Málhugmyndafræði og íslenskt táknmál

Rannveig Sverrisdóttir, Valgerður Stefánsdóttir

Íslensku- og menningardeild, Háskóli Íslands

Íslenskt táknmál (ÍTM) er eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi. Staða þess er tryggð með lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensk táknmáls, nr. 61/2011, í ýmsum reglugerðum og námskrám sem og þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls 2024-2027. Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er rædd, var að kanna hver upplifun táknmálsfólks (döff) af framkvæmd laga og reglugerða væri. Beitt var eigindlegri aðferðafræði, grundaðri kenningu og orðræðugreiningu. Gögnin voru ritaðar heimildir og viðtöl við fjóra sérfræðinga úr samfélagi ÍTM um upplifun sína og reynslu. Með greiningu gagnanna fæst sá skilningur að þrátt fyrir gildandi lög upplifir táknmálsfólk mikið óréttlæti og þekkingarleysi í garð ÍTM og táknmálsfólks. Það mætir fötlunarviðhorfum, fáfræði og vantrausti, upplifir sig sem punt en ekki fullgilt starfsfólk. Innan menntakerfisins þarf stöðugt að minna á réttindi táknmálsbarna og aðgengi þeirra að málinu er alls ekki tryggt. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að ÍTM sé ekki jafnréttháttt íslenskri tungu til samskipta þrátt fyrir gildandi lög. Það hefur áhrif á lífvænleika ÍTM, málinu er ógnað og málhöfum fækkar sem veldur því að táknmálsbörn njóta ekki málumhverfis. Þessi alvarlega staða er tilkomin vegna ríkjandi málhugmyndafræði í garð ÍTM þar sem ekki er litið á ÍTM sem tungumál.

## Police-Minority Encounters in Iceland: suspicion and minor harassments through the eyes of people with darker phenotype

Armando Garcia[1], Eyrún Eyþórsdóttir[2]

[1] University of Iceland
[2] University of Akureyri

The Icelandic population is more diverse than ever before in its recent history. Today people of darker skin phenotype are a constitutive part of Icelandic society represented by Icelanders and immigrants. These intensified cross-cultural interactions may exacerbate police challenges and different population groups may have diverging experiences with police interactions. This paper will present the preliminary results of a research project centered on police—minority relations. More precisely, on the experiences of people with darker skin phenotype residing in Iceland with the Icelandic police. The aim of the research was to understand the factors that made interaction with the police felt either as positive or negative. Research on police-minority relations indicates that individuals identifying as ethnic minorities tend to have more negative perceptions of the police compared to their white counterparts. Nordic research has demonstrated how ethnic minorities employ everyday tactics to cope with frequent police encounters. However, research on how minority groups are treated by the police and how their perceptions of police officers are shaped, are limited and sparse in the Nordic setting including Iceland. This underscores the importance, relevance and novelty of this current research aimed to address and fill this gap.Preliminary findings from this qualitative research, based on 10 in-depth interviews will be presented. The main findings demonstrate that there is more positivity regarding reactive policing rather than proactive policing. Although, participants expressed lack of trust to the police they were still in favor of seeking the police assistant when needed.

## Ofbeldi og vopnaburður ungmenna


**Margrét Valdimarsdóttir**

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild-Háskóli Íslands



Alvarlegum ofbeldisbrotum þar sem ungt fólk kemur við sögu virðist fara vaxandi í íslensku samfélagi. Þetta á bæði við um ofbeldi sem ungmenni verða fyrir og það sem framið er að ungu fólki. Gögn lögreglu benda einnig til þess að vopnaburður hafi aukist á síðustu árum. Rannsóknir og viðbrögð við áhættuhegðun hafa tilhneigingu til að einblína á þolendur ofbeldis annars vegar og gerendur hins vegar, en skörun hópanna tveggja hefur fengið litla athygli.Í félags- og afbrotafræði hefur safnast saman töluverð fræðileg og emperísk þekking á flóknum tengslum milli þess að vera þolandi ofbeldis og gerandi. Í erindinu verður farið yfir stöðu þekkingar á þessum tengslum og kynntar nýlegar niðurstöður rannsóknar á ofbeldi ungs fólks á Íslandi. Gagnasöfnun fór fram í upphafi árs 2023 með því að leggja rafrænan spurningalista fyrir stórt úrtak grunn- og framhaldsskólanema í skólanum (N = 3,036). Niðurstöðurnar benda til þess að reynsla af ofbeldi, sérstaklega af ofbeldi sem er endurtekið eða alvarlegt, auki verulega líkurnar á að ungmenni taki þátt í ofbeldishegðun og beri vopn. Í rannsókninni voru einnig skoðaðar mögulegar skýringar á þessum tengslum. Með því að skilja þessi tengsl þolenda og gerenda gefst tækifæri til að þróa árangursríkari forvarnar- og endurhæfingarúrræði sem stuðla að minni ofbeldi meðal ungmenna og öruggara samfélagi.

## Að uppræta ófaglega þætti í vinnumenningu lögreglunnar: Tækifæri og hindranir fyrirbyggjandi þjálfunar

Laufey Axelsdóttir, Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir

Stjórnmálafræðideild, Háskóli Íslands

Kynferðisleg áreitni er alvarlegt vandamál innan lögreglunnar sem ógnar heilsu og vellíðan starfsfólks. Karllæg vinnumenning og kynjuð valdatengsl innan lögreglunnar ýta undir kynferðislega áreitni og er talin eiga þátt í óeðlilegu brotthvarfi kvenna úr lögreglunni. Til að vinna gegn kynferðislegri áreitni er nauðsynlegt að innleiða fyrirbyggjandi aðferðir. Umræðuvettvangur (e. In-Group Forums) er talinn vera gagnleg aðferð til að fræða og valdefla þáttakendur til að vinna saman að því að breyta vinnuumhverfinu. Rannsóknin nýtir þjálfunaraðferð sem byggir á þátttökuleikriti (e. Forum Theatre) til að skapa umræðuvettvang meðal lögreglufólks. Lögð er áhersla á að fræðast um efni þjálfunarinnar á gagnvirkan hátt og að ýta undir samkennd og samtal milli starfsfólks. Gögnum, í formi umræðuhópa, var safnað saman í mars 2024. Rúmlega sextíu lögreglunemum var skipt í sex umræðuhópa til að taka þátt í umræðum og þróa aðferð til að breyta óviðeigandi hegðun á vinnustað með áherslu á kynferðislega áreitni. Samtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð. Lögð er fram eftirfarandi rannsóknarspurning: Hvaða möguleikar og hindranir felast í því að nýta þátttökuleikrit sem umræðuvettvang innan lögreglunnar í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni? Niðurstöðurnar hafa hagnýtt gildi og varpa ljósi á tækifæri og hindranir í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni í karllægu vinnuumhverfi. Nauðsynlegt er að vinna bug á hindrunum til að innleiða forvarnarstaf og tryggja inngildandi, öruggt og sjálfbært vinnuumhverfi innan lögreglunnar og annarra stofnanna. Rannsóknin er hluti af norræna rannsóknarverkefninu UISH sem er styrkt af Nordforsk (nr. 137287) og er í samstarfi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar og Landssamband lögreglumanna.

## Vinnumenning sem grefur undan jafnréttismarkmiðum lögreglu

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir

Kynjafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Í stefnumótun stjórnvalda á sviði kynjajafnréttismála lögreglu er lögð áhersla á að fjölga konum meðal lögreglumanna og í áhrifa- og stjórnunarstöðum lögreglumanna. Til að ná settum markmiðum hefur sjónum verið beint að fjölgun kvenna meðal lögreglunema en lítt verið hugað að brotthvarfi kvenna og neikvæðum þáttum í karllægri vinnumenningar lögreglunnar. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig stjórnvöldum miðar að því að ná settum markmiðum og greina möguleg áhrif kynbundinnar áreitni á þessi markmið, en slík áreitni hefur fengið litla athygli í rannsóknum. Rannsóknin byggir á tölulegum gögnum frá lögreglunni og spurningalistakönnun sem lögð var fyrir allt starfsfólk lögreglu árið 2022. Niðurstöðurnar sýna að þrátt fyrir að konum hafi fjölgað meðal lögreglumanna síðastliðin ár þá hefur konum ekki fjölgað í áhrifa- og stjórnunarstöðum líkt og miðað var að. Auk þess er óvíst hvort að markmiðið um fjölgun kvenna náist, en kynjabilið hefur aukist í lögreglunáminu og vísbendingar eru um óeðlilegt brotthvarf meðal kvenna. Stór hluti kvenna verður fyrir kynbundinni áreitni í starfi sínu og þá oftast af hendi karlkyns samstarfsmanna og karlkyns yfirmanna. Því drögum við þá ályktun að vinnumenning lögreglu grafi undan markmiðum stjórnvalda, því á sama tíma og áhersla stjórnvalda er að fjölga konum í lögreglunni að þá er umhverfið sem bíður þeirra til þess fallið að ýta þeim út aftur. Til að vinna gegn þessu þurfa stjórnvöld að bregðist við með aðgerðum sem stuðla að inngildandi starfsumhverfi fyrir allt starfsfólk lögreglu.

## Ákall eftir harðari refsipólitík: Afstaða Íslendinga til afbrota og refsinga

Helgi Gunnlaugsson, Snorri Örn Árnason

Háskóli Íslands

Afstaða Íslendinga til afbrota og refsinga er oft í brennidepli umræðunnar hér á landi. Stundum heyrist að refsingar séu of vægar og að brotamenn sleppi vel frá broti sínu. Mikilvægt er að dómar endurspegli réttarvitund borgaranna því dómar sem ganga í berhögg við siðferðis- og réttlætistilfinningu borgaranna geta auðveldlega grafið undan trausti á réttarríkinu. Höfundar erindisins taka þátt í norrænu rannsóknarverkefni þar sem afstaða borgaranna er könnuð með aðstoð rýnihópa og spurningalistakönnunar. Í könnuninni er spurt almennt um mat á refsingum og afstöðu til ólíkra refsitegunda eins og samfélagsþjónustu og rafræns eftirlits í stað vistar í fangelsi. Auk þess er spurt um markmið refsinga og afstöðu til einstakra brota eins og kynferðisbrota og vörslu á kannabisefnum til eigin nota. Er afstaðan í takt við ríkjandi refsipólitík eða má greina andstöðu borgaranna?Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi könnun hér á landi á vordögum 2024 þar sem norræni spurningalistinn var lagður fyrir. Tekið var 2500 manna tilviljunarúrtak úr netpanel stofnunarinnar. Alls fengust tæplega 1100 svör og svarprósentan endaði í 42 prósent þátttökuhlutfalli. Svörin voru vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til að unnt sé að alhæfa niðurstöðurnar á heildarþýðið.Helstu niðurstöður eru að meirihluti svarenda telur refsingar almennt of vægar á Íslandi og rúmur helmingur kallar eftir lengri fangelsisdómum. Aftur á móti telur yfirgnæfandi meirihluti að helsta markmið refsinga ætti að felast í aðstoð við hinn brotlega til að forðast ný brot. Mikill stuðningur mældist við afplánun dóma utan fangelsa fyrir tiltekin brot. Svörin eru því ekki alveg einhlít.

## Tilurð og framkvæmd Heimsmarkmiða: staðan í Afríku

Guðrún Helga Diop Jóhannsdóttir, Jónína Einarsdóttir

Félags-, mannfræði- og þjóðfræðideild - Háskóli Íslands

Þúsaldarmarkmiðin, sem voru byggð á áratuga vinnu alþjóðasamfélagsins, voru samþykkt af Sameinuðu þjóðunum árið 2001 með það að markmiði að útrýma fátækt og bæta velferð á heimsvísu. Þegar þau runnu sitt skeið árið 2015, tóku ný markmið, Heimsmarkmiðin, við. Við mótun Heimsmarkmiðanna var lögð áhersla á að læra af reynslunni við mótun og framkvæmd Þúsaldarmarkmiðanna, auk þess sem þátttaka ólíkra hagsmunaaðila um allan heim var tryggð til að auka eignarhald allra á nýjum markmiðum og framkvæmd þeirra.Markmiðið með þessu erindi er að skoða tilkomu Heimsmarkmiðanna. Í því samhengi verður farið yfir sögu, mótun og innleiðingu Þúsaldarmarkmiðanna, forvera Heimsmarkmiðanna, ásamt því að greina mótunarferli Heimsmarkmiðanna og skoða stöðu innleiðingar markmiðanna í Afríku sunnan Sahara.Erindið er að hluta byggt á rannsókn sem framkvæmd var á vettvangi í Senegal og New York á árunum 2011–2013, auk skýrslna og annarra fræðitexta. Gagna var aflað með viðtölum og þátttökuathugunum.Niðurstöður sýna að innleiðing Heimsmarkmiðanna hefur reynst áskorun fyrir flest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Þó að mikið hafi áunnist og ásetningur stjórnvalda og alþjóðafélagsins að vinna að Heimsmarkmiðunum sé skýr, er víða pottur brotinn, ekki síst í Afríku sunnan Sahara þar sem þörf er á nýsköpun, auknu samstarfi og fjármagni til að efla og styðja við farsæla innleiðingu.

## Saga tvíhliða þróunarsamvinnu Íslendinga og samstarf í Afríku sunnan Sahara

Geir Gunnlaugsson[1], Þórdís Sigurðardóttir[2], Jónína Einarsdóttir[1]

[1] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
[2] Fv starfsmaður í utanríkisráðuneytinu

Samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum, skilgreindum af Sameinuðu þjóðunum (Sþ), eru hátekjuríki hvött til að leggja fram 0,70% hið minnsta af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu. Heimsmarkmið 17 felur í sér að blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða, til dæmis með fjármagni, tækni og uppbyggingu getu í samstarfslöndunum. Heimsmarkmiðin eru leiðarljós stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nú síðast samþykkt á Alþingi í desember 2023. Markmið erindisins er að skoða sögu tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands og spurt hvort og þá hvernig hún leggi sitt að mörkum til að bæta líf fátæks fólks í samstarfslöndunum. Efniviður rannsóknarinnar eru innlend og alþjóðleg gögn með sérstaka áherslu á tvíhliða samstarf Íslands við þrjú ríki í Afríku sunnan Sahara, það er Malaví, Úganda og Síerra Leóne. Leið Íslands frá fátækt til ríkidæmis litar gjarnan umræðu um þróunarsamvinnu innanlands og á alþjóðavettvangi. Rök hníga að því að þróunaraðstoð í margvíslegri mynd, t.d. Marshall aðstoðin, í skjóli almennra innlendra hafta í verslun og viðskiptum, hafi stutt við efnahagslega uppbyggingu Íslands að fengnu sjálfstæði. Endurteknar stuðningsyfirlýsingar á Alþingi við markmið Sþ um framlög til þróunarsamvinnu hafa þó ekki enn borið árangur. Hækkun á framlagi Íslands frá 0,28% árið 2021 í 0,34% árið 2022 skýrist til dæmis að mestu vegna aðstoðar við Úkraníu. Tvíhliða stuðningur Íslands í lágtekjulöndum sunnan Sahara hefur á mælanlegan hátt bætt lífsgæði hundruð þúsunda einstaklinga, sérstaklega kvenna og barna, sem búa við skort og jaðarsetningu og fyrir þau hefur stuðningurinn skipt mestu máli.

## Geta þingmanna til að uppfylla sett markmið með þátttöku þeirra í starfi alþjóðlegra þingmannasamtaka

Vilborg Ása Guðjónsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Þingmenn um allan heim verja umtalsverðum tíma og vinnu í starf þeirra u.þ.b 160 alþjóðlegu þingmannasamtaka sem eru starfandi á heimsvísu í dag. Þeir eru lykilgerendur í að uppfylla markmið umræddra samtaka. Það er hins vegar óljóst og vanrannsakað hvernig þingmönnum er ætlað að ná þessum markmiðum. Þessari rannsókn er ætlað að brúa það þekkingarbil. Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi: (1) Hver eru markmið alþjóðlegra þingmannasamtaka? (2) Hverjar eru skyldur þingmanna sem skipaðir eru í alþjóðleg þingmannasamtök til að uppfylla þessi markmið? (3) Hver er geta þingmanna til að uppfylla sett markmið með þátttöku þeirra í starfi alþjóðlegra þingmannasamtaka er lúta að því að hafa áhrif á ákvarðanatöku og stefnumótun ríkisstjórna heimalanda sinna? (4) Hvernig geta alþjóðleg þingmannasamtök og þjóðþing betur tryggt að þingmenn geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart alþjóðlegum þingmannasamtökum? Rannsóknarverkefnið byggir á eigindlegum rannsóknaraðferðum í formi hálf-staðlaðra viðtala við sitjandi og fyrrverandi þingmenn og embættismenn í fjórum löndum. Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar byggja á þemagreiningu á fyrsta tilvikinu í stærri samanburðarrannsókn, Alþingi Íslendinga. Helstu niðurstöður eru þær að íslenskir þingmenn telja alþjóðastarf Alþingis ekki nægilega vel ofið inn í störf þingsins til að þekkingin og reynslan úr alþjóðastarfinu geti skilað sér í þingstörfin heima, og þeir geti uppfyllt markmið þeirra alþjóðlegu þingmannasamtaka sem þeir eiga sæti í. Þeir telja einnig að neikvætt almenningsálit á aðkomu þingmanna að utanríkismálum hafi mikil áhrif á vilja þeirra til að sinna alþjóðastarfinu af krafti.

## Valdajafnvægi eða ójafnvægi? Samvinna sendiráða og viðskiptaráða á fjarlægum markaði

Bryndís Ólafsdóttir, Erla Sólveig Kristjánsdóttir

Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild

Alþjóðlega samkeppnisumhverfið hvetur til samvinnu ólíkra samstarfsaðila. Þessi rannsókn veitir innsýn í eðli og gangverk samstarfs norrænna aðila í sendiráðum og viðskiptaráðum, sem styðja fjölþjóðleg fyrirtæki og útflytjendur við markaðsaðgang í Japan. Rannsóknin er eigindleg og byggir á fjórtán hálfopnum viðtölum við viðmælendur frá þremur Norðurlöndum: Danmörku, Íslandi og Svíþjóð, flest tekin í Japan. Það eru rótgróin tengsl milli annars vegar (hálf)opinberra viðskiptaskrifstofa sendiráða eða utanríkisráðuneyta og hins vegar viðskiptaráða sem eru frjáls félagasamtök sem vinna að hagsmunum fyrirtækja á markaði (oft staðsett í sendiráðum). Hlutverk þeirra og aðgengi að viðskiptaumhverfinu og stofnanaumhverfinu í heimalandinu og erlendis er í eðli sínu ólík. Byrjunarniðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að starfsmenn nýti sér styrkleika sem hver stofnun býr yfir til að aðstoða fyrirtækin og fela í sér ákveðna verkaskiptingu. Þau vísa á hvert annað til að bjóða sem besta fyrirgreiðslu í þjónustu við fyrirtækin. Þannig vísar sendiráðið fyrirtækjum á viðskiptaráðið fyrir greiðara aðgengi að viðskiptasamfélaginu, á meðan viðskiptaráðið vísar fyrirtækjum á sendiráðið til að fá betra aðgengi að yfirvöldum. Samskipti þeirra eru bæði formleg og óformleg en upplifun viðmælenda bendir til þess að það sé ákveðin togstreita og valdaójafnvægi í samskiptum þeirra þar sem sendiráðið hefur sterkari valdastöðu bæði í félagslegu- og stjórnmálalegu samhengi. Rannsóknin sýnir einnig mikilvægi lögmætis og stöðutengdra yfirburða í valdakerfinu til að opna á aðgengi að hagsmunaðilum sem kenningar sýna að tengist bæði stigveldi og tengslaneti. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar er byggður á stofnanakenningum, félagsauðs- og tengslanetskenningum, til að draga ályktanir varðandi samstarf þeirra, lögmæti og valdajafnvægi.

## Er Ísland með her?

Bjarni Már Magnússon, Magnús Skjöld

Háskólinn á Bifröst

Í kjölfar stríðsreksturs Rússands á hendur Úkraínu hafa ýmsar spurningar vaknað um öryggi og varnir íslenska ríkisins. Yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda er að Íslands sé herlaust ríki sem er nokkuð sérstök staða fyrir aðildarríki NATO sem tekur þátt í margvíslegum verkefnum á sviði varnar- og öryggismála. Í erindinu verður varpað ljósi á hvaða stofnanir sinna varnar- og öryggistengdum verkefnum hérlendis, t.d. á sviði netvarna og spurt verður hvort Ísland sé með vísi að her þó hann hafi formlega séð ekki verið settur á laggirnar með lögum. Markmið erindisins er því að lýsa uppbyggingu varnarmála hérlendis en margt er ógegnsætt í þeim efnum. Einnig verður velt upp hvers vegna svo sé. Þar að auki verður gerður samanburður við hernaðargetu nokkurra ríkja í Evrópu með sambærilegan íbúafjölda og Ísland.Erindið mun í nokkru mæli taka stöðu Landhelgisgæslu Íslands til skoðunar en stofnunin gegnir veigamiklu hlutverki í vörnum landsins eins og skilmerkilega er lýst á vefsíðu hennar. Samt sem áður er ekki minnst á varnarmál í lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæsluna og ekki er minnst á stofnunina í varnarmálalögum nr. 34/2008 þrátt fyrir að Landhelgisgæslan sé lykilstofnun fyrir framkvæmd varnarmála. Ofan á þetta bætist að varnarmál heyra undir utanríkisráðherra en Landhelgisgæslan heyrir undir dómsmálaráðherra. Í því samhengi vakna stjórnskipulegar spurningar um ábyrgð á varnarmálatengdri starfsemi Landhelgsgæslunnar. Auk verkefna Gæslunnar hafa íslenskir ríkisborgarar sinnt hernaðartengdum verkefnum víða erlendis, jafnvel á átakasvæðum, undir hatti NATO og íslensku friðargæslunnar. Í þeim verkefnum hafa Íslendingar borið hernaðarlega tign, verið í herklæðum og jafnvel undir vopnum.

## „Eiga átta til fjórtán ára börn að aka dráttarvélum?“: Banaslys á íslandi vegna notkunar dráttarvéla 1918-2024

Jónína Einarsdóttir, Geir Gunnlaugsson

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands

Samkvæmt rannsóknum víða um heim lenda börn sem alast upp til sveita eða dvelja þar oft í vinnutengdum og óvinnutengdum slysum. Dráttarvélin er oft orsakavaldurinn. Á tímabilinu 1958-1988 voru engin lög um lágmarksaldur ökuþóra dráttarvéla utan vega á Íslandi. Markmiðið er að skoða banaslys í landbúnaði vegna notkunar dráttarvéla á Íslandi frá 1918 til 2024. Stuðst er við fréttir dagblaða af banaslysum, frásagnir fólks sem fór í sveit í æsku af dráttarvélum og umræður á Alþingi um aðgerðir gegn dráttarvélaslysum. Börn misstu lífið í rúmlega helmingi 81 banaslyss vegna dráttarvéla og voru langflestir karlkyns. Um 75% allra slysanna varð 1955-1988 og var dánartíðni barna rúmlega fjórum sinnum hærri en fullorðinna á tímabilinu. Fyrrverandi börn í sveit sögðu frá óttablandinni aðdáun á dráttarvélum. Meirihluti Alþingmanna hafnaði kröfum um lög um lágmarksaldur. Sumir nefndu að bændur skorti vinnuafl, börn væru góðir ökuþórar og fús til verksins. Einstaka þigmaður hafnaði fullyrðingum um að börn dæju oftar en fullorðnir í dráttarvélaslysum. Engin talaði gegn lágmarksaldri þegar ný umferðarlög voru samþykkt 1987. Síðan þau lög tóku gildi 1988 hefur ekkert barn sem var ökuþór dáið í dráttarvélaslysi. Mikilvægt er að skoða aðstæður slysa, meta getu ökuþóra og að fylgja öryggisferlum og lagaramma til að koma í veg fyrir slys vegna dráttarvéla.

## „Við höfum svolítið þurft að prófa okkur áfram“

**Jónína Sæmundsdóttir**

Menntavísindasvið H.Í

Á undanförnum árum höfðu ýmsir aðilar bent á brotalamir í samræmingu milli þeirra aðila og stofnana sem veittu stuðning vegna barna með sérstakar þarfir svo og aðgang að slíkri aðstoð. Ein af afleiðingum þessa gat verið mjög mikið álag á foreldra barnanna sem gjarnan þurftu að berjast fyrir og halda utan um aðstoðina/stuðninginn. Nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna var ætlað að ráða bót á þessum vanda og samkvæmt þeim skulu öll börn hafa svonefndan tengilið á fyrsta stigi þjónustu/grunnþjónustu og ef þarfir barns reyndust umfram það skyldi barni skipaður málsstjóri. Nú er verið að innleiða lögin og hafa fjögur sveitarfélög verið valin sem frumkvöðlasveitarfélög.Kynntar verða fyrstu niðurstöður lítillar megindlegrar rannsóknar sem var gerð með því markmiði að kanna reynslu lykilaðila í tveimur þessara sveitarfélaga af framkvæmd laganna.Tekin voru hálfopin viðtöl við 6 lykilaðila, og voru fimm þeirra tengiiðir eða málsstjórar. Gögnin voru greind í samræmi við þemagreiningu og stuðst við kenningu Bronfenbrenner.Fyrstu niðurstöður sýna að lögin eru ennþá í innleiðingarfasa og þurfti fólk, einkum í byrjun að prófa sig talsvert áfram með vinnubrögð auk þess sem stofnanir voru komnar mislangt í innleiðingu sem gat valdið erfiðleikum. Lögin virtust þó vera að skila tilætluðum árangri hvað varðar greiðari aðgang og minni hindranir/betri samræmingu milli þjónustuaðila, auk auðveldari deilingu mikilvægara upplýsinga. Í sveitarfélögunum hafði góð teymisvinna verið þegar til staðar svo viðmælendur sögðust ekki finna mikla breytingu í þeim efnum en nokkrir töldu sig þó finna fyrir talsvert auknu vinnuálagi

# Orðræðan um líkamsrefsingar barna

Ingólfur V. Gíslason

Félagsfræði- , mannfræði- og þjóðfræðideild. Háskóli Íslands

Árið 2009 samþykkti Alþingi lög sem bönnuðu líkamsrefsingar barna. Þetta gerðist áttatíu árum eftir að fyrst var lagt fram frumvarp á Alþingi um slíkt bann. Það frumvarp var fellt á jöfnum atkvæðum. Rannsóknin sem gerð verður grein fyrir fjallar um þróun orðræðu um stöðu barna, umræðum á Alþingi um líkamsrefsingar barna og þróun laga og lögreglusamþykkta um málið. Auk þess verður fjallað um viðhorf til líkamsrefsinga í útgefnum bókum um uppeldi barna og einnig hvernig líkamsrefsingar birtast í bókum fyrir börn. Rannsóknin snýr að því að meta hvernig orðræðan um stöðu barna breytist á nokkrum sviðum á svipuðum tíma líkt og Foucault taldi einkenna þróun orðræðu. Sjá má samtvinnun lagalegra breytinga, ráðlegginga uppeldisrita og texta barnabóka frá lokum 19. aldar og fram til dagsins í dag. Aðrar niðurstöður eru að miðað við orðræðuna eru það mæður sem refsa og álitið að það væru fyrst og fremst drengir sem þyrfti að refsa líkamlega. Það birtist líka í því að meðan ákvæði voru í lögum um hýðingar barna og ungmenna, voru refsingar drengja þyngri en stúlkna.

# Fjölskyldustefna í framkvæmd: Hvernig styður barnabótakerfið ólíkar fjölskyldur?

Guðný Björk Eydal[1], Arnaldur Sölvi Kristjánsson[2]

[1] Félagsráðgjafardeild
[2] Hagfræðideild

Stuðningskerfi bóta vegna barna var upprunalega mótað á árunum 1946-1970. Kerfið er um margt sérstakt og hefur ekki fylgt þróun á öðrum Norðurlöndum, hvorki á sviði barnabóta né meðlagsgreiðslna. Þrátt fyrir þessa kyrrstöðu þá hafa á liðnum árum verið gerðar nokkrar mikilvægar breytingar á barnabótkerfinu, einkum varðandi skerðingarmörk. Í erindinu verður fyrst gerð grein fyrir megineinkennum íslenska bótakerfisins og nýlegum breytingum á barnabótakerfinu. Þá er fjallað um hvernig þessar breytingar hafa breytt útreikningi barnabóta til ólíkra barnafjölskyldna og spurt hvort þær hafi leitt til aukins stuðnings við þær? Til að svara spurningunni verða skattagögn greind, auk þess sem aðferðum bóta- og fjölskyldulíkanna verður beitt til að varpa ljósi á áhrif breytinganna á kjör ólíkra barnafjölskyldna. Niðurstöður sýna m.a. að skerðingarmörk barnabóta hafa hækkað umtalsvert og skerðingarhlutföll hafa lækkað, en um tíma voru barnabætur skertar með viðbótarskerðingu. Breytingarnar hafa almennt leitt til þess að fleiri fá greiðslur en áður var og þær greiðast því til foreldra ofar í tekjustigunum en áður var. Þrátt fyrir að heildarútgjöld hafi vaxið í krónum talið hafa útgjöldin þó ekki hækkað í hlutfalli við landsframleiðslu.

## Áskoranir og tækifæri í innleiðingarferli farsældarlaganna: Sýn leiðtoga úr þremur sveitarfélögum

Oddný Sturludóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Greina má aukna vitund um mikilvægi þverfaglegrar samvinnu um menntun og farsæld barna á alþjóðavettvangi. Með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna árið 2021 stíga íslensk stjórnvöld markvert skref en þau kveða á um að fagfólk og stofnanir samfélagsins skuli samhæfa aðgerðir í þágu barna. Í þessu erindi er fjallað um niðurstöður fyrsta hluta tilviksrannsóknar um innleiðingu farsældarlaganna. Tilgangur fyrsta hlutans er að varpa ljósi á hvaða breytingar hafa orðið á umgjörð og skipulagi sveitarfélaga í kjölfar laganna og hvaða sýn leiðtogar í innleiðingarferlinu hafa á innleiðingu laganna, tækifærin sem í þeim felast og áskoranir sem upp hafa komið. Tekin voru viðtöl við 12 lykilmanneskjur í stjórnsýslu skóla-, frístunda- og velferðarsviða þriggja sveitarfélaga. Fyrstu niðurstöður leiða í ljós að töluverðar stjórnkerfisbreytingar hafa átt sér stað og viðmælendur lýsa margs konar nýbreytni og þróunarstarfi í því skyni að samhæfa starfsemi ólíkra stofnana og sviða. Viðmælendur deila sýn á mikilvægi laganna og hafa miklar væntingar til þess að þau stuðli að farsæld barna. Ýmsar áskoranir blasa þó við: Óánægju gætir með skort á skilningi á eðli skólastarfs af hálfu stjórnvaldsstofnunarinnar sem styðja á við innleiðingarferlið. Aðrar áskoranir hafa einkennt ferlið, kerfislægar, tæknilegar sem og faglegar. Niðurstöður rannsóknarinnar munu nýtast stefnumótunaraðilum og fagfólki til að styðja við innleiðingu farsældarlaganna.

## Decade+ of Multifaceted Migration Violence Hindering Refugee Men's Aspiration for Fatherhood

Solveig Björk Sveinbjörnsdóttir[1], Guðbjörg Ottósdóttir[1], Unnur Dís Skaptadóttir[2]

[1] Félagsráðgjafadeild - Háskóli Íslands
[2] Félags-Mannfræði- og þjóðfræðideild - Háskóli Íslands

This article explores the experiences of male refugees from Sub-Saharan Africa and Central Asia who have settled in Iceland, their forced migration journey, and how it has influenced their aspirations for fatherhood. Despite Iceland´s reputation as a gender-egalitarian and anti-racist country, it, like other Nordic countries, has only partially acknowledged the impact of its colonial past on the current racialization of refugees. This study is part of a Phd project that uses qualitative methods such as interviews to understand how migrants' experiences shape their fertility decisions and childbearing behaviour. This article focuses on the narratives, of four cis men refugees, Karim, Abed, Umar, and Mohammed, to illustrate how the violence, structural barriers, and discrimination they have faced, rooted in the colonial past, continue to affect their migration journey and current lives, hindering their aspiration for fatherhood and family life. By examining their migration narratives, the authors challenge the negative media discourse that portrays male refugees as burdensome and criminals. The study findings reveal that various forms of historical violence rooted in the colonial legacy have caused over a decade of suffering, hindering their desire to reproduce, become fathers and the provision of fatherhood.

## “Not someone who behaves like everyone else”: How expectations and identity intersect to affect reproductive choices

Margaret Anne Johnson

Félagsfræði, stjórnmálafræði, kynjafræði

Lately, contemporary society is experiencing an increase in people choosing to remain childfree where motherhood is framed as a personal choice. Studies representing predominantly white, middle-class women attest to this trend. However, while society continues to uphold the ideal of the heteronormative family, less is known about the choice not to have children from marginalised groups in society and whether identity is a salient predictor in their reproductive choice-making. Qualitative, in-depth interviews were taken with nineteen individuals living in Iceland who have chosen to remain childfree. By viewing the results through an intersectional lens, we explore the sociopolitical factors influencing marginalised individuals to remain childfree. We argue that people from marginalised groups receive less encouragement from society to have children. The results suggest that family orientation, physical and emotional capability, and cultural integration play a significant role in reproductive decision-making. The sources offer valuable insight into the shift in societal attitudes toward reproductive choices and the freedom to exercise reproductive autonomy. We contend that while some individuals make their reproductive choices freely, others are influenced by preconceived sociopolitical expectations and normative ideals of parenthood.

## Tengsl viðhorfa til foreldrahlutverksins og ákvarðana um barneignir

Ásdís Aðalbjörg Arnalds[1], Sunna Kristín Símonardóttir[2]

[1] lektor við Félagsráðgjafardeild
[2] nýdoktor og aðjúnkt í félagsfræði

Lækkandi fæðingartíðni á Vesturlöndum má rekja til ýmissa félagslegra þátta auk viðhorfsbreytinga gagnvart barneignum. Ástæður lækkandi fæðingartíðni á Íslandi hafa hins vegar lítið verið rannsakaðar. Í erininu er fjallað um niðurstöður nýrrar rannsóknar sem beinist að því að skoða hugmyndir fólks um foreldrahlutverkið og hvernig þær tengjast ákvörðunum um barneignir. Rannsóknir hafa sýnt að ákaft uppeldi (intensive parenting), sem einkennist af mikilli þátttöku og fjárfestingu í lífi barna, hefur orðið sífellt algengara í nútímasamfélagi. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast skilning á því hvort og þá hvernig slíkar hugmyndir móta ákvarðanir fólks um hversu mörg börn það eignast eða ætlar sér að eignast. Niðurstöður byggja á greiningu gagna sem aflað var með könnun sem lögð var fyrir fólk á aldrinum 25 til 45 ára úr netpanel Félagsvísindastofnunar haustið 2024. Spurningalistinn tekur á ýmsum þáttum viðhorfa til þess hvað það þýðir að vera gott foreldri, svo sem hvað fólki finnst að foreldrar ættu að verja miklum tíma og fjármagni í uppeldið og hvort foreldrar ættu að setja þarfir barna framar sínum eigin þörfum. Niðurstöður sýna að barnlaust fólk er líklegra en barnafólk til að telja barneignir hefta frelsi foreldra. Greining á svörum þeirra sem ekki áttu börn sýndi að áform um barneignir voru ólíklegri meðal þeirra sem töldu að gerðar séu of miklar kröfur til foreldra og þeirra sem telja foreldra aldrei fá hvíld frá börnum sínum. Niðurstöður munu veita innsýn í það hvort aukin áhersla á ákaft uppeldi geti verið einn skýringarþáttur lækkandi fæðingartíðni á Íslandi.

## Hvað skýrir aukna fæðingartíðni í Covid?

Sunna Símonardóttir[1], Ásdís Arnalds[2]

[1] Félagsfræði- mannfræði- og þjóðfræðideild
[2] Félagsráðgjafardeild

Síðastliðinn áratug hefur fæðingartíðni á Íslandi verið allt að því í frjálsu falli. Yfirleitt er miðað við að hver kona þurfi að eignast sem nemur 2,1 barni á lífsleiðinni til þess að viðhalda mannfjöldanum. Árið 2022 var fæðingartíðnin komin niður í 1,59 börn. Fram til ársins 2014 hafði fæðingartíðnin aldrei farið neðar en 1,93 börn og á þrjátíu ára tímabili þar á undan var fæðingartíðnin að meðaltali 2,1 barn. Þessi þróun er þó alls ekki bundin við Ísland og sést mjög sambærileg þróun á hinum Norðurlöndunum. Það sem fyrst og fremst útskýrir þessa þróun er seinkun foreldrahlutverksins, þ.e. fólk bíður með að eignast sitt fyrsta barn og fleiri velja að eignast ekki börn. Árið 2021 sker sig þó úr, því á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn stóð sem hæst, hækkaði heildarfrjósemi á Íslandi óvænt úr 1,72 í 1,82. Aukinn fjöldi fæðinga kom í kjölfar mikilvægra umbóta á íslensku fæðingarorlofslöggjöfinni sem fól í sér lengingu orlofsins úr 10 í 12 mánuði. Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar þar sem greining á gögnum Hagstofunnar og rýnihópaviðtöl við foreldra sem eignuðust barn árið 2021 voru notuð til að kanna hvort og þá hvernig umbætur á fæðingarorlofi og samfélagsbreytingar tengdar heimsfaraldri mótuðu ákvörðun foreldra um að eignast barn árið 2021. Niðurstöður benda til þess að lenging fæðingarorlofs hafi ekki haft teljandi áhrif, en samfélagsleg áhrif faraldursins hafi skapað ákjósanlegar aðstæður fyrir suma foreldra til þess að eignast barn.

## Samanburður á frjósemi íslenskra og pólskra kvenna eftir búsetulandi og uppruna, 2017-2022

Ari Klængur Jónsson

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Undanfarinn rúman áratug hefur frjósemi á Íslandi lækkað mikið. Fæðingartíðnin var 2,2 börn á ævi hverrar konu árið 2010 en 1,59 börn 2023. Á sama tíma hefur hlutfall innflytjenda af mannfjölda á Íslandi margfaldast. Tæplega fimmti hver er innflytjandi nú, samanborið við 8% árið 2010. Þrátt fyrir það er lítið vitað um frjósemi eftir uppruna íbúa og möguleg áhrif fólksflutninga erlendis frá á útreiknaða fæðingartíðni hefur ekki verið skoðuð.Markmiðið með rannsókninni er að varpa ljósi á frjósemi pólskra kvenna á Íslandi á árunum 2017—2022. Niðurstöður eru annars vegar settar í samhengi við fæðingartíðni í Póllandi og hins vegar fæðingartíðni meðal kvenna sem fæddar voru á Íslandi. Fæðingartíðni er reiknuð út frá örgögnum Hagstofu Íslands en um er að ræða hefðbundinn útreikning á fjölda barna á ævi hverrar konu (Total Fertility Rate). Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að konur búsettar á Íslandi en fæddar í Póllandi hafi lægri fæðingartíðni en bæði konur fæddar á Íslandi og konur sem voru búsettar í Póllandi á sama tímabili. Árin 2017 og 2018 var fæðingartíðni pólskra kvenna áþekk, hvort sem var á Íslandi eða í Póllandi, en síðastliðin ár hefur dregið í sundur með hópunum. Árið 2022 var fæðingartíðni í Póllandi 1,29 börn á hverja konu en 0,89 meðal pólskra kvenna á Íslandi. Á sama tíma var fæðingartíðnin 1,72 á meðal íslenskra kvenna. Niðurstöður gefa til kynna að búferlaflutningar fólks erlendis frá hafi lækkað fæðingartíðni á Íslandi en eru í samræmi við niðurstöður rannsókna sem sýna að þjóðfélagsstaða fólks hafi áhrif á frjósemi.

## Öldrun á Norðurslóðum: Umhverfi utandyra í stefnum stjórnvalda í fjórum löndum

**Anastasia Emelyanova[1], Bodil H Blix[2], Agneta Larson[3], Steinunn A. Ólafsdóttir[4], Arja Rautio[5]**

[1] Thule Institute, University of Oulu
[2] Department of health and care sciences, UiT The Arctic University of Norway; Faculty of education, arts and sports, Western Norway University of Applied Science
[3] Division of Health, Medicine and Rehabilitation, Luleå University of Technology
[4] Námsbraut í sjúkraþjálfun við Læknadeild Háskóla Íslands
[5] University of Oulu and Arctic Health, Faculty of Medicine, University of Oulu

Undanfarin ár hefur opinber umræða um hækkandi aldur íbúa á Norðurslóðum farið vaxandi en hvernig hyggjast stjórnvöld bregðast við og/eða koma til móts við aldraða á þessum svæðum? Markmið okkar var að greina og bera saman stefnur um málefni aldraðra í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi með áherslu á aðgengi í umhverfi utandyra. Greiningin varpar ljósi á ríkjandi viðhorf til eldra fólks og öldrunar og greinilegar gloppur í stefnum þessara stjórnvalda, sérstaklega þegar horft er til nyrstu svæða og dreifbýlis á Norðurslóðum.Niðurstöður okkar sýna að aðgengi á svæðum utandyra og áskoranir sem eldra fólk stendur frammi fyrir, sérstaklega í dreifbýli á Norðurslóðum, eru ekki til umfjöllunar og virðist þessi hópur vera afskiptur í stefnum stjórnvalda þessara landa. Mjög almennt er fjallað um aðgengi utandyra og ekkert um sértækar áskoranir á Norðurslóðum s.s. óblítt veðurfar, langa vetur, skammdegi og myrkur og miklar vegalengdir í dreifbýli. Við teljum að þessi yfirsjón stafi af þekktri slagsíðu líkt og ´þéttbýli-dreifbýli´ þar sem þéttbýlissvæði fá meiri athygli en dreifbýli; ´suður-norður´ þar sem syðri svæði hafa meiri forgang en nyrðri; ´inni-úti´ með meiri áherslu á þarfir aldraðra innandyra en utan; og ´alhæfing´ þar sem oft er litið á eldra fólk sem einsleitan hóp fólks með svipaðar þarfir.Það er von okkar að stjórnvöld endurskoði stefnur í öldrunarmálum á Norðurslóðum og tryggi að íbúar hafi aðgengi að öruggu og inngildandi svæðum utanhúss, á öllum landsvæðum norðurlandanna, þar með talið í dreifðum byggðum á Norðurslóðum.

# The Role of Community Engagement in community wellbeing

Rannveig Ólafsdóttir[1], Anna Guðrún Edvardsdóttir[2]

[1] Department of Geography and Tourism studies, Institute of Life and Environmental Sciences, University of Iceland
[2] Department of Aquaculture and Fish biology, Hólar University, Iceland

Arctic regions are experiencing rapid changes driven by expanding industrial development and human-induced pressures. The absence of public involvement in land-use planning and decision-making jeopardizes effective implementation of strategies where adaptation goals require an urgent shift in socio-economic systems. This project investigates how community engagement can enhance local wellbeing and the role of PPGIS in identifying land-use conflicts and their underlying causes, with a focus on the Westfjords of Iceland. The findings reveal a strong local desire to engage in planning and decision-making, although communities are seldom viewed as partners in industrial development. While large-scale industries prove economically sustainable, they often lack the social sustainability crucial for the long-term viability of these communities. This highlights the critical role of local participation in ensuring community sustainability and wellbeing. By exploring the intersection of land-use conflicts and public participation in rural Arctic settings, the results sheds light on the challenges and opportunities these communities face, highlighting the necessity of inclusive, collaborative decision-making processes that prioritize community wellbeing and environmental stewardship

## Staðargæði nýrra íbúðarhverfa

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Stjórnmálafræðideild HÍ, Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ

Í erindinu er fjallað um aðferðir við mat á staðargæðum nýrra íbúðarhverfa og greint frá fyrstu niðurstöðum úr úttekt sem framkvæmd var síðsumars 2024. Úttektin tók til íbúðarhverfa, 5-20 hektarar, þar sem skráðar voru a.m.k. 50 nýjar íbúðir á árabilinu 2015-2019. 23 hverfi reyndust uppfylla framangreind skilyrði, í 10 sveitarfélögum, þar af fimm á höfuðborgarsvæðinu og fimm utan þess. Úttektin var framkvæmd af teymi átta reyndra sérfræðinga í borgarhönnun og skipulagsfræði ásamt rannsakandanum.Í úttektinni er beitt greiningarlykli sem samanstendur af 15 þáttum. Hver og einn þeirra segir til um tiltekin gæði í byggð og umhverfi. Samanlagt er greiningarþáttunum 15 ætlað að gefa heildstæða og samanburðarhæfa mynd af staðargæðum íbúðarhverfa.Úttektin byggir á fyrirmynd Housing Design Audit sem framkvæmd var á 142 nýjum íbúðarhverfum í Englandi árið 2020, en greiningarlykillinn sem var beitt þar hefur verið uppfærður og staðfærður fyrir úttekt á staðargæðum íbúðarhverfa hér á landi.Úttektin er hluti rannsóknar á bolmagni sveitarfélaga í skipulagsmálum. Rannsóknarverkefninu er ætlað að varpa ljósi á bolmagn íslenskra sveitarfélaga í skipulagsmálum og leggja til nýja þekkingu til að efla og viðhalda gæðum í hinu byggða umhverfi og bolmagni í skipulagsgerð sveitarfélaga. Verkefnið beinist annars vegar að stjórnsýslu skipulagsmála og þekkingu og skilningi á ákvarðanatöku sveitarfélaga í skipulagsmálum. Hins vegar beinist það að gæðum skipulagsákvarðana út frá mati á gæðum hins byggða umhverfis í nýlegum íbúðarhverfum.Úttektin getur lagt grunn að verkfæri sem íslensk sveitarfélög geta beitt við mat á gæðum skipulagstillagna og jafnframt verið grundvöllur að reglubundnum úttektum á staðargæðum nýrra íslenskra íbúðarhverfa.

# Menntun og þjálfun landvarða og leiðsögumanna á Íslandi: Sjónarmið og áskoranir

Gudmundur Bjornsson

Líf- og umhverfisvísindadeild / Land- og ferðamálafræðideild

Þessi rannsókn miðar að því að kanna menntun, þjálfun og starfshætti landvarða og leiðsögumanna á Íslandi, með sérstakri áherslu á hlutverk þeirra í öryggismálum, umhverfistúlkun og sjálfbærri náttúruferðamennsku. Niðurstöður benda til að umhverfistúlkun sé mikilvægur þáttur í daglegu starfi þessara aðila, þar sem hún stuðlar að aukinni vitund ferðamanna um náttúruvernd. Vísbendingar eru um að þó að fagfólk leggi áherslu á mikilvægi þessara þátta, sé skortur á markvissri þjálfun og stuðningi, sérstaklega varðandi símenntun, eftirlit og öryggisáætlanir.Einnig er vísbendingar um að margir leiðsögumenn og landverðir upplifi aukið álag og streitu vegna aukinnar umferðar ferðamanna, auk þess sem áskoranir tengdar náttúruvernd og lagalegum skyldum eru áberandi. Bent er á að betri samskipti og samstarf við aðra hagsmunaaðila innan ferðaþjónustunnar, ásamt aukinni fjárfestingu í þjálfun og öryggismálum, gætu stuðlað að bættri fagmennsku og auknu öryggi.Niðurstöður gefa vísbendingar um mikilvægi þess að leggja enn meiri áherslu menntun, færni og þjálfun aðila til að mæta nýjum áskorunum í ferðaþjónustu og náttúruvernd og auka getu landvarða og leiðsögumanna til að takast á við fjölbreyttari og krefjandi verkefni í framtíðinni.

## Samfélagsleg áföll og farsæld barna

Ragnheiður Hergeirsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Á Íslandi eru náttúruhamfarir tíðari en víða um heim og áhrifa loftslagsbreytinga gætir hér í auknu mæli eins og annarsstaðar í heiminum. Samfélagsleg áföll geta haft margvísleg og langvarandi áhrif á líðan barna og aðstæður og skapað erfiðleika á fleiri en einu sviði. Rannsóknir benda til að börn upplifi aukin vandamál varðandi félagslega þætti, andlega líðan og námslega getu í kjölfar þess að upplifa náttúruhamfarir. Forvarnir og viðbúnaður, t.d. í formi fræðslu til barna, geta dregið úr áhættuþáttum og búið börn undir að takast á við aðstæður í kjölfar náttúruhamfara. Skólinn, í samstarfi við foreldra, getur þar gegnt mikilvægu hlutverki. Í erindinu verður sagt frá yfirlitsrannsókn þar sem stuðst var við fyrirliggjandi gögn og þau skoðuð m.a. með hliðsjón af nýlegum lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Leitað var svara við spurningunum: 1) Hvernig fræðsla og hvaða aðferðir hafa reynst vel til að efla viðnámsþrótt barna á tímum samfélagslegra áfalla? 2) Hver er staðan hér á landi hvað varðar fræðslu til barna um samfélagsleg áföll og stuðning við þau í kjölfar slíkra áfalla? Fyrstu niðurstöður benda til þess að stofnanir sem þjónusta börn, s.s. skólinn, séu í lykilstöðu til að efla viðnámsþrótt meðal barna. Þá virðist skorta nokkuð á fræðsluefni hér á landi sem ætlað er að auka seiglu hjá börnum á tímum hamfara, hvort sem er efni fyrir börn eða efni ætlað fullorðnum til að styðja við börn.

## Mat á líðan barna og innleiðing á nýju vinnulagi

**Halldór S. Guðmundsson**

Félagsráðgjafardeild

Snemmtæk íhlutun og forvarnir skipta sköpum fyrir börn sem glíma við tilfinningalega eða hegðunarlega erfiðleika. Á Íslandi hefur ábyrgðin á mati og úrræðum fyrir líðan barna að mestu leyti legið hjá fræðslu-, velferðar- eða félagsþjónustu sveitarfélaga, en þátttaka skólanna sjálfra hefur verið minni. Hins vegar hafa biðlistar og tímafrek tilvísanaferli leitt til krafna um breytingar. Ein lausnin sem hefur verið rædd er að efla faglegt starf innan leik- og grunnskóla til að framkvæma frumathuganir og skimun á líðan barna.Í þessari kynningu er fjallað um innleiðingu nýs vinnulags innan fræðslu- og velferðarþjónustu sveitarfélags. Verkefnið fól í sér endurskoðun á vinnuferlum og fræðslu til starfsmanna skóla, svo þeir gætu sjálfir metið líðan barna þegar ástæða þótti til. Markmið breytinganna var að styrkja stuðning innan skólanna sjálfra og draga úr þörf fyrir tilvísanir til sérfræðiþjónustu utan skólans.Fyrstu niðurstöður síðustu fjögurra ára verða kynntar, með áherslu á líðan og helstu erfiðleikaþætti þeirra barna sem starfsfólk skólanna taldi þurfa á mati að halda. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi gagnreynds vinnulags og sérþjálfunar starfsfólks til að framkvæma og fylgja eftir frumathugunum á líðan og vanda barna.

## Starfsaðferðir samfélagsvinnu og þátttaka barna

**Hervör Alma Árnadóttir**

Félagsráðgjafadeild HÍ

Starfsaðferðir samfélagsvinnu í félagsráðgjöf hafa þótt árangursríkar sem viðbrögð við breytingum, áföllum og ógnunum í samfélaginu. Upphaf þeirra nálgana má rekja til seinni hluta 19. aldar og upphaf þeirrar 20. þegar frumkvöðlar félagsráðgjafar unnu að fjölbreyttum samfélagsverkefnum og notendasamráði til að stuðla að inngildingu jaðarsettra hópa í Bandaríkjunum. Á síðustu áratugum hafa þessar aðferðir átt undir högg að sækja á starfvettvangi félagsráðgjafa með aukinni áherslu á einstaklingsvinnu og einstaklingsmiðaðra nálganna. Markmiðið hér er að fjalla um hvernig og hvort aukin áhersla á kennslu í samfélagsvinnu og þátttöku notenda síðustu ára skili sér í vinnu félagsráðgjafa á vettvangi á tímum samfélagslegra ógnana. Því er spurt að hvort og að hvaða marki félagsráðgjafar á vettvangi beiti aðferðum samfélagsvinnu og þátttöku í störfum sínum? Gagna var aflað með spurningarlista sem lagður var fyrir alla nemendur á fimmta ári í félagsráðgjöf þegar þeir komu úr fimm mánaða starfsþjálfun af vettvangi í apríl 2024. Í niðurstöðum kemur fram að lítill hluti félagsráðgjafanema hafi kynnst samfélagsvinnu í starfsþjálfunni sinni. Í starfsþjálfuninni var áhersla á vinnu með einstaklingum sem leita eftir þjónustu. Þau samfélagsverkefni sem nemar kynntust voru fyrst og fremst fræðsluverkefni unnin af fagfólki með lítilli eða engri aðkomu íbúa. Í málstofunni verða niðurstöður ræddar og staðan metin. Mikilvægt er að auka umræðu um hvernig sé hægt að nýta aðferðir samfélagsvinnu til aukinnar þátttöku og farsældar barna á tímum samfélagsógnana.

# Creative ecosystems: social and material lives of aesthetic products

## Literary field/emotional landscape. Following Icelandic literary works from idea to publication

**Charlotte Christiansen**

Árni Magnusson Institute for Icelandic Studies

Between 2023 and 2024, I have conducted 12 months ethnographic fieldwork in Iceland with literary writers at different career stages. The overall research aim is to draw a 'literary anthropology of Iceland' with a focus on everyday creative writing practices and self-environment relations. This was explored through participant observation, document research, and semi-structured interviews with 16 writers, and interviews with other relevant actors.This paper zooms in on economic and emotional dimensions of different stages of literary production in Iceland, with the underlying premise that these dimensions are intimately related. Drawing on conversations with four anonymized writers, I explore how they describe the initial urge to write a text; the process of transferring atmospheres, themes, or inner words and sentences to paper or computer screen; people and objects that assisted (or obstructed) this process along the way, and lastly the mode of publishing and general reception of the work in Iceland and abroad. I seek to cast light on emotional states along the way, with key words such as urgency, volatility, frustration, pride, envy and affection. These insights are tentatively analyzed, inspired by affect theory, particularly Sarah Ahmed's book 'Cultural politics of emotion', Bourdieu's concept of the literary field, as well as comparison with literary fields in neighboring countries.

## Visual Arts in Iceland and Generative AI

**Marcello Milanezi**

University of Iceland

This research explores the visual arts in Iceland through the narratives of 15 artists, from fields like tattoo, graffiti, mixed media, painting and others. Their descriptions and stories allowed me to capture a their experience of creativity as both a conscious and unconscious endeavor, views on the social role that art play, positions on the nature of art and its condition in face of Iceland's neoliberal capitalism among other aspects. Likewise, the artists expose their views on generative AI, mostly careful on dismissing the new technology as simply negative for their field, they seem to consider certain possibilities to have AI as a tool or a new genre, at the same time they are wary of copyright issues and the acceleration of already existing problems regarding the commodification of the arts. Furthermore, I take on the position of art's fundamental importance to society, specifically as a semiotic gateway to new meanings and interpretations about society and wonder on the impact of having on-demand images that operate on the basis of copying samples on a finite database.

## ""The Language is the Dog Whistle"": Early Reflections on Migration and Boundary-Making in the Icelandic Writing Scene

Christopher Marcatili

Australian National University - PhD Candidate; Háskolí Íslands – Visiting Scholar

This paper explores the experiences of migrant writers attempting to participate in the Icelandic literary scene, drawing on ongoing ethnographic fieldwork conducted in Iceland. Through reflections from "Anthea", a composite character representing the perspectives of several migrant authors, I unpack the complex dynamics of exclusion and belonging in Iceland's literary community.The paper first examines the historical and contemporary significance of the Icelandic language to national identity, tracing how it has been positioned as a "treasure" to be protected. This context illuminates migrant writers' frustrations in trying to gain acceptance, as they encounter the perception that mastering the Icelandic language is the "key" to full inclusion, yet their efforts are often met with corrections, embarrassment, and a sense that they can never truly become "Icelandic."I then considers how the literary scene has emerged as a site of tension and potential change, where migrant writers are challenging the boundaries of belonging. By reviewing recent developments in Icelandic the publishing scene, along with literary awards and arts funding, 1 suggest that the literary sphere is becoming a space for resisting exclusionary linguistic and cultural gatekeeping and, indeed, dissecting the very notion of gatekeeping.Ultimately, this paper contributes to understandings of the complex interplay between language, national identity, and processes of inclusion/exclusion faced by migrants, as manifested in the dynamics of Iceland's literary community. It offers insights into how creative and cultural spaces can both reinforce and subvert dominant narratives of belonging.

# Frumkvöðlastarfssemi í ferðaþjónustu – sjálfbærni til framtíðar

## Þjónustugæði, orðspor og frammistaða

Magnús Haukur Ásgeirsson, Þórhallur Örn Guðlaugsson

Háskóli Íslands

Markmið rannsóknarinnar er að draga fram tengsl þjónustugæða og orðspors ivð frammistöðu. Allajafna eru þjónstugæði og orðspor mæld hvort í sínu lagi og því lítið vitað um samspil þeirra í tengslum við frammistöðu fyrirtækja. Hér verður kynnt niðurstaða rannsóknar sem byggir á þeirri hugmynd að mæla þjónustugæði, orðspor og frammistöðu samtímis, til þess m.a. að hægt sé að forgangsraða verkefnum sem skipta viðskiptavini mestu máli, þegar kemur að ánægju þeirra og tryggð. Niðurstöður byggja á gögnum sem safnað var frá gestum (n = 319) sem gistu á hótelkeðju á Íslandi í júní 2023. Helstu niðurstöður sýna að QRP líkanið (quality, reputation, performance), þ.e.a.s. samspil þjónustugæða og orðspors, útskýrir 57% (R2 = 0,57) af breytileika í frammistöðu. Þegar þjónustugæði og orðspor eru borin saman sýna niðurstöður að orðspor (□ = 0,51; P2 = 0,14) hefur sterkara einstakt framlag til að skýra breytileika en gæði (□ = 0,31; P2 = 0,05). Nokkuð sterk innbyrðis tengsl eru a milli þjónustugæða og orðspors (r = 0,68), sem gefur til kynna að þær séu báðar mikilvægar þegar spáð er fyrir um frammistöðu skipulagsheilda, þó orðspor hafi meira einstakt framlag en þjónustugæði.

# Vistkerfi frumkvöðla í krísu – Íslensk ferðaþjónustu á tímum COVID-19

**Íris Hrund Halldórsdóttir**

Líf og umhverfisvísindadeild - Háskóli Íslands; Rannsóknamiðstöð ferðamála

Ferðaþjónusta er þekkt fyrir að vera viðkvæm gagnvart breytingum í ytra umhverfi, en hún er þó talin mikilvægt afl til að efla byggð í dreifbýli. Seigla og aðlögunarhæfni er því lykilatriði til að tryggja sjálfbæra þróun ferðaþjónustunnar. Þessi fyrirlestur fjallar um hlutverk vistkerfis frumkvöðla (e. Entrepreneurial Ecosystem, EE) í því að auka seiglu íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja á erfiðum tímum. Til þessa eru nýtt gögn úr viðtölum við stjórnendur og frumkvöðla í ferðaþjónustu og einstaklinga úr stoðkerfi greinarinnar, í kjölfar COVID-19 faraldursins.Fyrirlesturinn dregur fram mikilvægi ríkisstyrkja og samstarfs milli ferðaþjónustufyrirtækja og hlutverk félagslegs stuðnings á tímum krísu. Jafnframt er fjallað um hvernig krísan knúði fyrirtæki til að þróa nýjar lausnir fyrir innlendan markað. Fyrirlesturinn sýnir hvernig ferðaþjónusta getur eflst með styrk frumkvöðlaumhverfisins og undirstrikar mikilvægi þess að byggja upp sterkari og aðlögunarhæfari atvinnugrein, fyrir framtíðina.

## Hvað einkennir starfsemi Airbnb í dreifðum byggðum?

**Birgit Leick[1], Susanne Gretzinger[2], Jie Zhang[3], Farhana Yeasmin[1], Vera Vilhjálmsdóttir[4], Guðrún Þóra Gunnarsdóttir[4]**

[1] Universitetet i Søraust-Noreg (USN)
[2] Syddansk Universitet
[3] Center for Regional- og Turismeforskning
[4] Rannsóknamiðstöð ferðamála

Á undanförnum árum hefur starfsemi Airbnb fengið meira vægi þegar kemur að þróun ferðaþjónustunnar en sú starfsemi byggir að miklu leiti á frumkvöðlastarfsemi einstaklinga og fyrirtækja sem starfa sem gestgjafar á þessum vettvangi. Fram til þessa hafa rannsóknir á Airbnb markaðnum að mestu beinst að starfsemi í borgum og bæjum en minna er vitað um áhrif Airbnb á minni og dreifbýlli samfélög.Í þessu erindi verður gert grein fyrir niðurstöðum rannsóknar meðal norrænna Airbnb gestgjafa á þremur dreifbýlissvæðum. Um er að ræða tilviksrannsókn sem byggir á svörum 64 Airbnb gestgjafa við stöðluðum viðtalsramma sem safnað var með símakönnun árið 2022 á eftirfarandi þremur dreifbýlissvæðum; Norðurlandi (Ísland), Norður-Jótlandi (Danmörk) og Nordland (Noregur). Markmið rannsóknarinnar var að skoða eðli frumkvöðlastarfsemi Airbnb gestgjafa, neyslu þeirra og fjárfestingar í dreifbýli.Niðurstöður sýna meðal annars að frumkvöðlastarfsemi af þessu tagi getur haft margvísleg jákvæð áhrif á sjálfbæra þróun samfélaga í dreifbýli. Í fyrsta lagi eykur hún framboð á gistirýmum á svæðum sem hafa ekki sömu þjónustuinnviði og borgir, í öðru lagi er Airbnb tekjulind sem getur skapað fjárhagslegan stöðuleika fyrir ákveðinn hóp gestgjafa og gerir þeim þar með kleift að búa og starfa áfram í sinni heimabyggð. Og í þriðja lagi dreifist hluti af þessum tekjum inn í nærsamfélagið með neyslu og fjárfestingum Airbnb gestgjafa sem getur haft jákvæð áhrif á seiglu og sjálfbærni samfélagsins.

# Háskólanám: gervigreind, vettvangsnám og munnleg próf

## Gervigreind og ójöfnuður í háskólanámi: Viðhorf félagsvísindanema á þröskuldi tæknibyltingar

Þóroddur Bjarnason, Thamar Heijstra

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands

Gervigreind hefur skapað margvísleg ný tækifæri til náms og kennslu. Nýjar útfærslur og öflugri gervigreindarforrit líta dagsins ljós á fárra vikna fresti og bilið eykst sífellt milli þeirra sem hafa tíma, peninga og áhuga á því að fylgja þróuninni eftir og hinna sem gera það ekki. Þótt kennarar óttis einkum að nemendur noti gervigreind til að svindla á prófum, heimaverkefnum eða í lokaritgerðum getur heiðarleg notkun hennar einnig skapað ójöfnuð milli nemenda. Þannig geturgervigreind aukið skilning á námsefni og færni við að nýta þá þekkingu. Með aðstoð gervigreindar geta notendur þannig skilað mun betri verkefnum með sambærilegu vinnuframlagi. Gervigreindin getur aðstoðað nemendur við að ná tökum á lesefni, útskýrt aðferðafræðileg vafaatriði, stutt við greiningu eigindlegra og megindlegra gagna og aðstoðað við yfirlestur og frágang námsverkefna. Í þessu felst umtalsverður ójöfnuður, hvort sem nemendur skila jafn góðum afurðum með mun minni fyrirhöfn ellegar mun betri afurðum með jafn mikilli fyrirhöfn. Könnun sem lögð var fyrir úrtak nemenda við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands í september 2024 leiddi í ljós að sjö af hverjum tíu svarendum nýtti gervigreind í námi og einn af hverjum tíu var áskrifandi að gervigreindarforriti. Nemendur notuðu gervigreind einkum til að útskýra tiltekin atriði eða taka saman námsefnið en mun síður til að skrifa texta. Þau sem nýttu gervigreind í námi voru líklegri til að telja notkun gervigreindar útbreidda og notaða til að svindla á námsmati. Þau sem ekki notuðu gervigreind voru líklegri til að telja hana hafa neikvæð áhrif á nám sitt og hafa skapað ójöfnuð milli nemenda.

## Leiðsögn í vettvangsnámi er verkefni okkar allra

Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir, Hulda Þórey Gísladóttir, Hafdís Hrönn Pétursdóttir

Iðjuþjálfunarfræðideild - Háskólinn á Akureyri

Einn mikilvægasti þáttur í menntun iðjuþjálfa og framtíð iðjuþjálfastéttarinnar er að starfandi iðjuþjálfar taki að sér hlutverk leiðbeinenda þar sem leiðsögn í vettvangsnámi veitir nemendum tækifæri til að tengja fræði og störf í raunaðstæðum. Takmarkaðar rannsóknir eru á þessu sviði einkum þegar kemur að stöðunni innan íslensks iðjuþjálfasamfélags. Tilgangur rannsóknarinnar var að öðlast þekkingu á hvað það er sem hvetur iðjuþjálfa til að gerast leiðbeinendur í vettvangsnámi, hvaða áskorunum þeir standa frammi fyrir og hvað styður þá í leiðbeinendahlutverkinu ásamt því að fá fram reynslu leiðbeinenda af fyrirkomulagi vettvangsnáms innan Iðjuþjálfunarfræðideildar Háskólans á Akureyri.Tekin voru fjögur rýnihópaviðtöl við 25 starfandi iðjuþjálfa. Þeim 60 iðjuþjálfum sem verið höfðu leiðbeinendur í vettvangsnámi iðjuþjálfanema skólaárin 2020-2021 og 2021-2022 var boðin þátttaka og fóru rýnihópaviðtölin fóru fram í lok maí og byrjun júní 2022. Innihaldsgreining (e. content analysis) var notuð til að greina gögnin. Niðurstöðurnar eru settar fram í þremur yfirflokkum: 1) Iðjuþjálfunarfræðideild HA, 2) leiðbeinandi og 3) vinnustaður leiðbeinanda. Undir hverjum flokki eru þrír flokkar sem sýna áhrifaþætti á leiðsögn í vettvangsnámi. Niðurstöðurnar sýna að leiðsögn í vettvangsnámi er sameiginlegt verkefni starfandi iðjuþjálfa, Iðjuþjálfunarfræðideild HA og vinnustaða sem eru mikilvægir liðir í menntun og nýliðun innan iðjuþjálfastéttarinnar.Að leiðbeina nemum styrkir fagvitund iðjuþjálfa og þar með stéttina í heild. Mikilvægt er að þróa áfram stuðning við leiðbeinendur frá Iðjuþjálfunarfræðideildinni og ekki síður vinnustöðum þar sem áríðandi er að litið sé á leiðsögn sem hluta af starfi iðjuþjálfa og gert ráð fyrir því í skipulagi vinnustaða.

## Chatbots in the classroom: Exploring AI usage among undergraduate students

David Loic Reimer, Thamar Melanie Heijstra

FMÞ, HÍ

Following the rapid introduction of Artifical Intelligence, particularly ChatGPT in November 2022, the academic community was compelled to respond to provide students and teachers help to navigate the usage of these tools. One of the main dilemmas for academic teachers is ensuring the authenticity of students' writing, and preventing the outsourcing of assignments to AI applications. Additionally, there is a need to educate students on the use of AI in a responsible way. This quantitative study surveyed UI undergraduate students about their AI use in relation to their studies. We provide a descriptive overview over the extent of AI usage for different types of tasks and assignments. Furthermore, students' pattern of AI usage are analysed according to their school affiliation, type of study enrollment, social background, gender and age. Preliminary findings reveal that around 60% of the undergraduate students have been using a chatbot. They rate their usage as moderate and predominatly use AI to define concepts and obtain information. However, 10% of the students indicate that they use AI to generate content for assignment work. Interestingly, just over half of the students were familiar with the University of Iceland website that informs students and teachers about the offically allowed or prohibited use of AI, with most learning about these issues from their teachers. These findings highlight the importance of an ongoing dialogue between teachers and students regarding AI use in their studies.

## Traditional or Active Learning Methods in Financial Education? A Randomized Controlled Trial

Sigurður Guðjónsson, Kari Kristinsson

University of Iceland

Financial literacy is vital for personal and societal well-being. This study aims to compare the effectiveness of two teaching methods—traditional lectures and active learning—under blinded experimental conditions. The research evaluates student learning during a 40-minute review session for an exam, with students randomly assigned to either a traditional lecture group or an active learning group. The study involved large groups of students (N = 48 and N = 62) in an introductory finance course. Despite the traditional lecture group covering more content, the results revealed no significant difference in learning outcomes between the two groups. This suggests that the method of delivery, whether traditional or active, does not significantly impact learning during the review session. These findings imply that educators have the flexibility to choose the teaching style that best suits their strengths or students' preferences, potentially enhancing the learning experience without compromising outcomes. Future research could explore whether these results hold across different subjects or educational levels, contributing to a broader understanding of optimizing teaching strategies for financial literacy and other critical skills.

# Munnleg lokapróf í háskólakennslu

**Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir**

Viðskiptadeild - Háskólinn á Akureyri

Munnleg lokapróf hafa marga kosti umfram hefðbundin skrifleg lokapróf. Í munnlegum prófum getur kennari betur metið heildarskilning nemanda á efninu þar sem hann getur betur spurt nemandann nánar út í námsefnið. Fyrir marga nemendur eru munnleg lokapróf betri kostur en skrifleg lokapróf þar sem þeir eiga auðveldar með að útskýra efnið munnlega en skriflega. Þá eru munnleg próf mikilvægur undirbúningur fyrir atvinnulífið, þau undirbúa nemendur við að tjá sig, útskýra og rökstyðja hina ýmsu þætti. Munnleg lokapróf eru þó aðeins brotabrot þeirra prófa sem nemendur þreyta í háskólum hér á landi. Í Háskólanum á Akureyri voru munnleg lokapróf einungis 5% af lokaprófum og í öðrum háskólum landsins voru þau á bilinu 5-51% af heildarfjölda lokaprófa. Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum rannsóknar þar sem ákveðið var að breyta námsmati í áfanga við Háskólann á Akureyri. Ákveðið var að fjölga námsþáttum og breyta lokaprófi frá skriflegu í munnlegt lokapróf. Markmiðið var að rannsaka hvort að munnleg lokapróf mætu betur þekkingu nemenda. Nemendur voru meðal annars spurðir, að loknu munnlegu prófi, hver upplifun þeirra hefði verið og hvernig undirbúningi fyrir prófið hefði verið háttað. Þá var spurt hvort þeir myndu kjósa, ef þeir mættu velja, munnlegt eða skriflegt lokapróf. Heilt yfir gekk nemendum vel í prófinu, meðaleinkunn var hærri en í skriflegu lokaprófi árið á undan, þrátt fyrir töluvert stress hjá sumum þeirra. Stór hluti nemenda eða tæplega 70% sagði að ef þau mættu velja myndu þau velja munnlegt lokapróf frekar en hefðbundið skriflegt lokapróf.

## Exploring the impact of persistent academic expectation upon higher educational pathways in Bissau, Guinea-Bissau

**Jon Edmund Bollom**

Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics, Háskóli Íslands

Persistent academic expectation and personal resilience are key drivers of student success in higher education (HE). Stable expectations of academic progress inform visualisations of continued study. Thus, students who maintain high academic expectations, particularly in the face of challenges, are typically considered more likely to sustain their momentum through HE. Conversely, volatile expectations of academic achievement incite repeated interruption to education pathways. Resilience, characterised by students' recovery in the face of setbacks, complements academic expectations, enabling students to navigate unanticipated challenges that might otherwise hinder academic progress. Expectation and resilience are consequently theorised as socio-economically impacted personality traits, wherein subsequent conceptions of the self as 'university material' impact student academic achievement.Drawing on survey data collected in late 2022 from university students in Bissau, Guinea-Bissau, this presentation explores the manner in which persistent academic expectation and resilience influence the continued pursuit of HE. The survey explores myriad aspects of students' personal and academic lives, across 69 variables. The study is the first of its kind in the setting, representing 2,255 responses from HE students from Bissau's six largest HE institutions. Focussing on the interaction between sustained expectation, resilience, and educational outcomes, this research underscores the importance of psychological factors in shaping academic success, and offers insight into potential interventions aimed at stabilising students' expectations of academic performance.

## Viðhorf Íslendinga til til félagsvísinda

**Stefán Hrafn Jónsson**

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Rannsóknin fjallar um viðhorf almennings til kennslu félagsvísinda í íslenskum háskólum og sýnir mikilvægi jákvæðra viðhorfa gagnvart þessum fræðigreinum. Svör þátttakenda í könnun Félagsvísindastofnunar voru greind til að meta viðhorf fólks til félagsvísinda ásamt öðrum greinum, svo sem félagsráðgjöf, viðskiptafræði, líffræði og læknisfræði. Í rannsókninni var fólk beðið um að taka afstöðu til fullyrðinga um mikilvægi kennslu þessara greina. Niðurstöður benda til þess að almenningur sé almennt sammála um mikilvægi félagsvísinda, sérstaklega þegar þau eru sett fram næst á eftir svokölluðum hagnýtum greinum félagsvísinda.Jákvæð viðhorf til félagsvísinda eru nauðsynleg til að tryggja að þau fái áframhaldandi stuðning og þróun í menntakerfinu. Félagsvísindi gegna mikilvægu hlutverki í því að skilja samfélagslega þróun, stefnumótun og mannleg samskipti, sem gerir þau að ómissandi hluta af menntun samtímans. Því er mikilvægt að auka skilning á gildi þeirra og efla jákvætt viðhorf gagnvart þessum fræðum. Þó ber að nefna að rannsóknin sýnir mismunandi viðhorf eftir þjóðfélagshópum. Marktækur munur greinist eftir menntun, aldri og stjórnmálaskoðunum. Niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að halda áfram umræðu um hlutverk félagsvísinda í samfélaginu, ekki síður fyrir fólk í stjórnkerfinu.

## Samruni háskóla – áhrifin á samlegð og haghafa

**Jón Snorri Snorrason**

Háskólinn á Bifröst

Á árinu 2023 var gerð fýsileikakönnun um hvort að sameina ætti háskólana á Bifröst og Akureyri. Yfirlýsingar ráðherra og rektora skólana gefa til kynna að unnið verði að þessari sameiningu á skólaárinu 2024-25. Tilgangur umfjöllunarinnar er að meta möguleg samlegðaráhrif og áhrif á haghafa. Horft verður til annarra landa og reynslu þeirra af sameiningum háskóla m.t.t. þessara þátta. Leitast verður við að byggja á niðurstöðum á þeim erlendu tilviksrannsóknum og þeim kenningum sem settar hafa verið fram í þessum efnum um sameiningar.Aðferðafræðin byggir á dæmisögu/tilviksrannsókn (e. single case study), sem byggir á fyrirliggjandi gögnum, s.s. skýrslum, kynningarefni og fýsileikaskýrslu stýrihóps háskólanna.Ekki er hægt að álykta um hver niðurstaðan verði af samruna háskólanna hér á landi en ef byggt er á niðurstöðum á erlendum tilviksrannsóknum frá Bandaríkjunum og Norðurlöndum mun hún sýna að sameiningin muni mæta mikilli andstöðu meðal hagahafa og að jákvæð samlegðaráhrif séu ofmetin og þau taki langan tíma að raungerast. Þessar erlendu niðurstöður gætu nýst stjórnendum og stjórnvöldum í þeirri vinnu sem framundan er og beint kastljósinu að þeim viðfangsefnum sem ber að hafa í huga þegar sameiningar háskóla eru annars vegar og snúa að áhrifum á haghafa og samlegð svo að sameiningin megi heppnast sem best.Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi um raunverulegar sameiningar og áhrif á haghafa og samanburð við helstu kenningar. Rannsóknin er því framlag til breytingarstjórnunar skipulagsheilda og um það hvernig þær geta staðið að samrunum svo vel til takist.

## Samruni háskóla í Evrópu: Ávinningur og áskoranir

**Verena Karlsdóttir**

HA

Á síðustu árum hafa samrunar háskóla aukist á alþjóðlegum vettvangi fræðastofnana. Markmið þessa erindis er að gefa innsýn í greiningu á samrunum innan Evrópu með því að draga saman niðurstöður fjölbreyttra rannsókna á þessu sviði. Hér er notast við kerfisbundið fræðilegt yfirlit til að greina núverandi rannsóknir, þar sem nýjar innsýnir koma fram með beitingu þemagreiningar og landfræðilegs samanburðar.Leitað var í Scopus og Web of Science, og 57 greinar voru greindar eftir skimunarferli. Þessi aðferðafræði gerir mögulegt að öðlast heildstæðan skilning á fjölbreyttum hliðum háskólasamruna, þar sem litið er til lykilrannsóknarspurninga um helstu hvata í alþjóðlegu samhengi, áhrifin á námskrár, rannsóknir og stofnannamenningu, og stefnur í því að yfirstíga áskoranir og hindranir tengdar samrunum, áhrif á hagsmunaaðila, og mikilvægt hlutverk stefnumótunar og stjórnarhátta sem hafa áhrif á árangur eða mistök í samruna.Út frá þessu varpar rannsóknin ljósi á hagnýtar tillögur um hvernig eigi að takast á við flækjustig háskólasamruna á árangursríkan hátt og leggur til breytingar á stefnumótun til að stuðla að vel heppnuðum samrunaferlum á sama tíma og möguleg neikvæð áhrif eru milduð.Fyrstu niðurstöður fela í sér flokkun á hvötum fyrir samrunum, þar sem kynnt eru þau fjölmörgu atriði sem hvetja til samruna háskóla, auk áhrifa á gæði náms, svo sem rannsóknir og kennslu. Auk þess geta niðurstöður um bestu starfsvenjur og lærdóm sem dregin hafa verið af reynslu þjónað sem dýrmætur upplýsingabanki fyrir stofnanir sem hyggja á samruna, með því að veita hagnýtar innsýnir til að taka upplýstar ákvarðanir.

## Framleiðnivöxtur á Íslandi

Arnaldur Sölvi Kristjánsson[1], Arnar Gylfason[2]

[1] Hagfræðideild HÍ
[2] Paris School of Economics

Víða dró úr vexti framleiðni vinnuafls á síðustu áratugum síðustu aldar. Gögn gefa til kynna að það eigi einnig við um Ísland en að framleiðnivöxtur sé nokkuð hár síðustu árin hér á landi en hins vegar sveiflukenndari. Í erindinu eru áhrif breyttrar samsetningar atvinnugreina og framleiðnivöxt innan einstakra atvinnugreina greind bæði fyrir Ísland og valdar Evrópuþjóðir. Hluti af minnkun framleiðnivaxtar á Íslandi skýrist af því að vægi ferðaþjónustunnar jókst. Framleiðni vinnuafls getur annars vegar breyst af því að nýting framleiðluþátta batnar og hins vegar af því að fjármagn eykst umfram vinnustundir. Áhrif breytts fjármagns á vinnuafl innan einstakra atvinnugreina eru könnuð. Á Íslandi voru það ferðaþjónusta og aðrar þjónustugreinar þar sem framlag fjármagns var lægst en almenn nýting framleiðsluþátta var góð. Sérstakri athygli verður beint að þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi. Vægi þeirrar atvinnugreinar jókst umtalsvert eftir 2010.

# Íslenskur leigumarkaður: Samband húsnæðisverðs, launa og vaxtastigs

Mar Wolfgang Mixa[1], Verena Karlsdóttir[2]

[1] Viðskiptafræðideild - Háskóli Íslands
[2] Háskólinn á Akureyri

Leigjendur á Vesturlöndum hafa glímt við auknar áskoranir síðustu áratugi og óttast margir að nú sé að myndast varanleg leigukynslóð (e. Generation Rent). Íslenskur leigumarkaður hefur tekið miklum breytingum síðustu áratugi, þar sem húsnæðismál hafa orðið sýnilegri viðfangsefni almennrar og pólitískrar umræðu. Hlutfall leigjenda af heimilum landsins jókst mikið í kjölfar hrunsins 2008, náði hámarki árið 2017 og þó svo að það hafi aftur lækkað þá er það enn hærra en árin fyrir hrun þrátt fyrir nær samfelldan hagvöxt og lítið atvinnuleysi árin 2009-2024. Þessi rannsókn skoðar hlutfall heimila á íslenskum leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu út frá þremur breytum; húsnæðisverði, launum og vaxtastigi. Einnig er athugað hvort hlutfall innflytjenda og leiguverð hafi áhrif. Spurt er hvort einhverjar af þessum breytum hafi tölfræðileg áhrif á hlutfall heimila sem leigja húsnæði til eigin nota. Markmiðið er að greina að hvaða marki, ef einhverju, ofangreindar breytur hafa fjölda fólks á leigumarkaði. Þar sem að kannanir sýna að langflestir einstaklingar á leigumarkaði vilja komast í eigið húsnæðis á Íslandi, þá er gert ráð fyrir í rannsókninni að hafi þessar breytur áhrif, þá tengist slíkt möguleikum fólks að kaupa eigið húsnæði. Niðurstöður sýna að helstu tengslin eru á milli vaxtastigs og hlutfalls fólks á leigumarkaði. Leiguverð og laun hafa einnig áhrif, þó minni. Hins vegar er ekkert samband hvað varðar hlutfall fólks á leigumarkaði og hlutfall innflytjenda og vísitölu húsnæðis. Meðal takmarkanna á niðurstöðum eru framboðshvatar í formi hlutdeildarlána og heimilda séreignarsparnaðar til að greiða inn á höfuðstól lána og kaupa á fyrstu fasteign.

## Réttindi verða iðgjöld: Þvinguð breyting á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna árið 2017

**Gylfi Magnússon**

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Árið 2017 voru gerðar grundvallarbreytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Ábyrgð launagreiðenda á A deildum LSR og Brúar (áður LSS) var afnumin og sjóðunum þannig breytt úr sjóðum með skilgreind réttindi í sjóði með skilgreind iðgjöld. Breytingin var afturvirk þannig að þegar áunnin réttindi voru ekki lengur tryggð, nema hjá þeim hluta sjóðfélaga sem hafði náð sextugsaldri eða var farinn að þiggja greiðslur úr sjóðunum. Í rannsókninni er sérstaklega horft til þess hvernig tryggingafræðileg staða sjóðanna var við þessi tímamót en forsendum slíkra útreikninga var í grundvallaratriðum breytt skömmu eftir að ábyrgð launagreiðenda var afnumin. Þær breytingar höfðu verið lengi í umræðu og undirbúningi og fólu annars vegar í sér að tekið var að miða við svokallaðar sértækar lífslíkur, þ.e. byggðar á tölum um félagsfólk hvers sjóðs en ekki þjóðina í heild. Hins vegar var tekið að miða við væntar lífslíkur skv. spám í stað sögulegra meðaltala. Báðar þessar breytingar leiddu til þess að reiknuð tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna versnaði til muna. Þeir brugðust við með því að bæði hægja á réttindaávinnslu og færa niður þegar áunnin réttindi, þ.á m. réttindi sem höfðu verið áunninn og tryggð áður en ábyrgð launagreiðenda var afnumin. Um mjög háar upphæðir er að ræða. Hjá LSR var kostnaður við innleiðingu á sértækum lífslíkum metinn á 44,2 ma. kr. árið 2019 og við innleiðingu á spám um lífslíkur 163,5 ma. kr. árið 2023. Í rannsókninni er lagt mat á hvort eðlilega hafi verið staðið að tryggingafræðilegum útreikningum við afnám ábyrgðar. Niðurstaðan er að svo hafi ekki verið.

# Innflytjendur og flóttafólk

## Samfélag múslima á Íslandi

Kristján Þór Sigurðsson

Mannfræðideild, FMÞ, Félagsvísindasvið HÍ

Þetta erindi fjallar um samfélag múslíma á Íslandi. Staða þess er sett í sögulegt og pólitískt samhengi og einkum þá orðræðu sem varð áberandi eftir 11. September 2001, þar sem viðhorf Vesturlanda til múslíma, íslam og hins svokallaða múslímska heims, tóku í vaxandi mæli á sig neikvæðan blæ. Þetta lýsti sér m.a. í aukinni andúð gegn múslímum í vestrænum ríkjum, þar sem íslamófóbía varð áberandi í opinberri orðræðu. Ég sýni fram á stöðu samfélags múslíma á Íslandi útfrá þeirra eigin sjónarhóli og set hana í hnattrænt, sögulegt og pólitískt samhengi og greini frá félagslegum, menningarlegum og trúarlegum þáttum. Ég beini sjónum að því hvað það felur í sér að vera múslími, hvað múslímskur sjálfumleiki er, með orðum þátttakenda minna, og það skarast við sjálfumleika tengda þjóðerni, uppruna og margskonar menningarlegum þáttum. Ég geri grein fyrir trúarlegum orðræðum meðal þátttakenda minna og trúarlegu áhrifavaldi í eins fámennu trúarlegu samfélagi eins og á Íslandi. Hluti af umræðunni um trúarlega sjálfsmynd er um íslenska trúskiptinga, Íslendinga sem hafa tekið íslamstrú og um hverskonar félagsleg og menningarleg umskipti það felur í sér. Megin aðferðafræði verkefnisins var etnógrafísk þátttökuaðferð, með nána viðveru á vettvangi í langan tíma, yfir þrjátíu opin viðtöl sem og óformleg samskipti og samtöl við þátttakendur mína á meðan á rannsókninni stóð. Einnig skoðaði ég fjölmiðlaumræðu um múslíma, bæði á Íslandi og erlendis, sem endurspeglaði hina opinberu orðræðu um múslíma og íslam.

## Þörfin fyrir tengsl við uppruna sinn: Rætt við afkomendur flóttamanna frá Víetnam

Anh-Dao Katrín Tran[1], Atli Vilhelm Harðarson[2]

[1] Rannsóknarstofur MVS - HÍ
[2] Deild fagreinakennslu - HÍ

Árið 1979 komu 34 flóttamenn frá Suður-Víetnam til Íslands. Þeir höfðu flúið eftir að kommúnistar frá Norður-Víetnam náðu völdum í landinu. Þessi grein er byggð á viðtölum við 11 einstaklinga sem eiga foreldri, afa eða ömmu úr þessum 34 manna hópi. Rannsóknaraðferðin er þemagreining.Í viðtölunum kemur fram að flestir viðmælendur ólust upp við að tala aðeins íslensku og þeir finna fyrir löngun til að læra víetnömsku og kynnast menningu Víetnam.Spurningin sem leitað er svara við er hvers vegna það er fólkinu mikils virði að þekkja tungumál og menningu forfeðra sinna og formæðra. Til að svara henni eru viðtölin skoðuð í ljósi kenninga Bhikhu Parekh um fjölmenningu og þess sem John Dewey ritaði um sjálfsstjórn og félagslega tilurð sjálfsins.Megin niðurstöðurnar eru að venjurnar sem viðmælendur ólust upp við séu að nokkru leyti frá Víetnam og að þarlend menning, sem er mótuð af konfúsíanisma með áherslu á virðingu fyrir þeim eldri í fjölskyldunni, skyldurækni og gildi lærdóms og menntunar, sé hluti af sjálfi þeirra. Þörf þeirra fyrir þekkingu á þessari menningu er því þörf fyrir sjálfsþekkingu og getu til að ígrunda eigin venjur og stjórna eigin lífi með því að vega þær og meta og laga að aðstæðum.

## Using Ideological Disjunctures to Explain Lack of Investment in Learning the Icelandic Language through Formal Methods

Pamela J. Innes[1], Unnur Dís Skaptadóttir[2], Ania Wojtyńska[2]

[1] Anthropology - University of Wyoming
[2] Mannfræði - Háskóli Íslands

The sociolinguistic situation in Iceland has changed substantially over the past 25 years because of immigration, use of English, and deepening enmeshment in global economic systems. As part of a study of integration in rural Icelandic communities, participants who had migrated to Iceland were asked about the process they are taking to learn Icelandic. Questions explored whether they had engaged in formal learning methods, their thoughts about the language, its role in society and in their lives. In interviews from one rural area, several reported that they have forgone attending language courses and do not feel compelled to learn Icelandic formally, despite having entered a community in which it is believed that immigrants must learn the language to engage with society and the most common way of doing so is through formal courses. Participants' views on the language and ways of learning it relate to ideological disjunctures that create a porous ideological environment and positive responses by Icelanders to their informal learning practices. We examine how using the potentials provided by ideological disjunctures and encouragement for using informal means offer some immigrants agency to embrace an identity of one not pursuing formal language instruction, a group not commonly considered in the SLA literature.

## Syrian Venezuelan Onward Migrants in Iceland - Transnational Expereinces Identities

Åshild Ingela Dybwad

Faculty of Sociology, Anthropology and Folkloristics

This ethnographic study immerses itself in the rich tapestry of Syrian Venezuelan families and individuals who have embarked on a remarkable journey from Venezuela to Iceland. Their stories are intertwined with a historical narrative that traces Syrian migration to Venezuela, a phenomenon that began in the late 19th century. Their story is also connected to the contemporary wave of migration from Venezuela to Iceland that has surged since 2019. Through participant observation and open-ended interviews, this research seeks to illuminate the nuanced realities of these migrants' lives in their new home. A central focus is the concept of mobility capital, illustrating how the participants' migration experiences—whether as second-generation immigrants or firsthand migrants—have equipped them with a valuable set of skills, abilities, and attitudes that facilitate their adaptation to Iceland's distinct cultural and social landscape. Furthermore, this research uncovers the intricate, fluid nature of their transnational identities, revealing how they negotiate and reconfigure their sense of belonging across multiple cultural contexts.Through their narratives, the study offers a deeper understanding of identity as a dynamic and evolving construct, shaped by the interplay of past experiences and new environments.

## Bið sem mótspyrna: Aðferðir búrúndískra flóttamanna til að forðast flótta

Guðrún Sif Friðriksdóttir

Norræna Afríkustofnunin, Uppsala; Höfði Friðarsetur, Háskóli Íslands

Fólk á flótta upplifir marga mismunandi biðtíma. Talsvert hefur verið fjallað um bið flóttafólks eftir að það yfirgefur heimaland sitt og er til dæmis látið bíða eftir hinum ýmsu leyfum í nýjum löndum. Hér verður hinsvegar fjallað um annan biðtíma í lífi flóttafólks frá Búrúndí, þ.e. tímabil áður en fólk flúði heimland sitt. Tímabilið sem einblínt er á spannar tímann frá því að fólk gerði sér grein fyrir að það væri mögulega í hættu og þangað til það loks flúði land. Rannsóknin byggir á viðtölum við 19 búrúndíska flóttamenn sem búa nú í Belgíu eða Svíþjóð og flúðu Búrúndí einhverntíma á tímabilinu 2014 til 2023. Flestir viðmælendurnir reyndu að bíða af sér tímabilið sem þeir voru í hættu og nýttu ýmsar aðferðir við að tryggja öryggi sitt á meðan þessari bið stóð. Þegar ljóst var að flótti væri óhjákvæmilegur, reyndu viðmælendur að tryggja sér sem öruggasta flóttaleið sem leiddi til annars biðtímabils, biðina eftir Schengen vegabréfsáritun. Þó að þessir tveir biðtímar hefðu mismunandi tilgang voru aðferðirnar hinar sömu. Þær voru til að mynda að fela sig að hluta til eða að öllu leyti, að nota rafrænar leiðir til að villa fyrir um verustað sinn og að ferðast á milli staða, innan höfuðborgarinnar Bujumbura, innan Búrúndí, eða innan Austur-Afríku. Þessir biðtímar voru því ekki óvirk bið fórnarlambsins, heldur er betur lýst sem virkri mótspyrnu.

## Jafnrétti eða jafnréttismælingar: Hvort kemur á undan hænan eða eggið?

**Þorgerður J. Einarsdóttir**

Stjórnmálafræðideild Háskóli Íslands

Jafnrétti er einn af lykilþáttunum í myndarsköpun Íslands og á það bæði við um kynjajafnrétti og jafnrétti hinsegin fólks. Staðan í þessum málaflokkum hér á landi er enda betri en víða annars staðar. En hugmyndirnar um yfirburðastöðu Íslands á þessu sviði byggjast á mælingum sem hafa sínar takmarkanir. Þær taka ekki mið af því að jafnrétti er menningarlega skilgreint og breytilegt hugtak. Það er skapað í orðræðu og birtist meðal annars í þeim forsendum sem liggja að baki jafnréttisstefnum, jafnréttisstarfi, jafnréttismælingum og ekki síst þeirri túlkun og þeim skilningi sem slíkt þvingar upp á okkur. Í erindinu er rýnt í hvernig hugtakið jafnrétti hefur verið skilið, skilgreint, mælt og hagnýtt. Fjallað er um mælingalista á sviði jafnrétti kynja og hinsegin fólks, hvað liggur þeim að baki og takmarkanir þeirra og hættuna á því að mælingalistar skilgreini jafnréttið en ekki öfugt. Þá er fjallað um freistinguna að nýta listana í ímyndasköpun og markaðssetningu landa sem getur valdið lamandi sjálfumgleði sem gerir jafnréttismælingar ekki bara gagnslausar heldur getur jafnvel unnið gegn framgangi jafnréttis.

## Af hverju kæra þær ekki bara? Kærunefnd jafnréttismála í þrjá áratugi

**Svanhildur Þorvaldsdóttir**

Háskóli Íslands - Stjórnmálafræðideild

Kærunefnd jafnréttismála hefur verið starfandi í rúmlega þrjá áratugi og hefur úrskurðað í um 300 málum á því tímabili. Í erindinu verður fjallað um frumniðurstöður greiningar á úrskurðunum þar sem beitt var blandaðri aðferð. Í megindlega hluta niðurstaðna er fjallað um kyn kærenda, inntak og niðurstöðu kærumála yfir allan starfstíma nefndarinnar. Helstu niðurstöður eru þær að konur frekar en karlar, 201 á móti 78, leita til kærunefndar jafnréttismála og er úrskurður þeim í vil í um helmingi tilvika en í fjórðungi tilvika hjá körlum. Flest kærumálin snúa að ráðningum, kjörum og uppsögnum. Í eigindlega hlutanum er sjónum beint að konum sem sagt hefur verið upp störfum og leita í kjölfarið til kærunefndarinnar. Sex uppsagnarmál voru þemagreind. Helstu niðurstöður eigindlega hlutans eru þær að konum er sagt upp á meðan karlar halda sinni stöðu, framkoma kvenna er talin ábótavant, og þeim er sagt upp þegar þær fara fram á leiðréttingu launakjara. Samteknar niðurstöður megindlega og eigindlega hlutans benda til þess að ávinningur kæruferlisins fyrir einstaklinginn sem kærir sé lítill sem enginn.

## Rýmt til – Þátttaka karla á vettvangi kynjajafnréttis á Íslandi 1990-2020

Arnar Gíslason, Þorgerður Jennýjardóttir Einarsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Hvernig hófst þátttaka karla í kynjajafnréttisstarfi í „jafnréttisparadísinni" Íslandi? Hvernig hefur hún þróast síðan? Þátttaka karla í kynjafnrétti hefur fengið talsverðan pólitískan meðbyr undanfarna áratugi, en ekki verið rannsökuð í sama mæli. Í þessari rannsókn skoðum við forsendur fyrir þátttöku karla á árunum 1990 til 2020. Byggt er á fyrirliggjandi gögnum á borð við skjalasöfn, skýrslur og umfjöllun fjölmiðla. Gögnin benda til þess að upphafið að starfi karla að jafnréttismálum megi rekja til þess að þeim hafi sérstaklega verið „boðið" til þátttöku, m.a. í hinum svokölluðu „karlanefndum" á vegum hins opinbera, en á seinni stigum megi einnig greina frumkvæði þeirra sjálfra þó áfram séu dæmi um að búið sé til rými fyrir karla. Skýrasta áherslan í íslensku „karlastarfi" virðist vera á að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, þó fleiri sjónarmið sjáist einnig, m.a. um föðurhlutverkið. Ýmsar vísbendingar eru um að karlar njóti talsverðra forréttinda umfram annað fólk á sama vettvangi, og er rýnt í birtingarmyndir þess. Fjallað er um þær áskoranir og þversagnir sem þátttaka karla skapar, einkum vegna þeirra forréttinda sem karlar njóta og áhrif þeirra á vettvangi, sem m.a. getur haft þau áhrif að þau kynjuðu valdatengsl sem femínismi tekst á við geta endurskapast með þátttöku karla. Loks er reynt að rýna í þær ástæður sem liggja til grundvallar því sem virðist vera umframeftirspurn eftir körlum á vettvangi.

## Kynferðisleg áreitni innan íþrótta: menning, normalísering og valdaójafnvægi

Anna Soffía Víkingsdóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Íþróttakonur gáfu út #metoo reynslusögur þann 11. janúar 2018 og síðan þá hafa fleiri stigið fram. Reynsla þeirra lýsir ójafnrétti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem virðist viðgangast í íþróttaumhverfinu á Íslandi. Erlendar rannsóknir benda til þess að kynferðisleg áreitni og ofbeldi sé viðvarandi vandamál innan íþrótta og að menningin innan þeirra ýti jafnvel undir og samþykki slíka hegðun. Rannsóknir benda jafnframt til þess að í íþróttum eigi sér stað normalísering og umburðarlyndi gagnvart kynferðislegri áreitni sem birtist meðal annars í því að litið er fram hjá skaðsemi hennar auk þess sem kynferðisleg sambönd milli ungra iðkenda og þjálfara eru álitin meinlaus og jafnvel viðtekið norm. Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu íþróttakvenna af kynferðislegri áreitni í íþróttum með það í huga að varpa ljósi á hvaða stofnanabundnu (organizational) þættir viðhalda þeirri menningu sem ýtir undir og normaliserar kynferðislega áreitni í íþróttahreyfingunni á Íslandi. Rannsóknin byggir á 32 hálf-stöðluðum viðtölum sem tekin voru við íþróttakonur í hópíþróttum og einstaklingsíþróttum. Gagnaöflunin fór fram 2019-2021 og byggist á snjóboltaúrtaki. Helstu niðurstöður sýna að menning íþrótta byggist á gildum karlmennskunnar, winner-takes-all hugmyndafræði og kynjaójafnrétti sem enn er til staðar í flestum íþróttum. Einnig eru kynjuð valdatengsl sem samtvinnast aldri mikill áhættuþáttur innan íþróttanna þegar kemur að kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

## Hjúpur utan um hann: Áhrif kyns á starf framhaldsskólakennara á farsóttartímum

Súsanna M Gestsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Amalía Björnsdóttir, Elsa Eiríksdóttir

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Rannsóknir um allan heim benda til þess að umhyggjuhagkerfið (e. care economy) hvíli á herðum kvenna fremur en karla og að því hafi COVID-19 heimsfaraldurinn lagt enn meira á konur en karla. Markmið þessa erindis er að varpa ljósi á starfsaðstæður íslenskra framhaldsskólakennara á tímum skólalokana og fjarkennslu á fyrsta ári faraldursins. Gögn voru greind eftir kyni og fjölskylduaðstæðum og skoðað hvernig kennarar brugðust við auknu álagi. Byggt er á spurningakönnunum sem lagðar voru tvisvar sinnum fyrir starfsfólk framhaldsskóla um land allt árið 2020. Einnig voru tekin tólf viðtöl við kennara í þremur ólíkum framhaldsskólum, bæði haustið 2020 og aftur þremur árum síðar. Niðurstöðurnar draga fram í dagsljósið hversu flókið það var fyrir konur í kennarastétt að sinna starfi sínu þegar það færðist inn á heimilin. Þar báru þær hitann og þungann af heimilishaldi og umönnun barna og unglinga sem ekki gátu lengur mætt í skólann, óháð því hvort makar voru til staðar á heimilinu eða ekki, sem og umönnun þeirra sem eldri eru. Þáttur kvennanna í umhyggjuhagkerfinu birtist skýrt í rannsókninni. Kringumstæður á farsóttartímum sýndu þannig að heimsfrægt kynjajafnrétti á Íslandi er afar viðkvæmt og ekki má mikið út af bregða til að brestir komi í þá mynd. Þetta eru mikilvægar niðurstöður fyrir þau sem hafa áhrif á starfshætti í skólum og menntapólitík landsins.

# Langvinnir verkir og lífsgæði (ICEPAIN)

## Algengi og áhrif verkja á lífsgæði ungra kvenna á Íslandi

Sigfríður Inga Karlsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Hafdís Skúladóttir, Eva Halapi, Guðmundur Kristján Óskarsson

Hjúkrunarfræðideild/Heilbrigðis, viðskipta og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri

Lýsing: Verkir eru eitt mest íþyngjandi heilsufarsvandamála í iðnríkjum vesturlanda og algengasta ástæða þess að fólk leitar eftir heilbrigðisþjónustu en um leið meðal þeirra heilsufarsvandamála sem gjarnan eru vanmetin. Ýmsar rannsóknir benda til þess að algengi verkja sé töluvert meðal ungri kvenna á Íslandi og hafi hamlandi áhrif á daglegt líf þeirra.Markmið: Markmið rannsóknarinnar var að kanna algengi verkja og áhrif þeirra á lífsgæði ungra kvenna á Íslandi.Aðferð: Rannsóknin er afturskyggn þversniðsrannsókn og er partur af stærri rannsókn, ICEPAIN, þar sem úrtak var 12.000 manna tilviljunarúrtak sem byggist á hópi einstaklinga úr svarendahópi MASKÍNU, á aldrinum 18-80 ára, lagskipt m.t.t. aldurs kyns og búsetu. Í úrtaki þessarar rannsókna voru konur á aldrinum 18-45 ára. Gagnaöflun fór fram með rafrænum spurningalistum. Helstu niðurstöður: Alls tóku 969 konur þátt í rannsókninni, meðalaldur þeirra var 36.1 ár, og 82,5% voru giftar, í sambúð eða í föstu sambandi. Konur mátu styrk verkja á skalanum 0-10 og meðal styrkur verkja var 1.72. Einungis tæpur þriðjungur kvennanna höfðu ekki upplifað neina verki í síðastliðinni viku. Um 73% fundu fyrir verkjum við tíðablæðingar og fannst 48% kvennanna tíðaverkir hamla sér í daglegu störfum, á meðan blæðingar stóðu yfir. Verkir höfðu meðal annars marktæka fylgni við svefnvanda, hreyfingu, líkamsþyngdarstuðul, áfengisnotkun, líkamlega og andlega líðan. En höfðu ekki marktæka fylgni við fjölda barna, ófrjósemi, fósturmissi, né aldur barna. Verkir höfðu bæði áhrif á lífsgæði tengdri andlegri og líkamlegri líðan og höfðu meðal annars neikvæð áhrif á skaplindi, svefngæði og daglega virkni kvenna.

# ICEPAIN rannsóknin: Verkir, lífshættir og heilsutengd lífsgæði meðal almennings á Íslandi

Þorbjörg Jónsdóttir[1], Sigfríður Inga Karlsdóttir[1], Hafdís Skúladóttir[1], Eva Halapi[1], Guðmundur Kristján Óskarsson[2]

[1] Heilbrigðis- viðskipta og raunvísindasvið, Hjúkrunarfræðideild
[2] Heilbrigðis- viðskipta og raunvísindasvið, Viðskiptadeild

Lýsing: Verkir af ýmsum toga eru algengir meðal almennings og langvinnir verkir geta tengst ýmsum þáttum í lífsháttum og lífssögu fólks.Markmið: ICEPAIN rannsóknin er langtímarannsókn sem felst í því að byggja upp víðtækan gagnagrunn um verki, lífshætti og heilsutengd lífsgæði, meðal almennings á Íslandi. Verkefnið er langtímarannsókn sem hófst með þversniðsrannsókn og verður þátttakendum sem hafa samþykkt áframhaldandi þátttöku fylgt eftir með endurtekinni gagnasöfnun eftir 5 og 10 ár. Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður úr fyrsta hluta rannsóknarinnar um algengi og eðli langvinnra verkja meðal almennings á Íslandi í tengslum við lýðfræðilega þætti, lífshætti, áfallasögu og heilsutengd lífsgæði. Aðferð: Gagna var aflað með vefkönnun þar sem sendur var rafrænn spurningalisti til slembiúrtaks 12.400 einstaklinga á aldrinum 18-80 ára úr þjóðargátt Maskínu. Mælitækin samanstóðu af spurningalistum um verki, ýmsa lífsstílsþætti, áfallareynslu og heilsutengd lífsgæði. Úrtakið var lagskipt eftir aldri, kyni og búsetu. Helstu niðurstöður: Svarhlutfall var 45% (N = 5,557) og flestir þátttakendur (81%) samþykktu áframhaldandi þátttöku í rannsókninni. Meðalaldur var 54,8 ár (SD = 13,7). Helmingur þátttakenda (50,3%) hafði fundið fyrir verkjum í undangenginni viku og 40% voru með langvinna verki (≥ 3 mánuðir). Marktæk fylgni var á milli algengi langvinnra verkja og nokkurra lífsstílsbreyta, svo sem hreyfingar, reykinga og svefns, sem og áfallareynslu. Langvinnir verkir höfðu einnig neikvæð áhrif á líkamlega og andlega þætti heilsutengdra lífsgæða. Tengsl langvinnra verkja, lífshátta og áfallareynslu eru margvíð og flókin. Langtímasnið rannsóknarinnar gerir kleift að skoða þessi tengsl, samspil þeirra og þróun yfir lengri tíma.

## Hálshnykksáverkar eftir umferðarslys og langvarandi verkir

Hafdís Skuladottir[1], Þorbjörg Jónsdóttir[1], Sigfríður Inga Karlsdóttir[1], Guðmundur Kristján Óskarsson[2], Eva Halapi[1]

[1] Heilbrigðis-viðskipta og raunvísindasvið, hjúkrunarfræðideild
[2] Heilbrigðis-viðskipta og raunvísindasvið, viðskiptafræðideild

Lýsing: Á hverju ári eru skráð rúmlega 6000 umferðaslys hér á landi þar sem um 13% hljóta áverka á hálsi. Verkir í hálsi eru oft tengdir hálshnykksáverkum sem oftast koma eftir umferðaslys. Slíkir áverkar geta leitt til langvarandi verkja, skertrar starfsgetu og minni lífsgæða. Markmið: Að kanna langtíma afleiðingar hálshnykksáverka á verki og heilsutengd lífsgæði og bera saman við þá svarendur sem voru með langvarandi verki en höfðu ekki hlotið hálshnykksáverka. Aðferð: Þversniðsrannsókn þar sem rafrænn spurningalisti var sendur til tilviljunarúrtaks MASKINU (N=12.400) á aldrinum 18-78 ára. Niðurstöður: Alls svöruðu 5.557 (45%), þar af höfðu 925 hlotið hálshnykksáverka fyrir meira en 12 mánuðum síðan. Flestir af þeim sem höfðu hlotið hálshnykksáverka höfðu lent í umferðaslysi. Algengast var að þátttakendur sem höfðu hlotið hálshnykksáverka væru í aldurshópnum 40-49 ára og voru konur líklegri en karlar til að vera með hálshnykksáverka(18,9% vs 13,7%). Þeir sem höfðu fengið hálshnykksáverka og voru með langvarandi verki voru flestir með stöðuga verki (51,7%). Algengast var að verkirnir væru í höfði og herðum (78%). Alvarleiki verkja og truflandi áhrif verkja voru meiri hjá þeim sem höfðu hlotið hálshnykksáverka samanborið við alla sem voru með langvarandi verki án hálshnykksáverka. Einnig voru lífsgæði þeirra sem höfðu hlotið hálshnykksáverka og voru með langvarandi verki verri en þeirra sem ekki höfðu hlotið hálshnykksáverka (p< 0,001). Þeir sem voru með hálshnykksáverka og langvarandi verki voru líklegri til að búa fyrir utan höfuðborgarsvæðið, með hærra menntunarstig og vera á örorkubótum.

# Leikhópurinn Gríma og fyrstu leikritaþýðingar Vigdísar Finnbogadóttur

## Opnað fyrir nýja strauma í íslensku leikhúslífi

**Irma Jóhanna Erlingsdóttir**

Hugvísindasvið

Í erindinu er fjallað um framúrstefnuleikhópinn Grímu og áhrif hans á íslenskt leikhúslíf. Leikhópurinn var stofnaður af ungu menntafólki sem hafði stundað nám í Evrópu á eftirstríðsárunum. Þau höfðu kynnt sér hræringar sem áttu sér stað í evrópsku leiklistarlífi en þessar breytingar höfðu ekki náð til Íslands nema í takmörkuðum mæli. Gríma spratt upp úr umhverfi þar sem sterk undiralda ríkti. Þessi undiralda krafðist breytinga. Leikhópurinn var starfræktur í tæp tíu ár, á árunum 1961—1970 og tók til sýninga 22 leikverk af ýmsu tagi — bæði íslensk og erlend framúrstefnuleikrit. Í fyrirlestrinum verður fjallað sérstaklega um fyrstu uppsetningu hópsins sem var leikritið Læstar dyr eftir Jean-Paul Sartre. Rýnt verður í þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur og Þuríðar Kvaran með sérstakri áherslu á menningarlega og hugmyndafræðilega aðlögun. Kannaður verður þáttur leikhópsins í að hleypa lífi í íslenska leikritagerð en strax á öðru ári tók hópurinn til sýninga frumsamin íslensk framúrstefnuverk.

# „Hinn leikandi léttleiki“: fyrstu þýðingar Vigdísar Finnbogadóttur

**Ásdís Rósa Magnúsdóttir**

Mála- og menningardeild, Háskóli Íslands

Í þessu erindi verður fjallað um leikritaþýðingar Vigdísar Finnbogadóttur og tengsl hennar við framúrstefnuleikhús á Íslandi. Að loknu námi í frönsku og frönskum bókmenntum tók Vigdís virkan þátt í leikhúslífinu í Reykjavík áður en hún tók við forsetaembættinu. Hún þýddi að minnsta kosti tíu leikrit, þar af sex úr frönsku, og var fyrsta þýðing hennar gerð fyrir framúrstefnuleikhópinn Grímu árið 1961. Farið verður yfir verkefnaval Vigdísar á þessu sviði, sem endurspeglar nýja strauma í íslensku leikhúslífi, og áhersla verður lögð á nálgun hennar á þeim textum sem hún sneri á íslenskt mál. Hvað vildi hún draga fram og varðveita úr þeim erlendu menningarheimum sem hún þurfti að opna fyrir íslenskum áhorfendum? Hvernig nálgaðist hún textana? Tekin verða nokkur dæmi úr þýðingum Vigdísar, til dæmis úr gamanleiknum Fló á skinni eftir Georges Feydeau, sem Leikfélag Reykjavíkur sýndi við miklar vinsældir, en einnig úr framúrstefnuverkum eftir Jean-Paul Sartre, Jean Genet og Jean Tardieu. Almennt má segja að Vigdís hafi nálgast þessa ólíku texta á svipaðan hátt: Hún er trú textunum í þeirri merkingu að hún aðlagar þá ekki að íslenskum veruleika og jafnframt leitast hún við að halda í „léttleika“ frummálsins.

## Vinnukonur Jean Genet og birtingarmyndir þeirra í íslensku leikhúsi

**Guðrún Kristinsdóttir**

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Fjallað verður um framúrstefnuleikritið Vinnukonurnar (fr. Les Bonnes) eftir Jean Genet í þýðingu Vigdísar Finnbogadóttur, sem var fjórða verkefni leikhópsins Grímu (1963). Leikritið fjallar um tvær systur sem starfa á sama heimili sem vinnukonur og ráðgera að byrla húsmóður sinni eitur, en þegar þau áform fara út um þúfur, fremja þær symbólískt morð í leik sem verður annarri að aldurtila og steypir hinni í glötun. Leikritið fjallar um kúgun stétta og hefur einnig verið beitt í ádeilu á vald í tengslum við kyngervi, sökum markvissrar og frumlegrar notkunar leikritaskáldsins á búningum og tengslum þeirra við leikmynd. Þá hefur leikritinu stundum verið steypt saman við fyrsta verk höfundar, Návígi (fr. Haute surveillance), þar sem samkynhneigð og læsi bætast við sem breytur í félagslegri mismunun. Vinnukonurnar og aðlaganair á þeim hafa því verið vettvangur til að fjalla um samtvinnun á pólitískri og félagslegri kúgun (stétt, kynvitund, menntun). Samspil textans og fyrirmæla höfundar um túlkun og leikmynd draga fram meginþemu leikritsins í harmleik hinna smánuðu en einnig hugmyndina um hið afstæða frelsi sem felst í leiknum. Fjallað verður um frumuppfærslu verksins í París árið 1947, uppsetningu leikhópsins Grímu á leikritinu árið 1963 og framhaldslíf þess í íslenskum leikgerðum og aðlögunum, allt til árisins 2011.

## Trú almennings á lýðræðinu: Hriktir í stoðunum?

**Hulda Þórisdóttir**

Stjórnmálafræðideild - Háskóli Íslands

Í þessari rannsókn leggum við mat á trú Íslendinga á lýðræðinu með því að skoða annars vegar pólitíska virkni og hins vegar pólitískan stuðning. Greiningar byggja fyrst og fremst á gögnum úr Íslensku kosningarannsókninni (ÍSKOS) en einnig er notast við niðurstöður úr alþjóðlegum spurningakönnunum. Lagt er mat á pólitíska virkni fyrst og fremst með áhuga, kjörsókn og stuðningi við flokka. Pólitískur stuðningur er meðal annars metinn með pólitísku trausti, trú á virkni lýðræðis á Íslandi og þjóðarstolti. Það er niðurstaða rannsóknar að lýðræðið standi styrkum fótum meðal almennings á Íslandi í dag því stjórnmálaþátttaka, trú á lýðræðiskerfið sem og samfélagið í heild mælist hátt. Lítið traust í garð stjórnmálafólks og sú útbreidda skoðun að það sé upp til hópa spillt er þó veikleiki á lýðræðinu sem fylgjast þarf vel með, þó ákveðið vantraust geti einnig verið merki um heilbrigt aðhald. Loks hefur um fimmtungur almennings lítinn áhuga á stjórnmálum, sinnir lítt þátttöku í þeim og mælist lágur á öllum tegundum stuðnings. Þennan hóp þarf að kortleggja betur til að skilja hvað veldur og hverjar afleiðingar fyrir lýðræðið á Íslandi gætu verið.

## Vinsældakeppni eða málefnaágreiningur?

Eva H. Onnudottir, Ólafur Þ. Harðarson

Stjórnmálafræðideild, Háskóli Íslands

Í þessari grein skoðum við vinsældir leiðtoga íslenskra stjórnmálaflokka sem hafa náð kjöri á þing og berum saman við vinsældir flokksins þeirra. Í framhaldi fjöllum við um hver voru mikilvægustu verkefni stjórnmálanna að mati kjósenda í kosningunum 2021, ásamt því hvaða flokka kjósendur töldu vera besta til að takast á við það verkefni sem þeir töldu mikilvægast. Jafnframt greinum við hvaða flokkar voru taldir með bestu stefnuna í mikilvægum málaflokkum eins og efnahagsmálum, byggðamálum, heilbrigðismálum og umhverfismálum, og hversu mikil tengsl hver og einn málaflokkur hefur við hvaða flokk fólk kýs. Meginniðurstöður eru þær að breytingar á vinsældum stjórnmálaforingja haldast hönd í hönd við breytingar á vinsældum flokksins þeirra. Kjósendur forgangsraða mikilvægustu verkefnunum og kjósa oftast þann flokk sem þeir telja vera bestan til að takast á við mikilvægasta verkefnið. Jafnframt hefur verulega stór hópur kjósenda skoðun á því hvaða ólíku flokkar eru með bestu stefnuna í ólíkum málaflokkum, jafnvel þó svo að þeir þurfi, eðli málsins samkvæmt, á endanum að velja einn stjórnmálaflokk í kosningum. Þessar niðurstöður benda til þess að málefni og stefna stjórnmálaflokka vegi ansi þungt þegar kemur að því hvaða flokkur er kosinn, og að vinsældir stjórnmálaleiðtoga einar og sér dugi ekki til að trekkja að verulegt fylgi.

## Fylgiskannanir: Ónákvæmar, ómarktækar, leiðandi og villandi?

Agnar Freyr Helgason, Eva H. Önnudóttir

Stjórnmálafræðideild, Háskóli Íslands

Undanfarin ár hafa verið erlendum fylgiskönnunum í aðdraganda kosninga erfiðar. Trekk í trekk hafa þær verið fjarri niðurstöðum kosninga og má þar til dæmis nefna sigur Íhaldsflokksins í bresku þingkosningunum 2015, sigur Donalds Trump í bandarísku forsetakosningunum ári síðar og óvæntan árangur Marine Le Pen í forsetakosningunum í Frakklandi árið 2017. Í þessum kafla setjum við íslenskar fylgiskannanir í samhengi við erlenda umræðu um vanda fylgiskannana og leggjum mat á réttmæti og áreiðanleika íslenskra kannana með því að skoða hversu vel kannanir í aðdraganda undanfarinna alþingiskosninga hafa endurspeglað úrslitin. Niðurstöðurnar benda til að fylgiskannanir í aðdraganda kosninga á Íslandi hafi ekki verið svo fjarri úrslitum kosninga. Yfir kjörtímabilið þróast kannanir þannig að þær komast sífellt nær úrslitum kosninga, en meðalskekkja lokakannana helstu könnunarfyrirtækjanna var alla jafna 1,5-2 prósentustig í kosningunum 2016, 2017 og 2021. Þrátt fyrir þetta sjáum við þó að tilteknir flokkar voru kerfisbundið með meiri stuðning í fylgiskönnunum en kosningum sem bendir til þess að varasamt getur verið að nota óleiðréttar kannanir til að spá fyrir um niðurstöður kosninga og skiptingu þingsæta á milli stjórnmálaflokka.

## Andstæðingar eða keppinautar? Flokkaflakk á Íslandi 1983-2021

**Ólafur Þ. Harðarson**

Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Skipta má stjórnmálaflokkum í tvennt: andstæðinga og keppinauta. Andstæðingar eru hugmyndafræðilega ólíkir flokkar og fáir kjósendur færa sig milli þeirra frá einum kosningum til annarra. Keppinautar eru flokkar sem standa hugmyndafræðilega nálægt hverjir öðrum og margir kjósendur færa sig á milli þeirra í kosningum. Í erindinu verða gögn um flokkaflakk úr Íslensku kosningarannsókninni notuð til að greina hvaða flokkar hafa verið andstæðingar og keppinautar á íslenska kjósendamarkaðnum 1983-2021. Skýr mynstur koma fram - sum þeirra hafa breyst frá einum tíma til annars. Tíðni flokkaflakks tengist greinilega vinstri-hægri staðsetningu flokkanna.Sérstaklega verður fjallað um breytingar á flokkaflakki sem áttu sér stað eftir uppstokkun á vinstri væng stjórnmálanna með tilkomu Samfylkingar og Vinstri grænna 1999. Fyrir það voru Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur keppinautar um fylgi, en í nokkrum síðustu kosningum hafa Samfylking og Sjálfstæðisflokkur verið andstæðingar - fáir kjósendur hafa fært sig milli þessara flokka. Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag voru andstæðingar á síðustu öld, en við uppstokkunina 1999 urðu Samfylking og Vinstri græn keppinautar, sem börðust um sama fylgið.Jafnframt verður fjallað um staðsetningu nýrra flokka á vinstri-hægri ásnum og hvernig hún tengist færslu kjósenda til og frá þeim flokkum.

## Facebook, TikTok eða fréttatíminn í sjónvarpinu: Hvernig fylgdust kjósendur með kosningabaráttunni 2021?

**Jón Gunnar Ólafsson**

Stjórnmálafræðideild - Háskóli Íslands

Fjölmiðlaumhverfið og fréttaneysla fólks á Íslandi hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Þar spilar tækniþróun í upplýsingamiðlun stóran þátt. Algengt er að fólk skoði fréttir núorðið oft á dag og við erum flest komin með snjallsíma sem gera okkur kleift að nálgast upplýsingar nokkurn veginn hvar og hvenær sem okkur hentar. Í þessu nýja fjölmiðlaumhverfi er mjög mikið framboð af efni. Við erum sífellt að velja og hafna og það er auðvelt að sérsníða efnið að okkar áhugasviði og sleppa því alfarið að fylgjast með fréttum ef við kjósum svo. Margt af því sem fjallað er um í fréttum snýr að stjórnmálum, en umfjöllun um stjórnmál verður enn fyrirferðarmeiri í fjölmiðlum þegar líða tekur að kosningum. Lítið sem ekkert hefur verið rannsakað varðandi það hvernig íslenskir kjósendur fylgjast með fjölmiðlum í aðdraganda kosninga. Í þessari rannsókn er fjallað um hvernig íslenskir kjósendur fylgdust með kosningabaráttunni árið 2021. Nýjum fjölmiðlahluta var bætt við Íslensku kosningarannsóknina fyrir síðustu alþingiskosningar og fjallar erindið um niðurstöður úr honum. Þær sýna meðal annars að vinsælustu miðlarnir til að fylgjast með fréttum um innlend stjórnmál í kosningabaráttunni árið 2021 voru fréttasíður á netinu og sjónvarp. Samfélagsmiðlar eru að sækja í sig veðrið og við sjáum að yngri kjósendur eru mun líklegri en þau sem eldri eru til að nota samfélagsmiðla til að fylgjast með fréttum um stjórnmál. Við sjáum einnig að yngri kjósendur fylgjast minna með fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmál en þau sem eru eldri og fólk með háskólamenntun fylgdist meira með en aðrir.

## Reynsla stjórnenda hjá Grindavíkurbæ af því að halda starfsemi gangandi í kjölfar rýmingar sveitarfélagsins

Soffía Snædís Sveinsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Þann 10. nóvember 2023 var neyðarstigi lýst yfir í Grindavíkurbæ og bærinn rýmdur. Um 3.800 íbúar yfirgáfu heimili sín og nær öll starfsemi innan bæjarmarkanna var lögð niður. Grindavíkurbær var einn af stærstu vinnustöðum bæjarins og þrátt fyrir rýmingu bar sveitarfélaginu skylda að viðhalda lögbundinni þjónustu til íbúa. Stjórnendur sveitarfélagsins lögðu kapp á að halda starfsemi sveitarfélagsins gangandi þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Markmið rannsóknarinnar er að skoða upplifun og reynslu stjórnenda Grindavíkurbæjar af því að halda starfsemi sveitarfélagsins gangandi í kjölfar rýmingar. Gerð var eigindleg rannsókn og var gögnum safnað í gegnum átta hálfstöðluð viðtöl við stjórnendur með mannaforráð hjá Grindavíkurbæ. Í viðtölunum var sérstaklega horft til þess hvaða hindrunum stjórnendur mættu, hvaða þætti þeir mátu hjálplega og hvaða aðferðir og áherslur reyndust stjórnendunum gagnlegar við að halda starfseminni gangandi. Gögnin voru greind með aðferð grundaðrar kenningar. Fram komu sjö þemu sem lýsa upplifun viðmælenda og sýna að stærstu hindranirnar voru óvissa í ýmsum myndum og erfiðar aðstæður starfsfólks. Félaglegur stuðningur jafningja og aðstoð ytri aðila reyndust viðmælendum hjálpleg til að halda starfsemi gangandi. Niðurstöðurnar sýna að áherslur viðmælendur við að halda starfsemi sveitarfélagsins gangandi voru einkum góð samskipti og gott upplýsingaflæði, stöðugt endurmat og aðlögun sem og markviss teymisvinna. Niðurstöðurnar eru í takt við stöðu þekkingar um krísustjórnun, áhrifaþætti vellíðan á vinnustað og gildi bjargráða og jafningjastuðnings við krefjandi aðstæður. Niðurstöður rannsóknarinnar eru framlag til þekkingar um árangursríka stjórnun á krísutíma og geta haft hagnýtt gildi fyrir stjórnendur og leiðtoga inna sveitarfélaga og víðar.

## Viðhorf og reynsla mannauðssérfræðinga á aðgerðum sem tengjast jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Auður Arna Arnardóttir, Karen Engilbertsdóttir

Viðskiptadeild, Háskóli Íslands

Umræðan um hugtakið jafnvægi milli vinnu og einkalífs hefur verið áberandi í ljósi mikilvægi þess fyrir vellíðan starfsfólks og árangur fyrirtækja og stofnana, en það er orðið eitt mikilvægasta verkefni mannauðssérfræðinga í dag. Með tilkomu breytinga á vinnumarkaðnum síðustu áratugi í formi breytts vinnufyrirkomulags hefur það ýtt undir mikilvægi þess að leita frekari leiða við að ná jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Ásamt því að umræða um fjögurra daga vinnuviku hefur reitt sér til rúms sem möguleg leið til að bæta jafnvægið. Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna hvaða aðgerðir mannauðssérfræðingar hérlendis grípa til að bæta jafnvægi milli vinnu og einkalífs starfsfólks og kanna hvert viðhorf þeirra er til fjögurra daga vinnuviku. Ásamt því að kanna vinnufyrirkomulag fyrirtækja eftir ólíkum starfsgeirum, stærð og aldri. Eigindlegri rannsóknaraðferð var beitt þar sem tekin voru átta hálfstöðluð viðtöl. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að mannauðssérfræðingar leita ýmissa leiða til að bæta jafnvægi milli vinnu og einkalífs starfsfólks. svo sem sveigjanlegt vinnufyrirkomulag og styttingu vinnuvikunnar, ásamt ýmiskonar fríðindum. Uppbyggileg fyrirtækjamenning og viðeigandi skil milli vinnu og einkalífs skiptir einnig máli. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að starfsgeiri sé ráðandi breyta í vinnufyrirkomulagi fyrirtækja. Minni áhrif virðast vera frá stærð og aldri fyrirtækja. Þar að auki benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að mannauðssérfræðingar hérlendis telja íslenskan vinnumarkað ekki tilbúinn í fjögurra daga vinnuviku en benda fremur á kosti styttingu vinnudags. Framlag rannsóknarinnar er að bæta stöðu þekkingar á sviði heilbrigðs vinnuumhverfis og mikilvægi þess að huga að ólíkum starfsgeirum fyrir hverslags aðgerðir eða breytingar á vinnufyrirkomulagi.

# Faglegur styrkur og staða mannauðsstjórnunar á Norðurlöndum eftir COVID

Arney Einarsdóttir

Viðskiptadeild - Háskólinn á Bifröst

Saga mannauðsstjórnunar síðustu 40 ár hefur einkennst af baráttu um að verða virtur viðskiptafélagi í æðstu stjórnunarteymum og þátttakandi í stefnumótandi ákvörðunartöku í skipulagsheildum. Rannsóknir benda til jákvæðrar þróunar og vaxandi faglegs styrks mannauðsmála í fyrirtækjum og stofnunum síðustu 20 ár. Mannauðsstjórar hafa færst úr viðbragðshlutverki, við að slökkva elda og bregðast við daglegu áreiti, yfir í virkari þátttöku í stefnumótandi ákvörðunartöku með öðrum æðstu stjórnendum skipulagsheilda. Þessi þróun hefur einnig átt sér stað á Norðurlöndum, og var staða og faglegur styrkur mannauðsstjóra þar orðin nokkuð sterk áður en heimsfaraldurinn skall á. Í heimsfaraldrinum þurfti mannauðsfólk að bregðast við áður óþekktum, aðkallandi og síbreytilegum aðstæðum, og slökkva elda. Markmiðið hér er því að varpa ljósi á það hvort þær aðstæður sem sköpuðust í heimsfaraldrinum hafi veikt eða styrkt faglega stöðu mannauðsstjóra og mannauðsmála á Norðurlöndum. Við notuðum alþjóðleg CRANET gögn sem aflað var meðal mannauðsstjóra er starfa í skipulagsheildum með yfir 100 starfsmenn, í alls 6045 stofnunum í 35 löndum árið 2015 og í alls 5899 stofnunum í 38 löndum árið 2021. Niðurstöður á Norðurlöndunum fimm í heild, benda almennt til jákvæðrar þróunar er kemur að þátttöku mannauðsstjóra í framkvæmdastjórn en neikvæðrar er varðar tilvist mannauðsstefnu og þátttöku í stefnumótun. Niðurstöður benda til þess að enn þurfi að standa vaktina í baráttunni um þátttöku í stefnumótandi ákvörðunartöku.

## Viðhorf ráðningaraðila til tækifæra og takmarkana gervigreindar í ráðningarferli fyrirtækja á Íslandi

Auður Arna Arnardóttir, Birgitta Rós Skarphéðinsdóttir

Viðskiptadeild, Háskóli Íslands

Markmið rannsóknarinnar var að kanna reynslu og sjónarmið ráðningaraðila á Íslandi á notkun gervigreindar í ráðningarferli, með það að leiðarljósi að fá betri innsýn í núverandi notkun gervigreindar í ferlinu. Sérstök áhersla var lögð á að greina tækifæri og áskoranir sem taldar eru fylgja gervigreind, að mati ráðningaraðila. Sjónum var einnig beint að hugsanlegri hlutdrægni sem tæknin getur haft í för með sér. Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem hálfopin viðtöl voru tekin við tíu ráðningaraðila fyrirtækja hérlendis. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að notkun gervigreindar á fullri sjálfvirkni í ráðningarferli er fátíð. Hins vegar studdust flestir ráðningaraðilar við gervigreindartól við ýmis verkefni í ráðningarferlinu. Ráðningaraðilar viðurkenndu tækifæri sem og áskoranir sem taldar eru fylgja notkun gervigreindar. Viðhorf þeirra til notkun gervigreindar í ráðningarferli var einnig breytilegt eftir því hvaða stig í ráðningarferlinu um var að ræða. Eftirfarandi rannsókn veitir innsýn í lítið rannsakað viðfangsefni hér á landi og stuðlar þannig að aukinni þekkingu á notkun gervigreindar í ráðningarferli fyrirtækja á Íslandi. Að auki veitir eftirfarandi rannsókn ráðningaraðilum tækifæri til að auka við skilning og þekkingu þeirra á gervigreind og notkun hennar í ráðningarferli.

# Er notkun gervigreindar við stjórnun mannauðs líkleg til að auka fjölbreytni og draga úr mismunun? Evrópurannsókn

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir[1], Ragna Kemp Haraldsdóttir[2]

[1] Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild, Námsbraut í félagsfræði
[2] Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræðideild, Námsbraut í upplýsingafræði

Lítil þátttaka kvenna í þróun stafrænnar tækni á alþjóðavísu er áhyggjuefni, ekki síst vegna hraðrar þróunar gervigreindar. Vonir hafa staðið til að með notkun gervigreindar við mannauðsstjórnun megi skapa óhlutdrægni við ákvörðunartöku sem dragi úr mismunun og auki fjölbreytileika starfsfólks. Vísbendingar benda þó til hins gagnstæða, þar sem gervigreind virðist skapa mismunun frekar en að draga úr henni. Rannsóknin sem við kynnum er hluti af Evrópuverkefninu BIAS: Mitigating diversity biases of AI in the labour market. Niðurstöðurnar byggja á svörum 4900 þátttakenda víða að úr Evrópu sem og 71 viðtali við hugbúnaðar- og mannauðssérfræðinga um viðhorf og reynslu þeirra af mismunun vegna notkunar gervigreindar við stjórnun mannauðs. Að lokum eru mögulegar aðferðir til að draga úr hlutdrægni af völdum gervigreindar ræddar.Niðurstöðurnar sýna að kvenkyns svarendur, óháð aldurshópum, menntunarstigi, stöðu á vinnumarkaði og kynhneigð eru almennt líklegri en karlar til að segjast hafa upplifað neikvæða mismunun á vinnumarkaði af völdum gervigreindar. Í viðtölum við hugbúnaðar- og mannauðssérfræðinga kom fram að þau töldu að notkun gervigreindar við ákveðna þætti stjórnunar væri jákvæð, einkum vegna tíma- og kostnaðarhagkvæmni. Þó þyrftu notendur að vera meðvitaðir um þá áhættu og mögulega mismunun sem fylgi sjálfvirkri ákvarðanatöku án nokkurrar mannlegrar aðkomu. Gegnsæi og aðkoma fjölbreytts hóps einstaklinga við þróun tækninnar sem og endanlega ákvarðanatöku er meðal mikilvægra þátta sem nefndir voru til að draga úr hlutdrægni við notkun gervigreindar við stjórnun mannauðs.

# Matur, heilsa, menning: Þverfaglegur snæðingur

## Matur er mannsins megin: að borða okkur úr vistkreppunni

**Auður Viðarsdóttir**

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Matur er okkar nánasta tenging við náttúruna. Þegar við borðum ferðast aðrar lífverur í gegnum líkama okkar. Mikið af þeirri þekkingu sem mannfólk hefur á náttúrunni hefur það öðlast í gegnum fæðuöflun. Þetta vill gjarnan gleymast eftir því sem virðiskeðja matvæla verður lengri í fæðuiðnaði nútímans og uppruni þess sem við innbyrðum verður sífellt óljósari. Á sama tíma verður krafan um sjálfbærari matarhætti háværari, enda stendur matvælaframleiðsla á alþjóðavísu að baki þriðjungi losunar gróðurhúsalofttegunda ásamt því að draga úr líffræðilegum fjölbreytileika. Þjóðfræðileg greining á upplifun fólks á Íslandi sem hefur nýlega breytt mataræði sínu í sjálfbærari áttir (t.d. með því að minnka kjötneyslu eða leggja áherslu á staðbundin matvæli) hefur leitt í ljós hvernig slík breyting getur leitt til aukinnar meðvitundar og betri tengingar við eigin líkama, aðrar lífverur, náttúruna sem og annað fólk. Sum hafa jafnvel upplifað breytingar á eigin gildum og lífsviðhorfi.Í erindinu verður gefin innsýn inn í þessar niðurstöður með dæmum úr viðtölum og vettvangsathugunum. Þeirri spurningu verður velt upp hvort hægt væri að nota mat og neyslu hans til að umbæta með víðtækum hætti sambúð fólks og náttúru og stuðla með því að breytingum í átt að sjálfbærni, en aftenging fólks við náttúruna, sjálft sig og hvert annað er í auknum mæli talin vera rót þess vistfræðilega vanda sem mannkynið hefur komið sér í.

## Mansjúríusveppurinn: Tengsl matarminninga við smekk og nýjar venjur

Áki Guðni Karlsson

Deild félagsfræði, þjóðfræði og mannfræði

Í nýlegri rannsókn á áhrifum gerjaðra matvæla á heilsu fólks, þurftu þátttakendur, hópur ólíks fólks á aldrinum 50-70 ára, að neyta sex skammta af gerjuðum/súrsuðum mat að eigin vali á hverjum degi í 11 vikur. Undir lok tímabilsins tókum við viðtöl við hluta hópsins til að fá betri innsýn í líðan þátttakenda og hvernig gengi að uppfylla skilyrði rannsóknarinnar. Í viðtölunum minntust nokkrir þátttakendur á fyrri reynslu af gerjuðum/súrsuðum mat og tengdu hana við nýju matvælin sem þau voru að prófa í rannsókninni, eins og kombucha og kefír. Þessar persónulegu matarminningar sýna hvernig gildi og áhrif sem tengjast matarvenjum ferðast úr einu samhengi í annað. Þær binda saman fortíð og nútíð þegar við tengjum matarsmekk og matarvenjur við upplifanir úr bernsku okkar í túlkun og frásögnum. Slíkar minningar hafa verið rannsakaðar í tengslum við mat sem "tilfinningalegar athafnir" og frásagnir sem "skipta máli". Slíkar frásagnir eru vandlega sérvaldar og mótaðar af viðmælendum. Í okkar tilviki verða slíkar minningar að skýringarsögnum til að útskýra smekk og afstöðu viðmælenda gagnvart nýjum matartegundum. Þær hafa þann hagnýta tilgang að fella nýja upplifun undir hatt fyrri reynslu, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð. Þær skapa líka réttlætingu fyrir því að samþykkja eða hafna tilteknum mat eða drykk. Þær gefa jafnvel til kynna af hverju fólk telur tiltekinn mat hollan eða óhollan, með því að vísa til þess að það sem fólki þótti gott í æsku hljóti að vera "gott fyrir þau".

## Skyr sem líffræðilegur menningararfur


**Jón Þór Pétursson**

Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild


Skyr verður til þegar skyrgerlar sýra mjólk en slík gerjun er ævaforn og útbreidd aðferð um allan heim við að umbreyta og varðveita mat. Matvæli á borð við súrkál, kimchi, miso, kefir, bjór, kombucha, jógúrt og osta, eru öll búin til í gegnum samvinnu ólíkra tegunda. Samvinna og samlífi örvera og manna, eins og það birtist í gerjuðum matvælum, hefur þannig lagt grunninn að líffræðilegu og menningarlegu vistkerfi sem manneskjan er aðeins einn hluti af. Skyrgerlar komu hingað til lands með landnámsfólkinu og hafa verið hluti af samfélagi og matarmenningu Íslendinga síðan þá. Lifandi skyrgerlar eru þannig frábært dæmi um samlífi örvera og manna í hversdagslífinu en líffræðilegt og menningarlegt val á skyri í gegnum tíðina hefur orðið til þess að stuðla að fjölbreyttri örveruflóru í hefðbundnu skyri. Því mætti skilgreina skyr sem vistkerfi út af fyrir sig, skapað og viðhaldið í gegnum bakteríurnar Streptococcus and Lactobacillus, en þar gætir einnig ýmissa gersveppa. Hluti af vistkerfi skyrsins eru spendýr á borð við kýr, sauðfé, geitur og menn. Umhverfi og híbýli þessara spendýra eru einnig hluti af þessu vistkerfi sem skapað hefur skyr í gegnum aldirnar sem og í framleiðslu á hefðbundnu skyri í samtímanum. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um skyr sem líffræðilegan menningararf og rök færð fyrir því að skyrörverur á Íslandi hafi frá upphafi verið mikilvægur hluti af menningarlegum og líffræðilegum fjölbreytileika. Hvað getur skyrgerð í fortíð og samtíð sagt okkur um líffræðilegan menningararf og þær áskoranir sem hann stendur frammi fyrir?

# Áhrif gerjaðra matvæla og bætiefna úr broddmjólk á upplifða streitu og bólguþætti í blóði - slembuð samanburðarransókn

Sigurbjörg Bjarnadóttir[1], Steina Gunnarsdottir[1], Áki Guðni Karlsson[2], Sigurlaug Skírnisdóttir[3], Karla F Corral-Jara[3], Alexandra M Klonowski[3], Viggó Þór Marteinsson[4], Valdimar Th Hafstein[2], Bryndís Eva Birgisdóttir[1], Jón Þór Pétursson[2], Hildur Sigurgrímsdóttir[5], Siggeir Fannar Brynjólfsson[5]

[1] Matvæla- og næringarfræðideild
[2] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
[3] MATÍS
[4] MATIS
[5] Ónæmisfræðideild Landspítalans

Inngangur: Mataræði gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að heilsu og vellíðan og hefur kastljósinu nýlega verið beint að gerjuðum matvælum. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort aukin neysla á gerjuðum matvælum eða inntaka fæðubótaefna úr gerjaðri kúabroddmjólk hefði áhrif á upplifða streitu, þarmaflóru og bólguþætti í blóði í samanburði við viðmiðunarhóp. Efniviður og aðferðir: Þátttakendur, sem voru á aldrinum 50-70 ára var slembiraðað í hópana þrjá. Íhlutunartímabilið var 8 vikur. Matvælahópurinn átti að auka neyslu sína á gerjuðum matvælum í sex skammta á dag og bætiefnahópurinn tók inn tvö hylki daglega. Þátttakendur svöruðu spurningalistum, meðal annars um upplifða streitu (PSS), héldu matardagbók og gáfu blóð- og saursýni í upphafi, eftir fjórar vikur og átta vikur. Bólguþættir voru mældir með Luminex Multiplex Assay. Þátttakendur sem skiluðu öllum gögnum og gáfu lífsýni (n=44) er greindur hér.Niðurstöður: Ekki var marktækur munur milli hópanna þriggja í bakgrunnsþáttum í upphafi rannsóknar (aldur, menntun o.s.frv.) ($p>0.05$), né á heildar PSS stigum fyrir og eftir rannsóknina ($p>0.05$). Marktæk lækkun var á bólguþættinum IFN-y í bæði matar- ($p=0.045$) og bætiefnahópnum ($p=0.0025$) og aukning í IL-10 í sömu hópum, þó aðeins marktæk í fæðuhópnum ($p>0.05$). Ekki fannst marktækur munur á CD40 Ligand, IL-8 eða MIP-1b ($p>0.05$).Ályktanir: Þátttakendur sem juku neyslu sína á gerjuðum matvælum og fæðubótaefnum minnkuðu bólgusvörun, en upplifð streita var svipuð fyrir og eftir rannsóknina. Áhugavert verður að skoða frekari úrvinnslu niðurstaðna, svo sem tengsl við þarmaflóru og mikilvægt er að greina ferla á bak við mögulegan heilsufarslegan ávinning.

## Léttvín og lúxus: Neysla áfengis í LXS og Æði

**Guðbjörg Hildur Kolbeins**

Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri

Með tilkomu streymisveitna var notendum fjölmiðla gert kleift í æ ríkari mæli að forðast auglýsingar. Til að bregðast við þessari þróun hér á landi hafa framleiðendur afþreyingarefnis beitt skapandi markaðssetningu (creative marketing) sem fléttar saman vöruinnsetningu og skemmtun í þáttaröðum. Þannig verður hver sjónvarpsþáttur u.þ.b. 20 mínútna auglýsing. Má nefna LXS og Æði, sem sýnd hafa verið á Stöð 2, sem dæmi um þetta. Á þennan hátt er hægt að sniðganga bann við áfengisauglýsingum með því að sýna áfengisflöskur á áberandi hátt og tryggja að vörumerki sjáist. Áfengi er hins vegar ekki eins og hver önnur neysluvara þar sem talið er að um þrjár milljónir dauðsfalla megi rekja árlega til áfengisdrykkju á heimsvísu. Markmið erindisins er að fjalla um birtingarmynd neyslu áfengis í Æði og LXS. Frumniðurstöður greiningar á LXS og Æði sýna að áfengisneysla er mikil í þáttunum og að áfengistegundir, t.d. kampavín, eru auglýstar. Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að jákvæð ímynd áfengis í sjónvarpsefni vekur jákvæð hughrif hjá börnum og unglingum enda áfengisneysla gjarnan sveipuð ljóma. Í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna er dregin sú ályktun að þættirnir geti hugsanlega haft skaðleg áhrif á viðhorf ungmenna til áfengisneyslu enda neyslan sett í samhengi við hið ljúfa líf og lúxus hjá ungu og fallegu fólki.

## Íslenskt dægurtónlistarsamfélag frá 1950 - 2020: Félags- og sagnfræðileg nálgun

Arnar Eggert Thoroddsen

Félags-, mann- og þjóðfræðideild

Erindið fjallar um bók höfundar sem er væntanleg á alþjóðamarkað á ári komandi (Reaktion Books / Chicago University Press). Efni hennar byggir á doktorsritgerð hans sem er úttekt á íslensku tónlistarsamfélagi út frá samfélagsfræðilegum kenningum (Kenningar Pierre Bourdieu um veruhátt og menningarframleiðslusviðið, rit Howard Becker um eðli listheima (Art Worlds) og rannsókn mannfræðingsins Ruth Finnegan á tónlistarlífinu í enska bænum Milton Keynes lágu m.a. til grundvallar rannsókninni). Í bókinni er saga íslenskrar dægurtónlistar frá upphafi rokkbylgjunnar rakin á sagnfræðilega vegu en tólum félagsfræðanna beitt um leið. Niðurstöður sýna að Ísland skipar nokkuð einstakan sess þegar horft er til dægurtónlistarmenningar annarra ríkja. Of lítið til að vera raunsambærilegt við milljónaríki en um leið nægilega stórt til að bera ólík tónlistarsamfélög og -geira (djass, tilraunatónlist, hipphopp o.s.frv). Sú staðreynd að Ísland er örsamfélag eða smáríki hefur myndað ákveðið „þorpseinkenni“ sem felur m.a. í sér það að boðskipti eru hröð og óformleg, talsvert er um mikil tengsl á milli tónlistarmanna úr alls kyns geirum og mörk á milli atvinnumennsku og áhugamennsku eru óljós. Smæð og nánd stýrir m.ö.o. mörgu. Bókin er tilraun til að greina rauðan þráð í dægurtónlistarsamfélagi Íslands síðustu sjötíu árin í þessu tilliti, hvernig íslenskir samfélagshættir stýra dægurtónlistarstarfsemi og hvernig þeir byggja undir þá hlutfallslega miklu virkni sem hér þrífst, eitthvað sem hefur verið staðfest af erlendum fræðimönnum sem hafa lagt leið sína hingað (Prior, Størvold o.fl.).

## „Ég var ekki manneskja, ég var sjúklingur“: Völd geðheilbrigðiskerfisins og áhrif þess á bata af andlegum áskorunum

Svava Arnardóttir, Snæfríður Þóra Egilson

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild - fötlunarfræði

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á upplifun og reynslu einstaklinga af völdum og bata innan íslensks geðheilbrigðiskerfis. Fræðilegt sjónarhorn rannsóknarinnar var gagnrýnin fötlunarfræði. Notast var við eigindlegar rannsóknaraðferðir og vinnulag grundaðrar kenningar við úrvinnslu gagna. Þátttakendur voru átta einstaklingar; fjórar konur, fjórir karlar, sem öll höfðu náð bata af andlegum áskorunum. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós mismunandi persónulega skilgreiningu þátttakenda á bata í takt við lífsreynslu þeirra, gildi, umhverfi og þau tækifæri sem þeim bauðst til að vinna í geðheilsu sinni. Batahvetjandi skref fólu í sér samfélagslega þátttöku á forsendum einstaklingsins og manneskjan þurfti ekki að vera laus við allt sem amaði að. Það að taka ábyrgð á eigin lífi var gegnumgangandi lykilþáttur í bataferli þátttakenda. Upphaflega þráðu mörg að fagaðilinn væri með lausnina við vanlíðan. Við tók ákveðin biðstaða og sum sögðust hafa tapað færninni til að taka ákvarðanir sjálf í kjölfarið. Önnur höfðu djúpstæða þörf fyrir að stýra eigin lífi en geðheilbrigðiskerfið gaf sjaldnast færi á því að einstaklingurinn færi með slík völd og þá tóku gjarnan við tilraunir til að sanna sig, færa rök og semja um einhvers konar málamiðlun. Völd geðheilbrigðiskerfisins birtust í uppbyggingu þess, stöðluðu vinnulagi og læknisfræðilegri sýn. Þar má nefna forræðishyggju, niðurnjörvað sjúklingshlutverk og greiningar, geðlyf og ójafna dreifingu valda milli ólíkra aðila. Upplifun viðmælenda af völdum geðheilbrigðiskerfisins hafði neikvæð áhrif á líðan þeirra og í sumum tilfellum varð það einnig enn eitt áfallið sem þurfti að vinna úr til að ná bata.

## „Brjáluð fræði“ Ný fræðagrein í íslensku samhengi

**Gunnhildur Una Jónsdóttir**

Fötlunarfræði, Félagsvísindstofnun

Í þessu erindi verður ný fræðagrein, Brjáluð fræði, (e.Mad studies), kynnt til sögunnar. Brjáluð fræði urðu til snemma á 21.öldinni en eiga sér rætur í hreyfingunni "Mad movement", frá sjöunda og áttunda áratugar síðustu aldar. Í "Mad movement" var barist fyrir mannréttindum fólks, sem hafði upplifað geðrænar áskoranir og gengist undir meðferðir í geðheilbrigðiskerfinu.Brjáluð fræði og réttindabarátta fólks með geðrænar áskoranir eiga sér hliðstæðu innan þess sem hefur verið nefnt "Anti Psychiatry" og snerist um andóf nokkurra geðlækna við starfsemi stéttarinnar á sjöunda áratug síðustu aldar. Brjáluð fræði tengjast einnig annari bylgju feminisma sem benti á ólík viðmið fyrir konur og karla í kröfum um að vera innan "normsins".Í erindinu verður gerð grein fyrir því hvernig Brjáluð fræði hafa þróast og orðið sjálfstæð fræðagrein sem kennd er í háskólum beggja vegna Atlantshafsins.Brjáluð fræði byggja á samstarfi við grasrótarsamtök eins og "c/s/x" (consumer/survivor/ex-patient) hreyfingunni í Norður Ameríku og "psychiatric survivor" hreyfingunni í Bretlandi. Innan fræðanna er áhersla á að tenging við þannig samtök sé til staðar og sterk, til þess að sporna við því að til verði nýtt valdakerfi innan akademíunnar; valdakerfi sem taki yfir líf fólks og viðhaldi hlutverki þess sem viðfangsefni annara.Innan Brjálaðra fræða er áhersla á að vinna gegn tvíhyggju og skapa rými og hljómgrunn fyrir raddir "Brjálaðra" einstaklinga, bæði í samfélaginu og innan vísindaheimsins. Þetta erindi mun þannig varpa sýn á tilurð og tilgang Brjálaðra fræða og velta upp spurningum um hvernig megi finna þeim stað innan íslensks samfélags.

## Afhverju að skilgreina menningu og skapandi greinar?

Anna Hildur Hildibrandsdóttir[1], Erla Rún Guðmundsdóttir[2]

[1] Félagsvísindastofnun/Háskólinn á Bifröst; Rannsóknasetur skapandi greina
[2] Rannsóknasetur skapandi greina

Þessi rannsókn fjallar um skilgreiningar á atvinnuvegi menningar og skapandi greina, þörfina fyrir þær og áhrif þeirra. Það vakti athygli við myndun ríkisstjórnarinnar árið 2021 að til varð menningar- og viðskiptaráðuneyti. Menningin var sett í samhengi við viðskipti og ferðamál, en ekki menntamál eins og áður hafði verið. Af því má álykta að umræðan um hagræn áhrif skapandi greina, sem hófst upp úr aldamótum og náði flugi með kortlagningu árið 2011, sé að skila sér með auknum slagkrafti í opinbera umræðu og stefnumótun. Nýtt ráðuneyti varð til einmitt áratug síðar, og sama ár litu menningarvísar Hagstofunnar dagsins ljós.Skilgreiningar hafa verið þrætuepli og skortur á rannsóknum hefur hamlað þroska í orðræðu á þessu sviði. Ljóst er að akkur er af því að vinna með alþjóðlegar atvinnugreinaflokkanir á borð við þær frá Eurostat, sem menningarvísarnir taka mið af. Slíkar skilgreiningar gera okkur kleift að bera saman stöðu og þróun greinanna á milli landa og tímabila. Þótt þörfin fyrir afmarkaðar skilgreiningar sé skýr í opinberri tölfræði, útilokar það ekki að aðrir þættir séu skoðaðir út frá hugtökum eins og vistkerfi menningar og skapandi greina, sem fjallar um áhrif þeirra í víðara samhengi.Markmið rannsóknarinnar er að undirbyggja fræðilegan grunn fyrir frekari rannsóknir á atvinnulífi menningar og skapandi greina á Íslandi, því mikilvægt er að skilja tækifærin sem í því felast fyrir íslenskt samfélag og hagkerfi. Rannsóknin byggir á heimildavinnu, fræðilegri samantekt og skjalagreiningu, auk þess sem unnið er með greiningu á gögnum frá Hagstofu Íslands.

## Framlag menningar og skapandi greina til verðmætasköpunar á Íslandi

Ágúst Ólafur Ágústsson

Stjórnmálafræðideild

Framlag menningar og skapandi greina til verðmætasköpunar á Íslandi.Rannsóknin fjallar um framlag menningar og skapandi greina til verðmætasköpunar á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að leggja mat á efnahagsleg verðmæti menningar og skapandi greina. Megindlegum og eiginlegum aðferðum var beitt við rannsóknina. Unnið var m.a. úr gögnum Hagstofu Íslands, Alþingis, Stjórnaráðs Íslands, Rannsóknarseturs skapandi greina, EUROSTAT og OECD. Jafnframt hafði rannsakandi samband við fjölmarga fagaðila á vettvangi stjórnsýslu og menningar.Helstu niðurstöður eru:Í rannsókninni eru lagðar til 40 tillögur í þeim tilgangi að efla menningu og skapandi greinar á Íslandi og auka verðmætasköpun. Ágúst Ólafur Ágústsson, doktorsnemi og stundakennari í Háskóla Íslands

## Er handverk utangarðs?

Steinunn Hauksdóttir

Rannsóknasetur skapandi greina

Svo virðist sem handverksgreinar á Íslandi falli milli skips og bryggju þegar kemur að stefnumálum hins opinbera og lagaumhverfi. Ýmist eru þær settar í samhengi hönnunar, listar eða menningararfs, sem gerir þær að eins konar aukapersónu í sögu þeirra í stað þess að utan um þær sé tekið og þeim ljáð hlutverk aðalpersónu á eigin sögusviði. Þessi túlkun er byggð á þátttöku í Tracks4Crafts (T4C), rannsókn sem tekur til níu Evrópulanda og hefur að markmiði að standa vörð um og styrkja miðlun á handverksþekkingu til þess að auka efnahagslegt og samfélagslegt gildi hennar innan Evrópu og efla hlutverk handverks í samhengi framtíðar menningararfleifðar. Rannsóknin er yfirstandandi en á þessu stigi má segja að þær niðurstöður sem snerta Ísland séu að opinberri umgjörð handverks á Íslandi sé ábótavant, að handverk sé utangarðs þegar kemur að stuðningsumhverfi skapandi greina. Engin stefna á vegum íslenskra stjórnvalda nær sérstaklega yfir handverksgreinar í heild, styrktækifæri fyrir handverksfólk virðast torfundin og í íslenskum lögum er sjaldan minnst sérstaklega á handverk. Um þessi mál, meðal annarra, verður stiklað á stóru í erindinu, greint verður frá T4C, rætt verður um stoðir handverks í samfélaginu og hver þörfin sé á frekari rannsóknum í þessum efnum.

## Er menningarstjórnun „kvenmannsverk”? Hvað segja íslenskir stjórnendur í menningargeiranum?

Sigrún Lilja Einarsdóttir, Njörður Sigurjónsson

Félagsvísindadeild - Háskólinn á Bifröst

Markmið þessa erindis er að skoða sérstaklega starfsumhverfi stjórnenda í menningargeiranum á Íslandi og hluti af þeirri rannsókn var að skoða samsetningu og bakgrunn stjórnenda — bæði æðstu stjórnenda og millistjórnenda, ásamt því að skoða hvað það er í íslensku menningarlífi sem veldur því að konur eru í miklum meirihluta sem æðstu stjórnendur (80%). Tekin voru viðtöl við 20 stjórnendur í íslenskum menningarstofnunum (opinberum og einkareknum) og einnig var lögð fyrir rafræn spurningakönnun sem send var bæði á millistjórnendur og æðstu stjórnendur í þessum geira. Í máli viðmælenda koma fram þær skýringar meðal annars að almennt séu konur með betri menntun og víðtækari reynslu en karlkyns starfsbræður þeirra — þ.e. konur eru líklegri til að hafa meiri reynslu í „harkinu” í margs konar menningartengdum verkefnum sem oftar en ekki eru illa fjármögnuð og útheimta gríðarmikla vinnu. Aukin sérhæfing og fagmennska (e. professionalisation) innan menningargeirans og há atvinnuþátttaka íslenskra kvenna á heimsvísu eru þættir sem skipta máli en launastrúktúr er mun lægri í menningargeiranum, sem helst í hendur við mikla vinnu, flata stigskiptingu, gríðarmikla ábyrgð og umtalsverða óvissu hvað varðar fjármögnun og framtíðarhorfur, sem getur útskýrt fjarveru karlanna að hluta. Einnig er mikilvægt að leita í söguna, hvar karlmenn eru yfirleitt í hlutverki listamannanna en konurnar frekar í hlutverki aðstoðarfólks (ólaunað á köflum) eða eru hluti af framleiðsluteyminu. Niðurstöður gefa til kynna að markviss samanburður á starfsumhverfi meginstofnana á öllum Norðurlöndunum gæti verið mikilvægur, varðandi jafnrétti og fjölbreytileika og tengsl þessara þátta við sögu, hefð, aldur og stöðu meginstofnana í menningarlífi þessara þjóða.

## Sjálfbærnisjónarhorn menningarstofnana: Loforð, listsköpun og loftslagsmarkmið

Bergsveinn Þórsson, Njörður Sigurjónsson

Félagsvísindadeild við Háskólann á Bifröst

Menning og listir hafa heilmargt fram að færa til sjálfbærar þróunar. Því er gjarnan haldið á lofti að menningarstarfsemi og listsköpun ýti undir skapandi hugsun, auki samheldni og geti sett umhverfisbreytingar í sögu-, samfélags- og persónulegt samhengi. Allt eru þetta þættir sem taldir eru mikilvægir fyrir þá samfélagslegu umbreytingu sem aðlögun að loftslagsógninni krefst. Með vaxandi kröfum um innleiðingu sjálfbærnimarkmiða, mælinga og loftslagsstefna innan skipulagsheilda hafa menningarstjórnendur í síauknum mæli þurft að samþætta ólík gildi og hugsjónir, frá loftslagsmarkmiðum, listrænu gildi, til rekstrarsjónarmiða. Í þessum fyrirlestri verður sagt frá rannsókn undirritaðra á innleiðingu á sjálfbærni- og loftslagsmarkmiðum innan fjögurra menningarstofnanna í Reykjavík. Út frá sjónarhorni gagnrýnnar gagnhyggju skipulagsheilda vörpum við ljósi á hvernig menningarstjórnendur flétta saman ólíkar stefnur sjálfbærniviðmiða, skipulagsheildanna og þeirra sjálfra í sættunarferli sem leiðir til þess að sjálfbærni- og loftslagsstefnur taka á sig ólíkar myndir.

# Hinsvegar: Ólík gildi innan menningargeirans eins og þau koma fyrir í orðræðu stjórnenda

**Njörður Sigurjónsson**

Félagsvísindadeild - Háskólinn á Bifröst

Spenna á milli ólíkra sjónarmiða og gildismats víða nefnt sem eitt einkenni menningarstjórnunar, jafnvel það helsta. Þó er það svo að í umfjöllun um andstæð gildi í menningarstjórnun eru árekstrar ýmist smættaðir í einfalda tvíhyggju, er virðist ósættanlegra póla, eða hagræna markskynsemi þar sem lítið rými er gefið fyrir átök eða blæbrigði. Í erindinu eru gerð grein fyrir rannsókn sem gerð var árið 2023 á viðhorfum og gildismati íslenskra menningarstjórnenda þar sem markmiðið var að öðlast betri skilning á áskorunum og viðfangsefnum í íslenska menningargeiranum. Gögnum var safnað með viðtölum við æðstu stjórnendur tuttugu stærri menningarstofnana, bæði opinberum og einkareknum. Við greininguna var tekið mið af fjölhyggjukenningum um stjórnun og sjónarhornahyggju, auk réttlætingakenninga um ólík gildakerfi. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að menningarstjórnendur þurfa að taka mið af fjölbreyttum áskorunum er varða meðal annars sjálfbærni, aðgengi, jafnrétti, fjölbreytileika og inngildingu, auk þátta eins og afkomu, samkeppni, tæknibreytinga, og efnahagsumhverfi. Áskoranir eru þó misjafnlega aðkallandi í samanburði við aðrar og eru rök færð fyrir því út frá gögnunum að menningarstjórnendur séu reiðubúnir og vanir að þurfa að semja um ólík sjónarmið, útskýringar og réttlætingu. Rannsóknin er framlag til frekari skilnings á menningarstjórnun, gildum og umhverfi menningarstarfssemi.

## Sagnalist Samsæriskenninga

**Eiríkur Bergmann**

Háskólinn á Bifröst

Þótt samsæriskenningar geti vissulega verið álitnar falskar frásagnir atburða er einnig hægt að skilja þær með augum skapandi sagnagerðalistar. Líkt og goðsagnir eða þjóðsögur bjóða samsæriskenningar upp á heildstæðar skýringar á óreiðukenndum atburðum og veita þannig tilfinningu fyrir reglu í ringlulreið veraldarinnar. Samsæriskenningar fela því oft í sér einfaldar frásagnir af flóknum atburðum. Líkt og skáldsagnahöfundar hleypa samæriskenningasmiðir ímyndunaraflinu á skeið í skrifum sínum og smíða gjarnan stórfenglega söguflléttu (e. plot) og bjóða upp á aðrar skýringar á stórum atburðum en þær viðteknu. Þá hvílir frjásögn samsæriskenninga gjarnan á erkitýpískum persónum, baráttu hetja og illvirkja, og kallast þannig á við klassískar sögulínur bókmenntanna. Samsæriskenningar fylgja með öðrum orðum sömu menningarlegu og sálfræðilegum brautum sagnagerðar og maðurinn hefur um aldir vanist á að fylgja. Þess vegna eru þær svo kröftugar og heillandi. Í þessu erindi velti ég upp hvort hægt sé að líta á samsæriskenningar sem sérstakt bókmenntaform. Til dæmis kallast frásögnin um sumt á við Íslendingasögunar. Líkt og Íslendingasögurnar eiga þær sér iðulega óljósan uppruna af raunverulegum atburðum og staða höfundarins er óljós.Með því að tengja saman sannleiksslitrur héðan og þaðan og vefja þær inn í með klassískri skáldaðri frásögn hefðbundna skáldsagnagerð frásögn fanga samsæriskenningar áheyrendur sína líkt og aðrar tegundir sagna. Með því að líta á samsæriskenningar sem skapandi sagnaform opnast nýjar leiðir til að greina aðdráttarafl þeirra og áhrif og veita innsýn í hvernig frásagnir móta sameiginlega vitund og verða þannig að því öfluga samfélagslega hreyfiafli sem þær hafa undanfarið orðið að.

## Sannast sagna. Um sögusagnir, flökkusagnir og sagnamynstur í samtíma

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst

Þjóðsögur og sagnir eru menningarhefð sem flestir tengja við fortíðina, oft kallaðar "kellingabækur" og "bábiljur". Fræðimenn hafa áttað sig á að ekki er þó allt sem sýnist um slíkar sagnir, því þær hafa í gegnum tíðina haft bæði hlutverk og virkni þótt dult fari. Sagnahefðin lifir að ýmsu leyti góðu lífi enn í dag og er að verki í samskiptum okkar, á samfélagsmiðlum, í fjölmiðlum og víðar. Hún getur bæði haft skoðanamyndandi áhrif og verið spegill þjóðarsálar. Þá hefur sagnahefðin reynst notadrjúgur brunnur listsköpunar og markaðssetningar, til dæmis í ferðaþjónustu, og skapað þannig ófá tækifæri í menningargeiranum.Í erindinu verður litið til helstu kenninga og dæma um áhrif og hlutverk munnmæla í fortíð og nútíð. Með hliðsjón af skrifum bókmennta- og þjóðfræðinga á borð við Alan Dundes, Bill Ellis, Edwin Ardeners og Timothy Tangherlinis, verður skoðað hvernig sögusagnir og sagnamynstur birtast í orðræðu og umræðum nútímans um ýmis samfélagsleg málefni sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Hvað eiga slíkar frásagnir sameiginlegt með þjóðfræðaefni úr munnmælageymdinni? Hvernig ríma þær við fræðilega umræðu um hópamyndun, þjóðernismótun, öðrun og aðgreiningu í sagnahefð og samtíma? Úr hvaða jarðvegi spretta slíkar sagnir? Hvaða sannleika miðla þær? Hvert er birtingarform þeirra og hlutverk? Hvernig berum við kennsl á þær?Í fyrirlestrinum verður leitast við að svara ofangreindum spurningum og varpa ljósi á þá samfélagsþætti sem hafa áhrif á sagnamyndun samtímans. Niðurstaðan er sú að sannleikurinn er oft fólginn í fleiru en staðreyndum.

# Menntun í grunn- og framhaldsskólum

## Samhljómur og togstreita í orðræðu kennara framhaldsskóla og háskóla í STEM-greinum um undirbúning nemenda fyrir háskóla

Bjarnheiður Kristinsdóttir[1], Ingólfur Gíslason[2]

[1] Lektor við Deild faggreinakennslu og Raunvísindadeild, HÍ
[2] Aðjúnkt við Deild faggreinakennslu, HÍ

Áhyggjur af brotthvarfi og að fáir nemendur útskrifist úr raungreinum, tæknigreinum, verkfræði og stærðfræði (STEM-greinum) á háskólastigi hafa farið vaxandi á Íslandi, eins og víða um heim. Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á námskrá framhaldsskólanna og kennarar á því stigi hafa kvartað yfir skorti á leiðbeiningum og kennsluefni. Á sama tíma lýsa háskólakennarar áhyggjum af undirbúningi nemenda. Í þessu erindi er ætlunin að miðla hverju tilraun til að leiða saman stærðfræðikennara á framhalds- og háskólastigi til umræðu þvert á skólastig getur skilað. Haustið 2023 og vorið 2024 heimsóttu háskólakennarar úr stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og tölvunarfræði 30 framhaldsskóla til að koma af stað slíkri umræðu en heimsóknirnar voru hluti af stærri rannsókn (SamSTEM verkefni HÍ, HR og HA) á mörkum skólastiganna tveggja. Við lýsum því hvernig meðlimir þessara tveggja ólíku starfssamfélaga skilja og líta á þær áskoranir sem nemendur þeirra standa frammi fyrir og veltum fyrir okkur mögulegum samhljóm og mögulegri togstreitu milli þeirra.Rannsóknarspurning okkar er því eftirfarandi: Hverjar eru gagnkvæmar væntingar og hvað ber í milli, í orðræðu hjá stærðfræðikennurum í framhaldsskólum og háskólum, um undirbúning nemenda fyrir háskólanám í STEM-greinum.Fundargerðir og nótur þátttakenda voru þemagreindar. Niðurstöður benda til þess að framhaldsskólakennarar kalli eftir ákveðnari tilmælum frá háskólastiginu um undirbúning, skýrari ramma frá menntamálayfirvöldum varðandi námsmat og inntak áfanga, sem og aðgengi að góðu námsefni. Jafnframt benda þær til þess að háskólakennarar verði varir við að nemendur upplifi eins konar áfall þegar komið er í háskóla vegna miklu meiri krafna um reiknigetu, röksemdafærslur og próf.

# Hver er munurinn á líðan framhaldskólanema í bóknámi og starfsnámi og viðhorfum þeirra til náms?

Sæberg Sigurðsson, Elsa Eiríksdóttir

Deild faggreinakennslu - Menntavísindasvið HÍ

Á Íslandi velur meirihluti nemenda bóknám fram yfir starfsnám í framhaldsskóla. Þó eru vísbendingar um að aukinn fjöldi nemenda velji starfsnám beint að loknum grunnskóla en áður. Í umræðu um eflingu starfsnáms er mikilvægt að horfa til þess hvort að viðhorf starfsnámsnemenda, og líðan þeirra í náminu, sé á einhvern hátt ólík því sem gerist hjá bóknámsnemendum. Veturinn 2023-2024 var Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) lögð fyrir nemendur í framhaldsskólum í fyrsta skipti og bárust 7010 svör úr 33 framhaldsskólum, sem er um 32% svarhlutfall. Í erindinu verða gögn úr rannsókninni notuð til að meta muninn á svörum 15—20 ára nemenda í bóknámi og starfsnámi, með sérstakri áherslu á skuldbindingu til náms, mat á gildi námsins, félagslega skuldbindingu og almenna líðan.Niðurstöðurnar sýna að starfsnámsnemendur hafa almennt meiri áhuga á námi sínu en bóknámsnemendur og eru líka ánægðari með það sem þeir gera í kennslustundum. Þeir einnig hafa meiri trú á að námið sé nauðsynlegt til að ná árangri í framtíðinni. Á hinn bóginn taka bóknámsnemendur meiri þátt í félagslífinu og upplifa sig frekar hluta af tilteknum hópi innan skólans. Þeir upplifa einnig meira álag vegna námsins og verja meiri tíma í heimanám. Þó að almenn líðan sé svipuð meðal beggja hópa er algengara er að starfsnámsnemendur íhugi að hætta í náminu og gera eitthvað annað en að vera í skóla. Í erindinu verður kafað dýpra ofan í þessi tilteknu atriði og fleiri þætti sem þeim tengjast.

## Lærdómur úr PISA rannsókninni um náttúruvísindamenntun íslenskra ungmenna

Haukur Arason, Edda Elísabet Magnúsdóttir

Deild faggreinakennslu, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

Alkunna er að PISA-könnun mælir náttúruvísindalæsi íslenskra 15 ára nemenda í alþjóðlegu samhengi og metur jafnframt breytingar með tíma. Könnunin hefur verið lögð fyrir með reglulegu millibili frá árinu 2000 og síðast 2022. Náttúruvísindalæsi íslenskra ungmenna hefur ævinlega verið lélegt í alþjóðlegum samanburði en síðustu niðurstöður eru þær verstu sem mælst hafa frá upphafi. Fallið milli áranna 2018 og 2022 er jafnframt það mesta sem mælst hefur. Ísland stendur veikast af Norðurlöndunum og hrapar enn neðar frá meðaltali OECD-þjóðanna. Athygli vekur að nánast engir íslenskir unglingar ná afburða árangri. Þróunin síðustu tvo áratugi veldur verulegum áhyggjum og ljóst að menntakerfið þarfnast mikilla umbóta svo rétta megi við þessa slæmu þróun. Í þessu erindi verður fjallað um þekkingar- og færniáherslur í náttúruvísindahluta PISA og þær settar í samhengi við áherslur í náttúruvísindamenntun í íslenskum grunnskólum. Skoðuð er dreifing PISA verkefnanna 2022 eftir færnisviðum, hæfniþrepum og þekkingarflokkum. Sjónum verður beint að mögulegum áhrifum stjórnvaldsaðgerða á undaförnum árum á niðurstöður náttúruvísindahluta PISA hér á landi. Ræddar verða mögulegar leiðir til úrbóta svo sem: 1. Veruleg aukning umfangs náttúruvísindanáms á unglingastigi grunnskóla. 2. Gerð vandaðrar aðalnámskrár í náttúruvísindum ásamt ítarlegu stuðningsefni. 3. Upptaka samræmds námsmats í náttúruvísindum. 4. Útgáfa vandaðs náms- og kennsluefnis ásamt stuðningsefni fyrir kennara á öllum stigum grunnskólans. 5. Bætt aðstaða og stuðningur við kennara til að kenna náttúruvísindi. 6. Aukin og bætt endurmenntun og grunnmenntun kennara í náttúruvísindum og íkennslufræðum náttúruvísinda. Meiri nýliðun náttúruvísindakennara. 7. Auknar rannsóknir á náttúruvísindamenntun í íslenskum grunnskólum m.a. þátttaka í hinni alþjóðlegu TIMSS-rannsókn.

## Væri ástæða til að hafa samræmda margföldunarkönnun í grunnskóla?

Björg Pétursdóttir

Deild faggreinakennslu; Menntavísindasvið

Rannsóknin er starfendarannsókn sem var lögð fyrir 298 nemendur í 1. og 3. bekk í Kvennaskólanum í Reykjavík og um 100 kennaranema B.Ed. námi. Markmiðið var að athuga hversu góð kunnátta og leikni væri í margföldun hjá getumeiri nemendum við upphaf skólagöngu í framhaldsskóla og hvort hún breytist eftir því sem líður á skólagönguna. Vonast var til að fá fram leiðsögn um hvort mikilvægt væri að leggja meiri áherslu á grunnfærni í grunnskóla s.s. að læra margföldunartöfluna utanbókar.Könnunin var á pappír. Öðrumegin voru 36 margföldunardæmi upp í 9×töfluna og hinum megin 36 deilingardæmi. Nemendur fengu mínútu til að svara hvorri hlið. Við túlkun gagna var ákveðið að miða við að lágmarkskunnátta væri 10 rétt dæmi á mínútu. Það tengist viðmiði sem Bretar nota í samræmdri margföldunarkönnun, sem haldin er árlega fyrir 8-9 ára börn. 99% framhaldsskólanemenda sem tóku þátt í könnuninni voru með B eða hærra í stærðfræði við lok grunnskóla. Niðurstaða könnunarinnar er að um 11% þeirra nemenda sem hófu nám á félagsvísindabraut og 5,4% nemenda á náttúruvísindabraut náðu ekki lágmarksviðmiði í margföldun. Í þriðja bekk hafði hlutfallið ekkert breyst á félagsvísindabraut (11%) en í náttúruvísindabekkjunum höfðu allir náð lágmarksviðmiði. Um 17% kennaranema náðu ekki lágmarksviðmiði í margföldun. Mun hærra hlutfall allra rannsóknahópa náðu ekki lágmarksviðmiði í deilingu, nær tvöfalt fleiri stelpur en strákar. Spurning er hvort Íslendingar ættu að taka Breta til fyrirmyndar og skylda samræmda margföldunarkönnun með það að markmiði að leggja áherslu á margföldun og deilingu í grunnskóla og kortleggja þá sem þurfa aðstoð.

## ""Minn þanki og meining er sú að huldufólk til sé"" : Álfasögur Ólafs í Purkey

**Jón Jónsson**

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa

Á fyrri hluta 19. aldar bjó Ólafur Sveinsson í Purkey á Breiðafirði. Samhliða búskaparbaslinu skrifaði hann upp handrit og frásagnir og hafði mikinn áhuga á þjóðlegum fræðum. Tvö af handritunum sem hann skrifaði hafa að geyma sögur af álfum og huldufólki, bæði skrifuð um 1830 sem er nokkru áður en þjóðsagnasöfnun hófst af kappi á Íslandi. Þessi handrit eru varðveitt á Landsbókasafni Íslands — Háskólabókasafni og þegar þau eru skoðuð kemur í ljós að Ólafur leggur metnað sinn í að sannfæra lesendur um tilvist álfa og huldufólks og færir ýmis rök fyrir máli sínu. Í fyrirlestrinum verður sagt frá rannsókn á þessum handritum og álfasögum Ólafs í Purkey og handritin um leið skoðuð með aðferðum orðræðugreiningar og frá sjónarhóli þjóðsagnafræðinnar. Að auki eru skrifin sett í sögulegt samhengi, bæði hvað varðar áhrifavalda og fyrirmyndir Ólafs og þjóðsagnaritun og -söfnun á 19. öld. Í álfasögum hans birtast í bland persónulegar reynslusagnir úr Breiðafjarðareyjum og margvíslegar eldri sögur, sem t.d. eru komnar frá alþýðufræðimanninum Jóni lærða Guðmundssyni. Ólafur varð að nokkru leyti aðhlátursefni lærðra samtímamanna sinna fyrir sína einbeittu álfatrú og er fróðlegt að skoða þau viðhorf. Eins er áhugavert að velta fyrir sér að hvaða leyti hugmyndaheimurinn sem birtist í sögum hans endurspeglar þjóðtrúarhugmyndir alþýðu á þessum tíma, þegar þjóðtrú, sagnamennska og handritamenning fléttuðust saman í órofa heild. Álfasögur Ólafs í Purkey eru um leið kjörinn efniviður til að auka skilning okkar á undraveröld þjóðsagnanna.

# „Mér þykir í myrkrinu mikið bágt að una“: Um áhrif ljóss og myrkurs í heimildum um bændasamfélagið á 19. og 20. öld

Sigurlaug Dagsdóttir

Þjóðminjasafn Íslands

Sem manneskjur lifum við í veröld þar sem skapandi hreyfanleiki ljóssins er ófrávíkjanlegur hluti af þeim hrifum sem við verðum fyrir. Kjörnuð í hversdagslega veru okkar í heiminum eru birtuskilyrði, oftast meðtekin án þess að vekja athygli eða umhugsun en það er helst þegar við erum stödd á ókunnugum stað eða verðum vör við óvenjulega breytingu að við tökum eftir þeim. Staða Íslands á hnettinum skapar sérstakt umhverfi þegar kemur að veru okkar í ljósi, rökkri og myrkri. Hluta úr ári njótum við takmarkaðrar dagsbirtu og búum við ofgnótt hennar yfir vissan tíma. Á öldum áður sköpuðu vistarverur á Íslandi, torfbæirnir, einnig ákveðin birtuskilyrði sem mótuðu hversdagslegt líf fólks. Hér verður stuðst við svör við spurningaskrám Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands og þau sett í fræðilegt samhengi. Sérstaklega verður litið til tveggja tímabila sem finna má lýsingar á: þegar olíulampinn tók við af lýsislömpum og öðrum ljósfærum við lok 19. aldar og þegar rafljósið varð hluti af híbýlum fólks í upphafi 20. aldar og fram á öldina. Í fyrirlestrinum færi ég rök fyrir því að ljós og birtuskilyrði mótuðu líf fólks í gamla bændasamfélaginu og birti mynd af veröld þar sem myrkur og rökkur var eðlilegt í daglegum vistarverum. Að lokum verður varpað fram þeirri spurningu hvað sögulegar breytingar á birtuskilyrðum geta sagt okkur um skilning samtímans á myrkri og ljósi þar sem myrkrið er á undanhaldi?

# Er þér sama hvar þú lendir?: Útfarar- og greftrunarsiðir í samtímanum

Dagrún Ósk Jónsdóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Útfarar- og greftrunarsiðir hafa tekið örum breytingum á Íslandi á undanförnum árum. Fleiri valkostir standa fólki til boða en áður. Nú eru til að mynda meira en helmingur útfara á höfuðborgarsvæðinu bálfarir. Viðhorf hafa breyst, umræðan er opnari og fólk hefur því betri tækifæri til að koma óskum sínum á framfæri. Í rannsókninni sem hér er kynnt er sjónum beint að einstaklingum sem hafa velt fyrir sér hvernig standa á að málum þegar það sjálft fellur frá. Fólk sem vill til dæmis láta brenna sig og dreifa öskunni á ákveðnum stað, hefur valið sér legstæði í kirkjugarði, valið tónlistina fyrir jarðarförina eða ljósmyndina sem á að fylgja með dánartilkynningunni. Notast er við eigindlegar rannsóknaraðferðir, tekin voru djúpviðtöl og þau svo greind út frá hugmyndum fyrirbærafræðinnar, með það að markmiði að komast að ástæðunum sem búa að baki þessum ákvörðunum og undirbúningi. Þá er tekið tillit til þess hvort munur er til dæmis á milli kynja og kynslóða. Það er ljóst að fólk hefur mikinn áhuga á að ræða þetta viðfangsefni. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að það sé fólki mikilvægt að hafa áhrif á sinn hinsta hvíldarstað og að jarðaförin endurspegli vilja þeirra á einhvern hátt.

## Vísinda- og tækniráð 2003-2023: In Memoriam

Ágúst Hjörtur Ingþórsson

Rannís

Í þessu erindi er gerð grein fyrir starfsemi Vísinda- og tækniráðs á árunum 2003-2023. Fjallað er um hvernig ráðið starfaði og stöðu ráðsins út frá fyrirkomulagi annarra stjórnsýslulegra eininga. Stiklað er á stóru um fyrirkomulagi OECD-ríkja á stefnumótun í málaflokknum og matskýrslur á Vísinda- og tækniráði kynntar til sögunnar.Markmið rannsóknarinnar er að leita svara við rannsóknarspurningunum: Hvers vegna var Vísinda- og tækniráði komið á laggirnar og hverjar voru röksemdir þess að ákveðið var í árslok 2022 að leggja ráðið niður í þeirri mynd sem til þess var stofnað 2003?Í rannsókninni er greint hvernig áform stjórnvalda gengu eftir í ljósi stefnukenninga (e. public policy theories). Aðferðafræðin felur í sér textarýni á stefnuskjölum Vísinda- og tækniráðs og öðrum gögnum sem tengjast stefnumótun og starfi ráðsins. Auk þess sem viðtöl voru tekin og rýnt í innleiðingu á stefnumálum. Niðurstöður benda til þess að meginhvatinn að baki breytingunum árið 2003 hafi verið að auka pólitískt vægi stefnumótunar málaflokksins sem var forsenda fyrir auknum fjárveitingum til hans. Þá hafi væntingar um aukna samhæfingu einnig verið hvati til breytinga. Fyrirkomulagið sem var sett á laggirnar 2003 féll illa að hefðum íslenskrar stjórnsýslu sem einkennist af skýru ráðherraræði. Meðal annars vegna þessa var ákveðið að gera breytingar á nafni, samsetningu og hlutverki ráðsins sem tóku gildi 2023.

## Opinber útboð í þágu nýsköpunar: Er hægt að nýta opinber útboð til að efla nýsköpun á Íslandi

Gissur Þór Rúnarsson

Félagsvísindadeild Háskóla Ísland

Þessi rannsókn fjallar um möguleika þess að nýta opinber útboð sem hvata fyrir nýsköpun innan íslenska nýsköpunarvistkerfisins. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði, þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við lykilaðila sem koma að opinberum útboðum og nýsköpun á Íslandi, ásamt greiningu á viðeigandi gögnum. Markmiðið er að kanna hvernig opinber útboð geta stuðlað að tækniframförum og efnahagslegum vexti með því að skapa nýsköpunarvæn skilyrði.Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að markviss opinber útboðsstefna getur haft jákvæð áhrif á nýsköpun með því að skapa eftirspurn eftir nýjum lausnum, auka samkeppnishæfni og styðja við þróun nýrrar tækni. Samanburður við erlendar aðferðir leiðir í ljós hvernig hægt væri að aðlaga þær að íslenskum aðstæðum til að styrkja nýsköpun í landinu.Rannsóknin dregur fram mikilvægi þess að tryggja stuðningsríkt regluverk, efla samstarf milli opinberra aðila og einkageirans, og auka þekkingu þeirra sem vinna með opinberum innkaupum. Íslenskt nýsköpunarvistkerfi býður upp á sérstaka möguleika vegna náins samstarfs hagsmunaaðila, sveigjanleika og hraða í aðlögun nýrra hugmynda.

# Þáttur stjórnvalda í þróun nýsköpunar

Rögnvaldur J. Sæmundsson, Hannes Ottósson

Háskóli Íslands

Á síðustu áratugum hafa stjórnvöld um allan heim í sívaxandi mæli beitt sér fyrir því að efla nýsköpun og hafa gjarnan sett sér sérstaka stefnu til þess. Þrátt fyrir það eru rannsakendur ekki sammála um þátt stjórnvalda í þróun nýsköpunar og hvernig stjórnvöld geti lært af fyrri reynslu og sniðið stefnu sína að aðstæðum hverju sinni. Í þessu erindi er fjallað um hvernig auka megi þekkingu á þessu viðfangsefni með rannsóknum á stefnu stjórnvalda og þróun nýsköpunar á Íslandi. Kynntar eru niðurstöður frá greiningu á þróun nýsköpunar á Íslandi yfir 20 ára tímabil, frá árinu 2003 til 2022 sem sett var í samhengi við stefnu stjórnvalda á sama tímabili. Textagreining, lýsandi tölfræði og myndræn framsetning er notuð til að meta þróun nýsköpunar og setja í samhengi við stefnu tímabilsins. Niðurstöðurnar sýna að stjórnvöld á Íslandi stefndu að því að skapa þekkingarþjóðfélag þar sem kerfisbundið væri unnið að því að styðja rannsóknir og þróun og þannig byggja nýja stoð undir íslenskt atvinnulíf. Umfang og árangur nýskapandi atvinnugreina jókst talsvert á tímabilinu þó að sú aukning hafi ekki verið umfram atvinnulífið í heild þannig að það má efast um að ný og styrk stoð hafi myndast. Í lokin er fjallað um hvernig megi í frekari rannsóknum á samspili stefnu stjórnvalda og þróun nýsköpunar á Íslandi auka skilning á íslenskum aðstæðum og byggja upp almenna þekkingu á þætti stjórnvalda í þróun nýsköpunar.

## Samfélagslegar áherslur í nýsköpunarstefnu íslenskra stjórnvalda

Hannes Ottósson[1], Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson[2]

[1] Viðskiptafræðdeild - Háskóli Íslands
[2] Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild - Háskóli Íslands

Upphaflega afmarkaðist umræðan af mikilvægi nýsköpunar í atvinnulífinu við samkeppnishæfni einkageirans en undanfarið hefur áherslan í auknum mæli verið á hvernig hægt sé að takast á við samfélagslegar áskoranir með aðstoð nýsköpunar. Samhliða aukinni meðvitund um mikilvægi nýsköpunar fyrir efnahagslega og samfélagslega þróun hafa stjórnvöld víða um heim í auknum mæli haft áhuga að efla nýsköpun og sett sér sérstaka stefnu af því tilefni. Samhliða því hafa samfélagslegar áherslur í nýsköpun í Evrópu aukist.Markmið þessarar rannsóknar er að svara spurningunni: Hvernig hefur samfélagsleg áhersla í nýsköpunarstefnu íslenskra stjórnvalda breytst á undanförnum árum? Þróun íslensku stefnunnar er greind með hliðsjón af fræðum sem afmarka þrjár umgerðir nýsköpunarstefna. Tvær fyrri umgerðirnar (nýsköpun til vaxtar og nýsköpunarkerfi) eru enn markvisst notaðar í stefnum og aðgerðum í samtímanum, en þriðja umgerðin (nýsköpun til umbreytinga), sem leggur áherslu á samfélagslegar kerfisbreytingar, er enn í þróun og hefur hlotnast aukin viðurkenning undanfarið. Frumniðurstöður gefa til kynna að samfélagleg áhersla í stefnu Íslands hafi hægfara verið að aukast á síðustu árum undir áhrifum nágrannalanda. En töluvert meira þurfi til í þróun á stefnu og aðgerðum til að halda í við þær þjóðir sem lengst eru komnar.Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem tekur á stefnu stjórnvalda og þróun nýsköpunar á Íslandi. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að mikið tækifæri leynist í að rannsaka viðfangsefnið á heildrænan hátt með fjölbreyttri aðferðafræði. Verkefnið gæti skilað verðmætum hagnýtum og fræðilegum niðurstöðum innan lands og utan.

## Að leiða stafræna vegferð: Áskoranir stafrænna leiðtoga hjá Reykjavíkurborg

**Kristjana Björk Barðdal**

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Tilgangur rannsóknarinnar var að skilja betur hvernig best er að leiða stafræna umbreytingu innan skipulagsheilda. Rannsóknarspurningin var: Hverjar eru helstu áskoranir sem stafrænir leiðtogar takast á við í stafrænni vegferð? Rannsóknin er tilviksrannsókn sem framkvæmd var með eigindlegri rannsóknaraðferð. Niðurstöðurnar eru byggðar á hálfstöðluðum viðtölum við stafræna leiðtoga og æðstu stjórnendur Reykjavíkurborgar sem tekin voru á tímabilinu júlí 2021 til september 2022. Tilvik rannsóknarinnar er stafræn vegferð Reykjavíkurborgar og er sérstakt að því leyti að ekki hefur verið rannsakað áður hvernig það reynist að ráða stafræna leiðtoga innan hverrar einingar skipulagsheildar til að leiða stafræna vegferð. Niðurstöður úr viðtölum við stafrænu leiðtogana leiddu í ljós að helstu áskoranirnar má greina í sex þemu sem eru umfang, viðhorf til breytinga, tækniskuld, fjármögnun, opinber stjórnsýsla og hlutverk. Frekari þemagreining sýndi fram á sextán undirþemu sem innihalda ólíkar áskoranir sem má rekja til innri og ytri þátta ásamt þátta sem tengjast ferlinu. Stafrænu leiðtogarnir upplifðu öll svipaðar áskoranir. Helstu áskoranir sem þau glímdu flest við gegnum allt ferli rannsóknarinnar má kjarna í óvissu annars vegar og skorti á trausti hins vegar. Erfitt er að leggja mat á hvort sú leið sem farin var að ráða inn stafræna leiðtoga sé betri en að fela stafrænu vegferðina einungis því starfsfólki sem þegar starfar í einingunni. Stafrænir leiðtogar sem ráðnir voru skilja þó vel markmið stafrænu vegferðarinnar og hafa hæfni og bakgrunn til að innleiða hana og líta verður svo á að ráðning þeirra sé rétt skref í því að hefja farsæla stafræna vegferð.

## Staða og sérstaða Klaks í vistkerfi frumkvöðla á Íslandi

**Runólfur Smári Steinþórsson**

Viðskiptafræðideild

Fjallað er um rannsókn á Klaki sem er sérstök skipulagsheild í vistkerfi frumkvöðla á Íslandi. Rannsóknin hefur það að markmiði að lýsa stöðu og þróun Klaks í vistkerfi frumkvöðla á Íslandi á síðustu 10 árum og tilgangurinn er að varpa ljósi á sérstöðu Klaks innan vistkerfisins. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Hvað einkennir stöðu Klaks í vistkerfinu og að hvað - ef eitthvað - er til marks um að Klak hafi sérstöðu sem skipulagsheild í vistkerfinu?Rannsóknin er raundæmisrannsókn sem styðst við fyrirliggjandi gögn um tilurð, skipulagsform, eignarhald og starfsemi Klaks. Einnig er stuðst við frumgögn úr viðtölum við stjórnendur Klaks. Einnig er unnið með gögn úr viðtölum við hagsmunaaðila.Fræðilegur rammi rannsóknarinnar eru kenningar um skipulagsheildir sem eiga samsvörun við Klak og sinna svipaðri starfsemi. Einnig kenningar um vistkerfi frumkvöðla og þá sérstaklega hvað varðar einkenni þeirra skipulagsheilda sem finna má í vistkerfi frumkvöðla.Niðurstaða rannsóknarinnar er að Klak megi skilgreina sem skipulagsheild sem fellur undir það að vera milliaðili og sérhæfður þjónustuveitandi í vistkerfi frumkvöðla. Klak styður við frumkvöðlastarf gegnum fræðslu og ráðgjöf á afmörkuðum sviðum og sérstaða Klaks er helst fólgin í rekstri hraðla á Íslandi. Sem skipulagsheild má skilgreina Klak sem tímatengda og verkefnamiðaða skipulagsheild sem er krefjandi staða þar sem fyrirsjáanleiki í rekstri er takmarkaður og bæði tímafrekt og krefjandi fyrir stjórnendur að tryggja rekstrarfé og halda uppi stöðugleika í rekstrinum.

## Landfræðilegur munur á nýsköpun á Íslandi og þættir í rekstrarumhverfi fyrirtækja

**Cynthia Thúy Đinh**[1], **Vífill Karl**[2], **Helgi Valur Friðriksson**[3]

[1] Háskólinn á Akureyri
[2] Háskólinn á Bifröst
[3] Háskólinn í Malmö

Nýsköpun fyrirtækja er keppikefli í atvinnuþróun og við að viðhalda samkeppnisstöðu fyrirtækja og samfélaga í síbreytilegum heimi. Í þessu verkefni verður gerð tilraun til að greina hvort nýsköpun sé ólík eftir landshlutum á Íslandi, atvinnugreinum eða hvort þættir eins og stærð nærsamfélagsins (sveit, þorp, bær, borg), mismunandi aðstæður á markaði, eða samvinna við önnur fyrirtæki hafi teljandi áhrif. Einnig verður skoðað hvort þjónusta landshlutasamtakanna, Byggðastofnunar og annarra sem veitt hafa fyrirtækjum ráðgjöf, styrki eða lán hafi stuðlað að nýsköpun. Til að mæla nýsköpun verður stuðst við svör þriggja eftirfarandi spurninga eða fullyrðinga: 1) Að hve miklu leyti eru tekjur fyrirtækisins að koma vegna vöru eða þjónustu sem er ný? 2) Fyrirtækið er að þróa nýja vöru og þjónustu 3) Fyrirtækið ver miklum fjármunum í þróun á nýjum vinnuferlum, kerfum, búnaði eða framleiðslutækjum. Stuðst verður við tvær fyrirtækjakannanir þar sem rúmlega 1600 fyrirtæki öllu landinu tóku þátt. Viðurkenndum aðhvarfsgreiningar tölfræðilíkönum fyrir skoðanakannanagögn verður beitt – kölluð raðkvarðalíkön. Meðal niðurstaðna er að jákvæðust fylgni nýsköpunar og kröfuharðra viðskiptavina. Einnig var fylgni jákvæð og marktæk á milli nýsköpunar og uppbyggingarsjóða landshlutasamtakanna auk samstarfs við önnur fyrirtæki og stofnanir ásamt fleiri þáttum.

# A Guide to Collective Ingenuity of Open Innovation Communities: Systematic Literature Review

**Ana Orelj**

School of Business, University of Iceland

Innovation communities have proven to be valuable partners in the innovation process, with collaboration leading to new products, improved efficiency, and more sustainable business operations. Over the years, interest from researchers and practitioners in innovation communities and the cocreation process has constantly increased. Considering this interest, we aimed to synthesize the most recent research on open innovation communities and suggest future research avenues. From two databases Scopus and Web of Science we have systematically chosen sixty-three papers. Data were analyzed using qualitative content analysis (QCA) and by systematic conversion of qualitative data to numerical data. For this process we employed one human and one AI coder which was used in a systematic manner to try to annulate mistakes and biases inherent to human coders. Our analysis first summarized the geographical distribution, major theories, and approaches used in the selected papers. Major themes in recent research were the contribution of community members, the collaboration process, and the openness of a company. Furthermore, we identified four different stages in the cocreation process and conditions for their successful execution.

# Queer Refugees in “Queer Utopias”: Inclusion and Exclusion

## „But when they walk out of the interview room they change“: Narratives of professionals in systems of social support

**Guðbjörg Ottósdóttir**

Félagsráðgjafardeild

People who flee persecution because of sexual orientation or gender identity and expression (SOGIE) constitute a vulnerable group of refugees. Research highlights that migration and sexuality intersect to create multiple intersecting relations of power, including social status regarding ‘race,’ class, gender, geopolitical location, and citizenship. Research has focused on the legal experiences of SOGIE refugees but much less on their social experiences, including those pertaining to social support services The presentation discusses preliminary findings on professionals’ experiences in statutory social services working with SOGIE refugees, based on 15 semi-structured interviews. Professionals view SOGIE refugees as queer subjects in making, thus fitting into the state´s idea of sexuality as an ever-present identity with clear boundaries. The state´s meaning of queerness shows itself in social support practices, as professionals tend to perceive queer refugees as subjects to be freed and assisted to become themselves. The idea of a queer is someone who is out and proud, liberated from oppression and free, once migrated to Iceland. The findings shed light on the complex role professionals have within tight legal frameworks and nationalist ideas of the genuine queer refugee. They navigate professional ethics and approaches in tight legal and cultural frameworks surrounding sexuality and gender identity and expressions.

# Strutting as a queered (un)bordering methodology in qualitative migration studies

Árdís Kristín Ingvars

Félagsvísindadeild

In refugee and queer studies, the walking method has been applied to negotiate access, build trust and respect participants time, and choice of interview location. In queer, ablest and feminist approaches, the researcher further publicly supports the struggles of the researched. This can include everyday solidarity walks, protest walks, across geographical borders, and where mutual resistance is shown through synchronizing kinetically. Lacking in the recent walking method approaches, however, is how such methods engage with the critical methodology applied. Drawing on a decade of fieldwork among racialized cis and queer refugee men involved in activism, including recent study with queer refugees deported from imagined queer utopias, this paper explores how strutting as a bordering refusal occurs in the field, how sharing a strut though synchronized kinetics can build trust across intersectional positionalities, and how identifying in which way the "strutting" is contextually performed, alongside attached aesthetics, can become an analytical lens in qualitative studies among bordered gendered identities. Building on the experience of sharing a strut in field encounters where both I and my participants were observed as excessive gendered beings due to nationalistic gendered images, racialisation, impairments or queerness, I propose to move the physical act of strutting to a methodological tool to detect tactical refusals to ableists, racist, gendered and heteronormative confinement of the bordering gaze. Therefore, I propose "strutting" as a queer refusal to bordering in qualitative research as it entails both researcher and researched claim to life, deliberate movements, quirky outbursts, and when to share knowledge.

## SOGIE refugees in Iceland: Experiences of safety and isolation

**Linda Sólveigar- og Guðmunds.**

RIKK – Institute for Gender, Equality and Difference; School of Social Sciences

In the past decade Iceland, or Reykjavik, has increasingly been branded as a 'gay paradise'. Iceland has reached second place on the ILGA Rainbow Map and first place on the Williams Institute Global Acceptance Index. These trends have led to the country being portrayed as a rather commercialized 'pink destination' for tourists and citizens alike. Selected quota SOGIE refugees were, for example, invited to take up residence in Iceland and where ceremonially welcomed by the prime minister. But activists and scholars have noted that these trends make whiteness, socioeconomic status, and a Euro-American citizenship a crucial factor for inclusion in the state and the annual pride celebrations. Accompanying homonationalist notions in the queer community and the wider Icelandic society, is the fact that, Iceland's connection to racism is in many ways characterized by demonstrations of innocence, as the country was a colony at one point and did not participate directly in the colonial projects. Nonetheless, Icelandic national identity has been constructed in close dialogue with both colonialism and racism and is embedded in whiteness and masculine characteristics. This paper will discuss preliminary analyses of interviews with seventeen SOGIE refugees', and their experiences of applying for international protection in Iceland. How they encounter hospitality and belonging to diverse communities of LGBTQI+ people, their ethnic communities, and the wider Icelandic society. The findings suggest two overreacting themes, relating to their experiences of safety and security on the one hand versus feelings of isolation and boredom on the other.

## Notkun tímaraðafræði í hagrannsóknum og öðrum vísindagreinum

**Helgi Tómasson**

Hagfræðideild

Nú eru rúm 50 á síðan aðferðir tímaraða ruddu sér rúms í hagrannsóknum. Þróun tölvutækni hafði þau áhrif að hægt var að vinna með sífellt stærri líkön og meira gagnamagn. Hagfræðingar fylgdu þessu og líkön þeirra urðu því sífellt stærri og flóknari. Um 1970 uppgötvuðu menn að einföld tímaraðalíkön gáfu jafngóðar og jafnvel betri spár en stóru líkönin. Þetta olli deilum milli tímaraðamanna og þeirra sem byggðu líkön sín á fræðilegum formúlum. Hagfræðingar litu niður á tímaraðamenn og sögðu þá ekki hafa vit á því sem þeir væru að gera. 50 árum hafa hagrannsóknarfræðin tekið tímaraðafræði í sátt, menn hafa fengið Nóbelsverðlaun í hagfræði fyrir þróun aðferða í tímaraðafræði.Deilur hagfræðinga og tímaraðamanna eru raktar lauslega og sagt frá hvernig ARIMA og skyld líkön öðluðust sess í hagrannsóknum og sagt lauslega frá einföldustu nálgunum tímaraðafræði. Sýnd eru dæmi um það hvernig eldgömul rök tímaraðamanna birtast ef þróun meðalmánaðarhita á nokkrum stöðum er skoðað. Sú skoðun sýnir að umræða nútímans um hlýnun og áhrif koltvísýrings þarfnast dempunar. Áhrif koltvísýrings á breytileika hitastigs geta ekki verið mikil á því tímabili sem skoðað er.

# Félagsfræðilegar fornminjar: Varðveisla og hagnýting rannsóknargagna úr rannsóknarverkefninu Börn og sjónvarp á Íslandi

Þorbjörn Broddason[1], Kjartan Ólafsson[2]

[1] Háskóli Íslands
[2] Félagsvísindastofnun HÍ

Vorið 1968 lagði Þorbjörn Broddason spurningalista fyrir nemendur í völdum grunnskólum í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Tilgangurinn var að safna gögnum í meistaraprófsritgerð um tilkomu sjónvarps í íslensku samfélagi en sjónvarpsútsendingar höfðu verið aðgengilegar á suðvesturhorni landsins um nokkurt skeið en ekki annarsstaðar á Íslandi. Engin áform voru uppi um það að nota rannsóknina sem grundvöll áframhaldandi gagnasöfnunar en augljóst var þó að gögnin frá 1968 veittu einstæðar upplýsingar um viðfangsefni sem mikill áhugi var fyrir að rannsaka. Því var ráðist í að gera aðra könnun, árið 1979 og í framhaldinu á sex ára fresti þar sem leitast var við að meta breytingar í fjölmiðlanotkun og daglegu lífi ungmenna á Íslandi. Þegar upp var staðið varð því það sem byrjaði sem gagnaöflun fyrir meistaraprófsverkefni að rannsóknarverkefni sem spannaði 41 ár og sjö rannsóknarlotur.Í framhaldi af gagnasöfnuninni 2003 var farið að huga nokkuð alvarlega að langtímavarðveislu gagnanna sem þá höfðu orðið til. Það var þó ýmsum erfiðleikum háð þar til 2018 þegar Gagnaþjónusta á félagsvísinda á Íslandi (GAGNÍS) var stofnuð með það að markmiði að taka við rannsóknargögnum, hýsa þau og veita aðgang að þeim í samræmi við alþjóðleg viðmið. Í erindinu verður farið yfir varðveislusögu gagnanna og þann lærdóm sem draga má af henni um aðgengi að eldri rannsóknargögnum, um meðhöndlun rannsóknargagna í nútímanum og hagnýtingu eldri rannsóknargagna ekki aðeins til skilnings á fortíðinni heldur ekki síður til að varpa ljósi á samfélagsleg fyrirbæri í nútímanum.

# Which Feature of the Tailored Survey Design Contributed to Increasing the Response Rate?


Hafsteinn Einarsson

Stjórnmálafræðideild



The Tailored Design Method (TDM) is a tried and tested approach to conducting social surveys, which aims to make survey completion an engaging experience for the respondents. The principles outlined by the TDM are among the most widely used by contemporary survey practitioners, who rely on the detailed guidelines provided to design surveys tailored to the specific populations being studied, often resulting in high response rates relative to survey costs. However, the widespread adoption of the TDM and its apparent success in producing desirable survey outcomes pose some challenges to understanding the effects of specific data collection procedures developed through fieldwork experiments in surveys designed using these principles. Decomposing the effects of specific features within TDM surveys may be complicated because various features may interact in meaningful ways to jointly contribute to higher response rates. The focus of this essay is on whether and how the successful implementation of TDM in surveys can be translated into the development of new survey procedures that are not limited to specific surveys but can be adopted across different survey and study population contexts. We also consider the challenges of explaining unexpectedly high response rates in surveys relying on the TDM, and how features affecting the overall response rate can be generalized to other surveys. To this end, we will consider a practical example from the Young People in Iceland survey, where a high degree of tailoring was possible and resulted in exceptionally high response rate for a group associated with low response propensities.

## Nonresponse Trends in Register-based Sample Surveys: Evidence from the Icelandic Labour Force Survey 2003-2023

Hafsteinn Einarsson[1], Arndís Vilhjálmsdóttir[2], Ólafur Már Sigurðsson[2]

[1] Stjórnmálafræðideild
[2] Hagstofa Íslands

Response rates in labour force surveys have declined over time in most countries. Changes in participation patterns can affect sample composition, therefore, comprehensive analyses of trends in labour force survey participation by demographic background are important for evaluating data quality and informing survey design choices. In this article, we analyse cross-sectional trends in nonresponse rates in the Icelandic Labour Force Survey (IS-LFS), a telephone study conducted over a period of 21 years (2003-2023). We also utilise data from the Icelandic register system to study changes in sample composition by analysing nonresponse bias in several demographic characteristics. Specifically, we decompose nonresponse into noncontacts and refusals to identify their relative contributions to the overall nonresponse rate and bias trends. Our results show that response rates have declined from over 80% to under 50%, and that total nonresponse bias has increased from around 10% to around 20% in recent years. These trends are attributed more to increasing noncontact rates than refusals, particularly since 2013. We also identify having an immigration background as the strongest predictor of nonresponse throughout the entire period. In recent years, age and education have become stronger positive predictors of nonresponse, while sex and urbanicity show weak and inconsistent associations with survey participation. We conclude by discussing practical implications for register-based sample surveys in Iceland and in general, including how register systems could be further integrated in the survey design.

## Hagur þátttakenda af rannsóknum: dæmi úr rannsókn á stafrænni fundarmenningu

Katrín Ólafsdóttir[1], Gyða Margrét Pétursdóttir[2], Annadís Greta Rúdólfsdóttir[3]

[1] Deild faggreinakennslu, Menntavísindasvið
[2] Kynjafræði, Félagsvísindasvið
[3] Deild menntunar og margbreytileika, Menntavísindasvið

GeiO er alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem tekur til gagngerrar skoðunar samspil kyngervis og stafrænnar fundamenningar. Leitast er við að svara hvort, og þá hvernig, kyngervi og kynjuð viðmið hafi áhrif á stafrænt vinnuumhverfi. Í þessu erindi beinum við sjónum okkar að aðferðafræði verkefnisins, með áherslu á miðlun á niðurstöðum til þátttakenda, en aukin krafa er um það í vísindasamfélaginu að rannsóknum sé miðlað út fyrir hið akademíska samhengi sem og að gætt sé sérstaklega að hag þátttakenda í rannsóknum. Rannsóknir sýna að það skilar takmörkuðum árangri í jafnréttisstarfi þegar einstakir stjórnendur vinna einhliða að slíku umbótastarfi, án samráðs við starfsfólk eða þá sem eiga í hlut. Í samvinnu við íslenskt fyrirtæki var tveggja ólíkra gagnasetta aflað um stafræna fundamenningu, en í þeim mátti glöggt greina kynjuð mynstur. Niðurstöður voru teknar saman og þeim miðlað áfram til samstarfsaðila á umræðuvettvangi (e. Ingroup Forums) sem leiddur var af rannsakendum. Markmið umræðuvettvangsins er að veita þátttakendum færi á að ræða niðurstöður rannsókna sín á milli og um leið skapa tækifæri fyrir rannsakendur að kortleggja meðbyr og mögulegar hindranir þeim tengdum. Niðurstöður okkar sýndu skýran vilja þátttakenda til þess að taka þátt í umbótastarfi m.a. vegna þess að sjónarmið þeirra fengu að heyrast. Frá sjónarhóli rannsakenda jók umræðuvettvangurinn hag starfsfólks af þátttöku. Mikilvægur umræðugrundvöllur rannsakenda og þátttakenda skapaðist sem bæði dýpkaði skilning rannsakenda á gögnunum og stuðlaði að hnitmiðuðum tilllögum til úrbóta.

## Utanríkismenn á vergangi: Rómafólk á Íslandi fyrir rúmri öld?

**Guðmundur Hálfdanarson**

Deild sagnfræði, heimspeki og fornleifafræði, Háskóli Íslands

Á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld birtust reglulega fréttir í íslenskum blöðum um hópa útlendinga sem flökkuðu um landið. Nokkur vafi ríkti um uppruna fólksins – sumt þess sagðist vera Armenar, aðrir Lappar og enn aðrir Rússar. Ýmsir drógu uppgefið þjóðerni í efa og héldu því fram að þessir förumenn væru allir „Sígaunar" sem feldu uppruna sinn til að blekkja saklausa landsmenn. Umfjöllunin um gestina voru almennt mjög neikvæð því að búið væri að hreinsa landið af innlendum flökkurum og ekki væri þörf á að flytja inn nýja. Menn töldu einnig að af útlendingunum stafaði ýmiss konar hætta fyrir land og þjóð – þeir bæru með sér sjúkdóma, lifðu á betli og prönguðu alls kyns ónauðsynjum upp á Íslendinga. Í fyrirlestrinum mun ég velta fyrir mér uppruna þessa fólks, ferðum þess um landið, rýna í viðbrögð bæði stjórnvalda og blaða við því og hvernig þess er minnst í endurminningum.

## Niðurstöður frá viðtölum við starfsfólk í skóla- og velferðarkerfi út frá samskiptum við fólk með Róma bakgrunn

**Jasmín Kristjánsdóttir**

Mannfræði

Í kynningunni verður farið yfir niðurstöður eins og þær lýsa sér á núverandi stigi RomÍs verkefnisins. Niðurstöðurnar byggja að mestu leyti á viðtölum við starfsfólk í skólum og velferðarkerfi í Reykjavík, sem hafa átt í samskiptum við börn og fjölskyldur frá Rúmeníu með Róma bakrunn. Þá verða kynntar tilgátur sem rannsóknin vinnur út frá og tilfelli þar sem tilgáturnar stóðust, og önnur þar sem þær voru hraktar, út frá öfluðum gögnum. Auk þess verður sýnt fram á mynstur út frá frásögnum af upplifunum viðmælenda. Viðtölin sýna fram á áhyggjur af velferð og framtíð Róma skjólstæðinga og nemenda. Auk þess beita viðmælendur mikilli sjálfsrýni þegar rætt er vinnubrögð gagnvart Rómafólki, þar sem meðvitund ríkir um félags-efnahagslegan bakrunn hópsins. Í viðtölunum lýsir sér bil á væntingum til skóla- og velferðarkerfisins, og að menningarmunur og samskiptaörðuleikar geti hindrað einstaklinga í að ná árangri. Þar að auki koma fram þættir sem endurspegla stærri kerfislega vanda, en þá er rætt hvaða úrræði nýtast til úrbóta, og í hvaða aðstæðum viðmælendur upplifa úrræðaleysi.

## Förufólk í Laugarnesi - óvæntir gestir á þriðja áratugnum

**Stefán Pálsson**

Sjálfstætt starfandi

Árið 1926 kom fjölskylda til Íslands frá Danmörku með vísi að dýragarði meðferðis. Þau komu sér fyrir í Laugarnesinu og síðar inni við Elliðaár. Næstu misserin átti fólkið eftir að vekja nokkra athygli Reykvíkinga og raunar víðar um landið. Helstu heimildir eru afar brotakenndar smáfregnir í dagblöðum — raunar furðu fáar miðað við hversu óvenjulegir gestir voru á ferðinni og fáein bréf milli opinberra aðila sem töldu sig þurfa að hafa afskipti af starfsemi á þeirra vegum. Því var slegið föstu að um sígauna væri að ræða en hafa ber í huga að vitneskja landsmanna um Roma-fólk var lítil sem engin og öll hugtakanotkun mjög á reiki. Hvernig stóð á ferðum fjölskyldu þessarar til Íslands? Hvaða upplýsingar - ef nokkrar - er unnt að finna um fólkið? Í fyrirlestrinum verður gert grein fyrir þeim brotakenndu upplýsingum sem fyrir liggja, þar á meðal um tengsl við bæði Svíþjóð og Danmörku og þær settar í samhengi við sögu fjölleikahúsa og förufólks á Norðurlöndum. Auk tenginga við meginefni málstofunnar má líta á þessa litlu fjölskyldusögu sem lítinn kubb í vanræktri sögu sirkuslista á Íslandi.

## Imagining the 'Other': Roma in Icelandic society and media

**Marco Solimene**

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

It is a widespread belief that there are no Roma in Iceland, and that, if they are present, their presence has been both sporadic and insignificant. However, this does not mean that the figure of the Gypsy/Rom is absent from Icelandic collective imagery, nor that the Roma presence in Icelandic society, which has increased and become more stable over the last decade, has gone entirely unnoticed.This presentation reflects on data emerged from ongoing qualitative research that investigates how the Reykjavík school and welfare systems approach the Roma presence in the capital area. The materials presented come from, on the one hand, interviews with school personnel and social workers in the Reykjavík area, and on the other hand, an analysis of representations of Gypsies (Sígaunar) /Roma (Rómafólk) in Icelandic media (especially newspapers, but also internet and social media).The contribution explores the ambivalent perceptions of Roma in contemporary Icelandic society, considering the transformations that have followed recent migration flows and the impact of global media on Icelandic collective imagination. It also reflects on a specific form of racism known as "anti-Gypsyism". Unlike many European countries, Iceland does not have a history of entrenched and overt anti-Gypsyism; however, in recent years, anti-Gypsyism may have begun to emerge within Icelandic society.By reflecting on the peculiarity of the Icelandic case and comparing it with other European countries, this presentation will highlight the practical impacts of collective imaginaries on the construction of the 'Other' as either a problem or a resource.

## Migration Journey: Romanian Roma Communities in Iceland

**Adriana Suiu Catargiu**

School of Humanities

The contemporary migration of Romanian Roma to Iceland is a relatively overlooked phenomenon, often obscured by the broader immigrant population. This paper presents an ethnographic study exploring the lives of Romanian Roma families in Iceland. Employing qualitative methods such as literature review, observations, in-depth interviews, and virtual ethnography, the study examines various aspects of their lives, including living conditions, employment dynamics, access to essential services like education and healthcare, and encounters with discrimination. It also highlights the economic strategies of the Roma community in Iceland and their reasons for choosing Iceland as a migration destination. The discussion explores the economic strategies of the Roma community, emphasizing their adaptability and reliance on informal networks to build livelihoods in their new environment. By amplifying their voices and experiences, this research contributes to a more nuanced understanding of migration dynamics and advocates for equitable opportunities for all migrants, including the Romanian Roma community in Iceland. It advocates for more inclusive policies and practices that support equitable opportunities for all migrants, including the Romanian Roma community in Iceland, ensuring their needs and aspirations are acknowledged and addressed.

## Historicising Romani Presence in Iceland

**Sofiya Zahova**

Vigdís Finnbogadóttir Institute, School of Humanities, University of Iceland

For many years, scholars and researchers in Romani Studies assumed Iceland was a Roma-less territory, with an isolated population largely devoid of Romani presence until the late twentieth century. However, our team's investigations conducted as part of the RomIs project have uncovered visual, written, and oral narratives that challenge this assumption. These sources indicate that Romani individuals residing in Nordic countries have been visiting Iceland as early as the beginning of the twentieth century, and continued to do so in subsequent decades, often seeking out economic opportunities.This presentation aims to explore the findings of the multidisciplinary research carried out under the RomIs project and offer an account of the Romani presence in Iceland from a historical perspective. The central research question focuses on the earliest historical records documenting Roma/Gypsies in Iceland, placing this within the broader context of the history and ethnography of Roma in the Nordic region. The research employs a combination of archival investigation, secondary sources, and oral history methods. The findings not only substantiate the hypothesis that Roma families from the Nordic area have been present in Iceland both historically and in contemporary times but also open new avenues for understanding the interconnected histories of Romani people across the Nordic region.

## Greenness Demand For US Corporate Bonds

Rainer Jankowitsch[1], Alexander Pasler[2], Patrick Weiss[3], Josef Zechner[1]

[1] Vienna University of Economics and Business; Vienna Graduate School of Finance
[2] Vienna University of Economics and Business
[3] Reykjavik University

We characterize the demand for green securities based on institutional holdings of US corporate bonds by adopting a demand system approach for asset prices. The generally positive demand for greenness shows significant time variation, with the highest average levels around the Paris Agreement in 2016 and a sharp decline during the Trump administration. The demand and its variation following exogenous events significantly affect prices and investors' wealth. Regarding the price impact, we find that bond yields of greener securities are significantly reduced, with browner issuers paying higher yields compared to a counterfactual without greenness demand. Furthermore, we also document the real effects of investors' greenness preferences at the corporate level. In particular, we find an association between increases in greenness demand and subsequent enhancement of firms' environmental performance, as well as with more frequent bond issues and larger face values chosen by greener firms. Overall, greenness demand is positive on average, with its time variation following political events, and affects asset prices and real corporate decisions. Thereby, the preferences of financial investors have a real impact on the climate-related actions of firms.

## Assessing the Impact of the ESRS on Nordic Pension Funds Sustainable Investments

Björg Jónsdóttir[1], Þröstur Ólafur Sigurjónsson[2], Stefan Wendt[3], Lára Jóhannsdóttir[2]

[1] Viðskiptafræðideild, Háskóli Íslands; Viðskiptafræðideild, Háskólinn á Bifröst
[2] Viðskiptafræðideild, Háskóli Íslands
[3] Viðskiptafræðideild, Háskólinn í Reykjavík

This paper examines the potential impact of the European Sustainability Reporting Standards (ESRS) on the sustainable investment strategies of Nordic private pension funds. As long-term institutional investors, pension funds rely heavily on stable, long-term growth and carefully manage risks associated with environmental, social, and governance (ESG) factors. The ESRS, part of the European Union's Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD), mandates large companies to disclose detailed ESG data to standardise and enhance sustainability reporting across Europe. This study explores how Nordic pension funds expect the ESRS to improve sustainability information's quality, reliability, and comparability, thus influencing their investment decisions.Through semi-structured interviews with fund managers from Nordic private pension funds, this research investigates two key questions: How will the ESRS affect investment decision-making, and how will it enhance the reliability of information for direct investment choices? The ESRS could lead to more confident and sustainable investment strategies by reducing information asymmetry and improving data transparency. The study aims to provide insights into the anticipated benefits and challenges of implementing the ESRS and its potential role in shaping future sustainable investments in the Nordic region.

## Integrating design thinking and stakeholder engagement into sustainable business models

Þórey S Þórisdóttir[1], Lára Jóhannsdóttir[2]

[1] Viðskiptafræðideild
[2] Viðskiptafræðideild; Umhverfis- og auðlindafræði

This study explores the challenges and opportunities of integrating design thinking and stakeholder engagement into sustainable fashion business models by evaluating the roles and interactions of different stakeholders, identifying key challenges, and proposing various approaches for effective implementation toward sustainability. This research employs a case study approach and uses interviews and secondary data to explore Nordic fashion as an industry case. Primary and secondary data were collected from 6 fashion associations in five Nordic countries [Denmark, Finland, Norway, Sweden, and Iceland] and 32 fashion companies. The main findings indicate that companies focus on durable, gender-neutral, and timeless designs, encouraging less washing, more repairing, and reselling. Despite efforts, current technological limitations make significant progress difficult, highlighting the need for better solutions. The results suggest how fashion managers advocate for government-imposed production quotas and investment in recycling technology to mitigate surplus production. They also recommend a coordinated reporting framework to tackle the issue of greenwashing. Furthermore, they express concern over the government's slow or late response to European laws requiring corporate social responsibility (CSR) and sustainability practices in the fashion industry. This study contributes to the literature by emphasizing the incorporation of design thinking and stakeholder engagement in sustainability practice integrated into sustainable fashion business models. The practical contribution benefits practitioners and policymakers by highlighting the challenges of fashion practices and explaining how diverse stakeholders, such as fashion associations, governments, suppliers, consumers, and employees, can drive or hinder the integration of design thinking in sustainable fashion business models.

# Faglegt markaðsstarf, forsendur, ávinningur og hindranir

**Þórhallur Örn Guðlaugsson**

Háskóli Íslands / Viðskiptafræðideild

Markaðsáherslan (marketing concept) hefur verið mörgum framandi og stundum misskilin. Þannig hefur markaðsáherslan fyrst og fremst verið tengd við viðskipta á einkamarkaði þar sem hagnaður hefur verið hafður að leiðarljósi en síður við opinbera og/eða þriðja geirann svo kallaða. Þessi staða er áhugaverð en um leið umhugsunarverð, sérstaklega í ljósi þess að mjög margir hafa gert tilraun til að draga fram notagildi markaðsáherslunnar fyrir aðra geira en einkageirann.Markmið fyrirlestursins er að draga fram, út frá sögulegum og klassískum heimildum, hvað það er sem einkennir faglegt markaðsstarf, hver ávinningur þess er og hvaða hindranir gjarnan er staðið frammi fyrir við innleiðingu. Þá er gerð grein fyrir mismunandi skilgreiningu á hugtakinu markaðsfærsla (marketing) sem rétt eins og markaðsáherslan hefur þróast í tímans rás. Niðurstöður sýna að bæði hugtökin hafa þróast frá því að þau komu fyrst fram á fimmta áratug síðustu aldar. Margar skilgreiningar hafa komið fram og þó svo að þær séu ólíkar og með mis víða skírskotum er dregið fram hver samhljómur þeirra er. Þá er gerð grein fyrir algengum ástæðum þess að stjórnendum skipulagsheilda mistekst að innleiða markaðslega hugsun og aðferðir. Ástæðurnar eru margvíslegar en algengt er að bent sé á að grundvallarmisskilningur virðist ríkja um hugtakið markaðsfærsla. Misskilningurinn gengur úr á að skilgreina markaðsfærslu fyrst og fremst sem aðferð (function) í stað þess að horfa á markaðsfærslu sem hugmyndafræðilegan (philosophy) grunn sem starfsemin byggir á.

## Handling a dizzying array of distractions: Modelling teachers' varying modes of cognition while managing the classroom

Henny P.A. Bozhuizen[1], Charlotte E. Wolff[2], Dorothy Duchatelet[3]

[1] Open Universiteit Nederland, Faculty of Education
[2] Menntavísindasvið - Haskóli Íslands
[3] Open Universiteit Nederland, Expertise Centre Education

Current theories and research on teachers' attention to and cognition about events in their classrooms tend to focus on singular aspects of teachers' work, for example: whether or not a students' conceptual misunderstanding was noticed or if disruptive behavior was noticed and effectively addressed. This approach to research of professional work has been critiqued by Eraut, who emphasizes the importance of researching simultaneous or even conflicting demands in workplace situations. Solving the typical and atypical challenges that arise in classrooms requires teachers to maintain ongoing situational awareness to effectively decide which events require action and which do not. Issues of timing and determining how much effort should be invested in any given event contribute further to the overall cognitive complexity of teaching. We propose a model that reflects issues of attention, timing, and decision-making by integrating Eraut's Modes of Cognition and Endsley's Situation Awareness theory to conveys how teachers' make sense of events (and situations) and access appropriate strategies for creating and maintaining the flow of learning. The model is described alongside recent empirical research in the teaching domain that reflects the variables and associated values presented in the model. Based on factors emphasized in the model, we discuss possibilities for a future research agenda and outline the model's implications for teaching and teacher education.

# Mat framhaldsskólakennara á langtímaáhrifum COVID-19 faraldursins á nám nemenda

Amalía Björnsdóttir[1], Elsa Eiríksdóttir[2], Súsanna Margrét Gestsdóttir[2], Guðrún Ragnarsdóttir[3]

[1] Deild kennslu- og menntunarfræði, Háskóli Íslands
[2] Deild faggreinakennslu, Háskóli Íslands
[3] Deild menntunar og margbreytileika, Háskóli Íslands

Ljóst er að COVID-19 faraldurinn hafði víðtæk áhrif á skólastarf og víðsvegar hafa spurningar um langtímaafleiðingar faraldursins á nám nemenda verið til umræðu. Rannsóknir á erlendum vettvangi hafa sýnt fram á að minna nám fór fram á tímum skólalokana en áður og óvíst er að nemendum hafi verið bætt það upp. Markmið erindisins er að varpa ljósi á hvernig íslenskir framhaldsskólakennarar meta langtímaáhrif faraldursins á nám nemenda. Vorið 2024 svöruðu 495 framhaldsskólakennarar (um 28% svarhlutfall) spurningalista um áhrif COVID-19 tímabilsins á skólastarf. Niðurstöðurnar sýna að kennarar telja áhrif faraldursins á nám nemenda almennt neikvæð. Þegar þátttakendur voru beðnir um að bera saman nám nú og fyrir faraldurinn töldu 77% að faraldurinn hefði haft mikil áhrif á námsárangur. Um 36% kennara taldi að kröfur í námi væru nú minni en áður en 4% töldu þær meiri. Þegar framhaldsskólakennarar voru spurðir um einstaka þætti í virkni og námi nemenda töldu þeir almennt áhrif faraldursins vera neikvæð, til dæmis á áhuga á námi, samvinnu nemenda, mætingu og virkni í félagslífi. Svör við opnum spurningum gáfu fyllri mynd af stöðunni. Kennarar bentu á að rof hafi myndast í samfellu námsins í kjölfar faraldurs sem ekki væri búið að vinna bug á, að nemendur kæmu ekki eins vel undirbúnir úr grunnskóla og áður og að þeir færu ekki eins vel undirbúnir og áður í frekara nám að loknum framhaldsskóla. Það virðist því mat þátttakenda að neikvæð áhrif COVID-19 faraldursins séu mikil og velta má fyrir sér langtímaafleiðingum fyrir nemendur verði ekkert að gert.

## ""It is like someone whispers in your ear ... ""

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir[1], Erla Sólveig Kristjánsdóttir[1], Sigrún Gunnarsdóttir[1], Lotta Dellve[2]

[1] Háskóli Íslands
[2] University of Gothenburg

Creeping crises are slow-burning, high-risk events threatening essential systems and values in rapidly changing world. Leadership is crucial in managing creeping crises in enabling adaptability during crises, which are often emotionally charged and affect entire communities. Existing research on crisis leadership often overlooks the specific challenges faced by smaller, multicultural communities like Iceland. There is a gap in research focusing how leadership unfolds locally during crises. The creeping crisis of the COVID-19 pandemic has profoundly impacted and compromised educational systems through pronounced learning losses, impaired student well-being and heightened stress among teachers. These studies highlight rapid adaptation, inclusivity, resilience, and neglecting leaders' mental health needs. Research focusing on leaders' experience during the acute phase of creeping crises in small, populated communities is lacking. This study aims to contribute to this end by adopting the qualitative method of phenomenology to investigate how headmasters in the educational sector in Iceland experienced the challenges, stressors, and coping strategies during an acute phase of creeping crisis. Semi-structured interviews were conducted with 20 headmasters in Icelandic colleges to gain knowledge of their lived experience of the acute phase of the COVID-19 pandemic. The preliminary findings revealed five themes: Threats and opportunities, sense of coherence, inner strength, job crafting and support. The headmasters experienced the acute phase of the creeping crisis as a valuable opportunity for enhanced growth, both personally and professionally. Their sense of coherence and meaning was evident and guided their decision making and enhanced their inner strength during times of uncertainty.

# Áherslur stjórnenda í árangursríkum í leik- og grunnskólum

Sigrún Gunnarsdóttir[1], Anna Magnea Hreinsdóttir[2]

[1] Félagsvísindasvið; Viðskiptafræðideild
[2] Menntavísindasvið; Deild kennslu- og menntunarfræði

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á áherslur stjórnenda í leik- og grunnskólum sem hafa skilað góðum árangri. Skólastjórnendur gegna mikilvægu hlutverki við að leiða starfshætti sem skapa árangur og farsælt vinnuumhverfi í skólum. Skýr stefna og lýðræðisleg nálgun stjórnenda eflir sjálfræði, virkni, vellíðan og festu kennara í starfi og hefur þar með jákvæð áhrif á árangur og rekstur skólanna. Brýnt er að efla þekkingu um reynslu stjórnenda þar sem vel hefur gengið miðað við starfsánægju og góða vinnustaðamenningu. Leitað var til stjórnenda leik- og grunnskóla sem hafa náð góðum árangri samkvæmt nýjum niðurstöðum um ánægju í starfi og gæði vinnustaðamenningar í könnunum Skólapúlsins og Sameykis um stofnun ársins. Einstaklingsviðtöl voru tekin við skólastjórnendur átta skóla um reynslu þeirra við stjórnun skólanna. Gögnin voru þemagreind og niðurstöður draga fram reynslu, upplifun og áherslur skólastjórnenda árangursríkra skóla. Niðurstöður sýna þrjár megináherslur skólastjórnendanna: 1) Skýrar grunnreglur fyrir starf og samskipti innan skólanna sem þeir fylgja þétt eftir með samtölum og endurgjöf. 2) Jafningjabragur með hjálpsemi, stuðningi, leiðbeiningum og nærveru í daglegu starfi skólanna. 3) Hvatning til að læra og þroskast sem eflir innri starfshvata starfsfólksins, löngun til að leggja fram og taka á móti nýjum hugmyndum og færni til að veita og taka við uppbyggilegri endurgjöf. Niðurstöðurnar endurspegla áherslur lærdómssamfélagsins og líkön um heilbrigða vinnustaðamenningu og eru í takt við nýjar rannsóknir um árangursríka stjórnun í skólum og öðrum skipulagsheildum. Áherslur stjórnenda í árangursríkum skólum má nýta til leiðsagnar fyrir aðra skóla og stjórnendur til að styrkja starf skóla og vellíðan starfsfólks.

## Frá safnkassanum til stjarnanna. Við og hinar örverurnar í jarðgerð og moltu

Helga Ögmundardóttir[1], Eysteinn Ari Bragason[2]

[1] Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, HÍ
[2] Héraðsskjalasafni Austfirðinga

Sambýli og samskipti manneskjunnar og annarra lífvera sem við deilum jörðinni með er enn að miklu leyti ókannað land. Undanfarin ár hefur áhugi rannsakenda ýmissa fræðigreina á þessu efni aukist mjög og það kemur auðvitað ekki síst til af því að okkur er orðið ljóst að umhverfisáskoranir eins og loftslagsbreytingar, hrun vistkerfa og útdauði tegunda munum við hvorki skilja né leysa án þess að gera okkur grein fyrir hlutverki og mikilvægi annarra-en-manneskja (e. other-than-humans). Í þessu erindi verður sjónum beint að samskiptum og sambýli manneskja og örvera. Markmiðið er að sýna mikilvægi örvera í lífi okkar mannfólksins og í brennidepli verður jarðgerð lífræns efnis þar sem örverur og manneskjur mætast á áhugaverðan og oft óvæntan hátt.Erindið byggist á Rannsóknaverkefninu Sambýli manna og örvera (e. Symbiosis) sem styrkt er af Rannís sem er þverfræðilegt verkefni þar sem vísindafólk úr þjóðfræði, matvæla- og næringarfræði, mannfræði og örverufræði hafa unnið saman við söfnun eigindlegra og megindlegra gagna. Þegar kafað er í samskipti og samveru manna og örvera í jarðgerðarílátinu kemur ýmislegt í ljós. Fyrir augum, eyrum, snertingu og nefi birtist heimur þar sem mörk milli einstaklinga og tegunda verða óljós og jafnvel merkingarlítil og þar sem venjulegt fólk spyr sig tilvistarlegra spurninga um líf og dauða. Það uppgötvar að jarðgerð lífræns úrgangs er algjörlega háð starfi örvera og annarra lífvera sem búa í safnkassanum og hlutverk manneskjunnar er að bjóða þessum ósýnilegu en máttugu verum upp á hlaðborð lífænna leifa. Það sem gerist svo er galdur sem engan lætur ósnortinn.

## „Kunnugur staðháttum?“ – Staðbundnar minningar í hversdagslegu borgarlandslagi

Ólafur Rastrick

Félagfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild

„Hann veit ekkert þessi maður, hann er ekkert kunnugur staðháttum“, segir persóna Jóns Gnarr í Áramótaskaupi RÚV árið 2018 og vísar til gildis þeirrar þekkingar sem fólk notar til að rata um efnislegt umhverfi sitt. Slík þekking byggir á endurtekinni umgengni við landslagið, alla jafna yfir langan tíma, s.s. vegna búsetu eða atvinnu. Með tímanum bætir hversdagsleg reynsla, einstakir atburðir, sagnir og formleg þekking í sarp þeirrar merkingar sem landslag svæðisins, og afmarkaðir þættir þess, hafa fyrir þann staðkunnuga. Menningarminni og persónulegar minningar tengdar tilteknum stöðum verða þættir í því að þekkja svæðið og nýtast til að rata og vísa veginn, t.d. að „AB-bílasprautun“, sem persónur Áramótaskaupsins leituðu að.Í erindinu verður fjallað um þær tegundir minninga sem tengjast stöðum í miðborg Reykjavíkur og umliggjandi eldri hverfum eins og þær birtast í viðbrögðum þátttakenda í rannsókn á aðdráttarafli arfleifðar og staðartengslum í borgarlandslagi. Greiningin byggist á eigindlegum rannsóknargögnum sem aflað var, með mismunandi aðferðum á árunum 2022–2024, meðal einstaklinga sem hafa að eigin mati nokkur eða sterk tengsl við miðborgina. Greining niðurstaðna sýndi fjórar meginteg-undir staðbundinna minninga þar sem einstaklingar (1) hugsuðu staði inn í frásagnir af eigin lífi, (2) bundu saman minningu og stað og kortlögðu með því umhverfið, (3) báru saman fortíð og nútíð og (4) minntust einstaklinga sem tengdust tilteknum stað. Í erindinu er sýnt fram á hvernig þessar gerðir minninga gegna hlutverki í að efla staðartengsl einstaklinga og þar með tilfinningu um að tilheyra í borginni.

## Húsið hennar ömmu. Birtingarmynd staðartengsla við staði ástvina

**Snjólaug G Jóhannesdóttir**

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Í hversdagslegu sögulegu borgarumhverfi eru margir ólíkir og fjölbreyttir staðir sem innihalda mismunandi merkingu fyrir íbúa. Minningar og margslungnar tilfinningar felast á stöðum sem einstaklingar tengja á einhvern hátt við ástvini sína. Staðir ástvina gegna því mikilvægu hlutverki í tengslamyndun fólks við umhverfi sitt. Í yfirstandandi rannsókn er markmiðið að öðlast skilning á staðartengslum og greina hvernig minningar og tilfinningar móta samband við staði fortíðar. Í erindinu er leitað er svara við spurningum um hvernig staðir ástvina móta sambandið og hvernig fólk bregst við þegar það stendur frammi fyrir þeim.Miðborg Reykjavíkur er vettvangur rannsóknarinnar sem elsti hluti borgarinnar – staður sem flestir íbúar þekkja vel, eiga þaðan margar minningar og upplifa tilfinningaleg tengsl við. Erindið byggir á gögnum sem fengin eru með eigindlegrri rannsóknaraðferð þar sem þátttakendur voru sendir einir í gönguferð með sérstök upptökugleraugu sem taka upp allt sem þeir sjá og segja auk umhverfishljóða.Þátttakendur voru beðnir um að ganga að stöðum sem þeir tengdust á einhvern hátt og hjá flestum þeirra urðu fyrir valinu staðir sem þeir tengdu sterklega við minningar um ástvini sína. Í þessu erindi verður greint frá viðbrögðum þátttakenda, skynjun, minningum og tilfinningum sem vöknuðu þegar þeir mættu stöðum ástvina. Greiningin sýnir fram á að flókið ferli og marglaga úrvinnsla liggi að baki tengslum fólks við slíka staði. Þar spilar saman sú stund sem gönguferðin var farin, marglaga minningar og oft flóknar tilfinningar þar sem takast á sorg og gleði.

## Dýrsleikar: samfléttun dýrategunda í þjóðsagnaefni og alþýðuhefðum

Kristinn Schram

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Hlutverk dýra, utan manneskjunnar, er þýðingarmikið í hvers kyns þjóðfræðaefni. Hvort sem horft er í hefðbundnar alþýðufrásagnir, gátur, kveðskap, leiki, hátíðir eða dans, þá birtast ólíkar dýrategundir í ýmsum myndum og þar að auki persónur sem standa á mörkum tegunda. Út frá pósthúmanískum sjónarhornum er samfléttun og tengsl tegunda grundvallaratriði í gegnum alla mannkynssöguna. Fjölmargir fræðimenn af þeim skóla hafa reynt að vinda ofan af tvíhyggju manns og náttúru en hafa jafnframt bent á takmarkanir tungumálsins til að lýsa „ómannlegri“ reynslu. Tilraunir til að nefna og lýsa dýrum þjóni, öðrum þræði, þeim tilgangi að afmá þann róttæka annarleika (e. radical otherness) sem í þeim felst. Þá hefur jafnframt verið kallað eftir óhefbundnum og listrænum aðferðum sem kunna að leysa mannhverf sjónarhorn úr viðjum vanans. Hér verður greint frá rannsókn á munnlegri frásagnarlist og alþýðuhefðum og spurt hvaða möguleikar (og takmarkanir) felast í þeim til að tjá og upplifa dýrsleika (e. animality). Þá verður sérstaklega horft til þess hvernig hugmyndir um eðli og atbeina dýra eru iðkaðar og líkamnaðar (e. embodied) í frásögnum, hátíðum, leik og skemmtunum. Gögn úr nýlegum viðtals- og vettvangsrannsóknum rannsakanda á Ströndum, sem og öðrum norðlægum strandsvæðum, eru greind í ljósi alþjóðlegrar þjóðsagnafræði, þjóðsagna- og þjóðháttasöfnunar 19. og 20. aldar og pósthúmanískra sjónarhorna. Rannsóknin var styrkt af Rannís og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

## Grunnlínur íslenskra hafsvæða, eldgos og hækkun yfirborðs sjávar

Bjarni Már Magnússon

Lagadeild Háskólinn á Bifröst

Eldgos geta haft ýmsar afleiðingar, þar á meðal á sviði alþjóðlegs hafréttar. Í erindinu verður fjallað um áhrif tveggja eldgosa á svokallaðar grunnlínur sem íslensk hafsvæði miðast við. Eldgosin sem um ræðir eru Kötlgosið árið 1918 en Hæstiréttur Íslands fjallaði um áhrif gossins á þriggja sjómílna landhelgislínuna í dómi frá 1922. Sá dómur hefur nánast enga umfjöllun hlotið í íslenskum fræðiskrifum en er afar merkilegur. Í dómsmálinu, sem var það fyrsta sem Hæstiréttur tók fyrir um þjóðréttarlegt málefni, staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu Lögregluréttar Reykjavíkur um að landhelgislínan væri ekki föst eða ákveðin lína á hafinu heldur tæki hún breytingum eftir þróun strandlengjunnar sem er í samræmi við hefðbundin fræðiviðhorf á 20. öld. Í samtímanum er tekist á um sama málefni í tengslum við áhrif hækkunar yfirborðs sjávar einkum á eyríki í Kyrrahafi. Hitt eldgosið sem fjallað verður um í þessu samhengi, er Surtseyjargosið 1963. Það gos hafði áhrif á hvernig svokallaðar beinar grunnlínur eru dregnar meðfram suðvesturströnd Íslands sem ýmsir fræðimenn hafa bent á að geti vart talist í samræmi við hefðbundndar hugmyndir í hafrétti. Í stuttu máli þá fjallar erindið um áhrif þessara eldgosa á grunnlínurnar og setur í samhengi við núverandi áskoranir í þjóðarétti um áhrif hækkunar yfirborðs sjávar á ýmis eyríki.

## Ráðgefandi álit Alþjóðlega hafréttardómsins - erindi á sérmálstofunni Straumar og stefnur í hafrétti

Helena Rakel Hannesdóttir

Lagadeild Háskólans í Reykjavík

Alþjóðlegi hafréttardómurinn gaf nýlega út ráðgefandi álit sem staðfestir að ríkjum beri skylda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að vernda hafið gegn afleiðingum loftslagsbreytinga. Þetta ráðgefandi álit Hafréttardómsins staðfesti að losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum feli í sér mengun á lífríki hafsins í skilningi 1. mgr. 1. gr. Hafréttarsamnings Sameinuðu Þjóðanna. Með þessu hefur dómstóllinn opnað fyrir möguleika á málaferlum fyrir dómstólnum sem varða sérstaklega loftslagsmál í hafinu. Þetta getur leitt til þess að mál verði borin fyrir dómstólinn gegn ríkjum sem hafa brotið skuldbindingar sínar varðandi verndun lífríkis hafsins gegn losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum undir Hafréttarsamningi Sameinuðu Þjóðanna. Í ráðgefandi álitinu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að samkvæmt 1. mgr. 194. gr. Hafréttarsamningsins beri aðildarríkjum samningsins sérstök skylda til að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa stjórn á mengun lífríkis hafsins gegn losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Dómstóllinn tók einnig fram að til að fullnægja kröfum 192. gr. Hafréttarsamningsins verði ríki að grípa til eins víðtækra og árangursríkra ráðstafana og hægt sé til að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga. Þannig staðfestir hann að Hafréttarsamningurinn leggi ríkar skyldur á herðar ríkja til að takast á við loftslagsbreytingar. Í þessu erindi verður fjallað um helstu skuldbindingar ríkja varðandi verndun lífríkis hafsins gegn losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og því hlutverki sem hafréttur hefur gengt í mótun málaferla varðandi loftslagsbreytingar.

## Valkvæðar sáttameðferðir: Yfirlit yfir stöðu sáttamiðlunar hérlendis

Unnar Steinn Bjarndal

Lagadeild Háskólans á Bifröst

Valkvæðar sáttameðferðir (e. Alternative dispute resolution) hafa ekki náð að ryðja sér almennilega til rúms í íslensku réttarfari. Meðal þeirra aðferða er sáttamiðlun sem er vinsæl aðferð við úrlausn ágreiningsmála í nágrannalöndum okkar. Í sáttamiðlun er leitast við að aðilarnir sjálfir taki virkan þátt í lausn ágreiningsmálsins með aðstoð þriðja aðila. Þessu fylgir mikill ávinningur fyrir aðilana sjálfa. Nefna má styttri málsmeðferðartíma, aukna skilvirkni, lægri kostnað og minni áhættu en fylgir rekstri dómsmáls. Þá hefur úrræðið jákvæð áhrif á málsmeðferðartíma hjá dómstólum vegna þess að málum, sem rata til dómstóla, fækkar. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu sáttamiðlunar og annarra valkvæðra leiða við úrlausn ágreiningsmála í íslenskri stjórnsýslu og réttarkerfi.Í rannsókninni er fjallað um hugmyndafræði úrræðisins og kosti og ókosti þess. Þá er fjallað um það að hvaða leyti sáttamiðlun hefur verið innleidd í íslenska löggjöf. Þá jafnframt hversu mikið úrræðið er nýtt í þeim málaflokkum þar sem úrræðið hefur náð útbreiðslu. Helstu niðurstöður höfundar eru þær að jafnvel þó úrræðið hafi náð mikilli útbreiðslu víða um heim þá hefur það ekki verið mikið nýtt hér á landi. Ástæðurnar eru meðal annars þær að úrræðið hefur aðeins að takmörkuðu leyti verið innleitt í íslenska löggjöf. Höfundur telur að margvíslegur ávinningur sé af setningu sérstakra laga um sáttamiðlum, innleiðingu sáttamiðlunar á fleiri sviðum og aukinni þjálfun og fræðslu um valkvæðar sáttameðferðir.

## Tilvísanir íslenskra dómstóla í fræðiskrif í alþjóðlegum samanburði

**Haukur Logi Karlsson**

Lagadeild - Háskólinn á Bifröst

Dómstólar nýta tilvísanir í ýmsar heimildir til þess að rökstyðja dómsniðurstöður. Í aðferðafræði lögfræðinnar er vísað til þessara heimilda sem réttarheimilda. Ekki er um það að ræða að til staðar sé formlega viðurkenndur listi af réttarheimildum. Hins vegar hefur á grundvelli hefða og venja myndast nokkur samhljómur um hverjar þessar réttarheimildir séu og hvert innbyrðis vægi þeirra sé. Helstu réttarheimildirnar eru sett lög og reglugerðir stjórnvalda, en á meðal þeirra heimilda sem einnig teljast viðurkenndar eru dómafordæmi, óskráðar meginreglur laga og eðli máls. Í helstu kennslubókum á sviði lögfræði er auk þess vísað til kenninga fræðimanna sem einnar þeirra heimilda sem vísa megi til í rökstuðningi fyrir tilvist réttarreglu.Þær rannsóknarniðurstöður sem hér eru kynntar voru unnar í tengslum við Nordic Conreason rannsóknarverkefnið. Í því voru röksemdarfærslur í 40 leiðandi dómum á sviði stjórnskipunarréttar fyrir æðstu dómsstólum á Norðurlöndunum greindar á grundvelli 53 breytna. Ein af þessum breytum snéri að tilvísunum í fræðiskrif til stuðnings stjórnskipulegum röksemdum. Niðurstöðurnar sýna tíðni slíkra tilvísana í því þýði sem var til skoðunar í Norrænum samanburði. Nordic Conreason verkefnið á sér samsvörun í CONREASON verkefninu og CORE Latam verkefninu. Það veitir möguleika á að bera tíðni tilvísana íslenskra dómsstóla í fræðiskrif saman við tíðni í þeim gagnasöfnum sem unnin voru í tengslum við þessi tvö verkefni. Niðurstöðurnar sýna að Ísland sker sig úr bæði í Norrænum og í alþjóðlegum samanburði þegar kemur að tilvísunum í fræðiskrif í niðurstöðum dómstóla.

## Stéttarstaða og sýn á íslenska stéttakerfið 2009 til 2019

**Guðmundur Oddsson**

Félagsvísindadeild - Háskólinn á Akureyri

Klassískar stéttakenningar kveða á um að stéttarstaða einstaklinga hafi áhrif á sýn viðkomandi á stéttakerfið (e. class imagery). Jafnframt sýnir fyrri rannsókn að landsmenn sáu íslenska stéttakerfið „fletjast út" (þ.e. verða jafnara) í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 samhliða snar minnkandi tekjuójöfnuði. Markmið þessarar rannsóknar er að greina 1) áhrif hlutlægrar og huglægrar stéttarstöðu á sýn einstaklinga á stéttakerfið og 2) breytingar milli áranna 2009 og 2019, en tekjuójöfnuður hérlendis hélst lágur í alþjóðlegum samanburði á tímabilinu. Gögnin sem liggja til grundvallar rannsókninni koma úr Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni (e. International Social Survey Programme) sem lögð var fyrir hérlendis árin 2009 og 2019 (N=2174). Helstu frumniðurstöður tvíundargreiningar (e. binomial logistic regression) eru að huglæg og hlutlæg stéttarstaða sem og stéttarvísarnir menntun og heimilistekjur hafa forspárgildi fyrir sýn einstaklinga á stéttakerfið. Nánar tiltekið: Þeir sem standa hærra í stéttakerfinu hafa marktækt hærri gagnlíkindi (e. odds) á að sjá Ísland fyrir sér sem jafnaðarsamfélag (e. egalitarian class imagery) en þeir sem lægra standa. Loks benda niðurstöðurnar til þess að landsmenn sáu stéttakerfið fletjast enn frekar út (verða jafnara) yfir rannsóknartímabilið.

## Að skynja sinn stað: Rannsókn á táknrænu auðmagni

Jón Gunnar Bernburg, Sigrún Ólafsdóttir

Félagsfræði Háskóli Íslands

Kenning Bourdieus um félagslega lagskiptingu gerir ráð fyrir því að auðmagn af einni gerð hafi tilhneigingu til þess að ummyndast í auðmagn af annarri gerð. Þannig hafi hagrænt auðmagn (peningar), félagslegt auðmagn (hagstæð tengsl) og menningarlegt auðmagn (táknrænar bjargir) tilhneigingu til þess að ummyndast í táknrænt auðmagn (félagslega virðingu). Með öðrum orðum hafa einstaklingar sem eru efnaðir, vel tengdir, hafa háskólagráðu eða bara sem „kunna sig" tilhneigingu til þess að fá aðra til þess að hlusta á sjónarmið sín, enda hlusti fólk helst á þá sem þeir bera virðingu fyrir. Þessi "ummyndun" auðmagns dulbúi þannig misskiptinguna í samfélaginu. Rannsókn okkar skoðar réttmæti þessarar kenningu með því að nota nýlega könnun á fullorðnum Íslendingum (N > 1000), en könnunin gerir okkur kleift að skoða tengsl hagræns, félagslegs og menningarlegs auðmagn við táknrænt auðmagn. Í anda kenningar Bourdieus lítum við svo á að táknrænt auðmagn sé bundið við tiltekin svið samfélagsins og gerum þess vegna greinarmun á virðingu í almannarými (að hafa „rödd" í umræðunni) og virðingu í daglegum samskiptum á framsviðinu. Niðurstöður styðja kenninguna um ummyndun. Menntun, starfsstétt og peningar auka marktækt líkur á að einstaklingur telji sig hafa rödd (þ.e. skynji virðingu) í almannarými, að hluta til vegna þessa að þessir þættir auka líkur á að einstaklingurinn tengist elítum og hafi tileinkað sér veruhátt (e. habitus) af því tagi sem nýtur virðingar. Aftur á móti tengist virðing í daglegum samskiptum á framsviðinu ekki þessum þáttum, hugsanlega vegna gilda um jafnræði í hversdagslegum samskiptum hérlendis.

# Staða þekkingar á málefnum heimilislausra á Íslandi og úrræði

Erla Björg Sigurðardóttir

Félagsráðgjafadeild Háskóli Íslands

Í óbirtri rannsókn á stöðu þekkingar á málefnum heimilislausra á Íslandi var gerð yfirlitssamantekt (e. scoping review) á rituðum heimildum um heimilisleysi á Íslandi á tímabilinu 2012-2024. Einnig var aflað upplýsinga um úrræði fyrir heimilislausa einstaklinga, tölfræði og kostnað. Fjöldi heimilislausra í Reykjavík jókst frá árinu 2012, úr 179 í 349 árið 2017. Árið 2021 kom fram í úttekt að heimilislausum hafði fækkað í 301. Úttektin var framkvæmd með sömu skilgreiningu á heimilisleysi en ólíkri aðferð en hinar tvær og því ekki að fullu samanburðarhæf. Niðurstöður allra úttektanna sýndu að vandi þeirra sem glíma við heimilisleysi var í lang flestum tilfellum ofneysla á áfengi og/eða öðrum vímuefnum og í mörgum tilfellum alvarlegur geðrænn vandi oft samhliða vímuefnafíkn. Flestir heimilislausir voru á aldrinum 21—49 ára öll úttektarárin. Karlar voru mun fleiri en konur eða um 70% og fólk með erlent ríkisfang um 10—11%. Fjölmörg og fjölþætt úrræði hafa verið starfrækt auk gistiskýla með áherslu á að mæta þörfum þessa hóps. Áhersla hefur verið á skaðaminnkandi nálgun sem hefur í auknum mæli verið viðhöfð í þjónustu við hópinn. Markmið skaðaminnkandi nálgunnar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem áfengis- og/eða önnur vímuefnaneysla hefur á heilsu, félagslega og fjárhagslega stöðu fólks. Frekari rannsókna er þörf til að meta áhrif þessa úrræða. Vímuefnaröskun er meðhöndlanleg og að hætta neyslu er talin mest skaðaminnkandi lausnin fyrir bæði einstaklinginn og samfélagið. Þó virðist skorta samþættingu á milli vímuefnameðferðar og félagslegra úrræða með batamiðaða nálgun að leiðarljósi.

# Vaxandi borgir og millistétt í Afríku sunnan Sahara

**Magnfríður Birnu Júlíusdóttir**

Landfræði, líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands

Á síðustu áratugum hefur borgvæðing verið hröðust í heiminum í Afríku sunnan Sahara, en ráðandi ímynd af heimshlutanum á vesturlöndum er enn fátækt fólk til sveita. Vöxtur borga og aukin menntun íbúa hefur ýtt undir rannsóknir félagsvísindafólks á þróun og einkennum afrískrar millistéttar. Í erindinu verða kynntar niðurstöður kortlagningar höfundar og samstarfsfólks á vexti stærri borga í Afríku á tímabilinu 1990-2020, byggð á gögnum Fólksfjöldasviðs Sameinuðu þjóðanna. Auk þess verða kynntar nýjar aðferðir alþjóðastofnana við mat á skiptingu íbúa í þéttbýli og dreifbýli á heimsvísu, sem gefa aðra sýn á þróunina í bæði Afríku og Asíu. Einnig verður fjallað um greiningu á helstu niðurstöðum rannsókna félagsvísindafólks á einkennum og fjölbreytileika vaxandi millistéttar í borgum Afríku sunnan Sahara á 21. öldinni. Sjónum er einkum beint að þróun í sunnan- og austanverðri Afríku, þar sem höfundur þekkir best til. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna að kenningar byggðar á þróun evrópskrar millistéttar nýtast misvel í afrísku samhengi síðustu áratuga varðandi þætti eins og afmörkun stétta, sjálfsmynd og lífstíl. Fjölbreytnin er mikil innan afrísku millistéttarinnar og tengist meðal annars trúariðkun af ýmsu tagi, alþjóðlegu tengslaneti og sterkra tengsla við upprunasvæði til sveita. Efnahagsleg staða millistéttarinnar er einnig sveiflukennd og í því samhengi talað um „fljótandi stétt“, þar sem stór hluti er í hættu á að falla niður í hóp fátækra íbúa við áföll af ýmsu tagi.

# Áfallasögur eftir skipsskaða í afskekktum sveitum við Suðurströndina 1841 - 1943: Hvernig á að segja slíkar sögur?

**Sigrún Lilja Einarsdóttir**[1], **Einar Svansson**[2]

[1] Félagsvísindadeild - Háskólinn á Bifröst
[2] Viðskiptadeild - Háskólinn á Bifröst

Íslandssagan einkennist af margskonar áföllum, hvort sem um er að ræða slys, náttúruhamfarir eða harmleikir af mannavöldum. Umtalsvert hefur verið skrifað um sjóslys en minna hefur verið skrifað um afdrif þeirra fjölskyldumeðlima sem þurftu að takast á við að missa fjölskyldufeður, fyrirvinnur eða aðra ástvini í slíkum slysum, einkum á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar, tíma þar sem formleg samhjálp hvíldi einkum á samstöðu nágranna og stórfjölskyldna, fyrir tíma almannatrygginga og nútímavelferðarkerfis. Í þessu erindi verða sagðar nokkrar sögur sem komið hafa fram í yfirstandandi rannsóknarvinnu á afdrifum ekkna, barna og hreppsómaga / niðursetninga í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu sem þurftu að takast á við áðurnefndan missi í sjóslysum á áraskipum á tímabilinu 1841 - 1943. Sögurnar innihalda m.a. hvernig fjölskyldum var tvístrað, börnum komið fyrir sem hreppsómögum og heimilin leyst upp, sögur af hrakningum og flækingi, fátækt og heilsuleysi, af því að lenda „á sveit", af vistun á stofnunum fyrir andlega veika og fátæka og jafnvel átakanlegar sögur af því þegar fólk tók eigið líf eftir áföll og ástvinamissi. Hér hefur verið rýnt prestþjónustubækur, sóknarmannatöl, opinber manntöl, dagbækur sýslumanna, dómabækur, fundargerðabækur sveitarfélaga, minningargreinar í dagblöðum, ævisögur, sagnaþætti og aðrar heimildir og velt fyrir sér hvaða siðferðilegu viðmið þurfi að hafa í huga í slíkum frásögnum, sem margar hverjar eru átakanlegar. Einnig þarf að hafa í huga að sumar þessara sagna séu ef til vill ekki þekktar meðal ættingja og afkomenda.

## Gæðastjórnun – hvað kostar?

**Einar Guðbjartsson**

Viðskiptafræðideild

Hugtakið Quality Management hefur verið lengi samferða rekstri fyrirtækja seinni hluta af 20tu öldinni og ennþá meira það sem af er 21stu öldinni. Má ætla að W. E. Deming hafi komið gæðastjórnun á kortið upp úr 1950. Hann innleiddi hugtakið Total Quality Management.Gæðastjórnun hefur oftar en ekki verið álitið kostnaðaraukandi þáttur í rekstri fyrirtækja. En er það svo? Hvernig er hægt að reikna ábata af gæðastjórnun? Nauðsynlegt er að byrja á því að skilgreina hugtakið gæði til þess að geta sett verðmiða á gæðastjórnun. Samhliða þróun á gæðastjórnun þá komu til skjalanna staðlar (ISO-staðlar) sem hafa treyst gæðastjórnun í sessi, sem hluti að stjórnunarkerfi fyrirtækja og góðum stjórnarháttum. Sá staðall sem er hvað einna mest þekktur er ISO-9001 og fjallar meðal annars um ánægju viðskiptavinar með keypta vöru eða þjónustu. Þar nálgumst við skilgreiningu á gæði.Við innleiðingu á gæðastjórnun þá er vænst að hagnaður og eða ánægja viðskiptavina aukist. Ekki er alltaf auðvelt að reikna hver er í raun ávinningur af gæðastjórnunarkerfum sem hafa verið innleidd í fyrirtækinu.Í þessu erindi verður gert grein fyrir því, með fræðilegri nálgun, hvernig hægt er að reikna kostnað og ábata af gæðastjórnunarkerfum. Hugtakið gæði verður skilgreint í byrjun og útreikningar miðast við þau hugtökum er gæðastjórnun byggir á, t.d. fyrirbyggjandi aðgerðir og innri og ytri mistök í framleiðslu. Erindi þetta getur stuðlað að betri sýn á gæðastjórnun, þá sérstaklega á hagrænt gildi í rekstri.

## Skipulag tilnefningarnefnd

Hildur Magnúsdottir, Auður Arna Arnardóttir, Throstur Olaf Sigurjonsson

Viðskiptafræðideild

Tilnefningarnefndir eru viðfangsefni stöðugra fræðilegra og hagnýtra umræðna þegar lítur að tilgangi þeirra, starfshátta og skipulag. Fyrri rannsóknir benda til þess að tilnefningarnefndir geti bætt stjórnarhætti fyrirtækja með því að efla ferlið við skipan stjórnarmanna. Í norrænum stjórnarháttum eru þessar nefndir samþættar á mismunandi vegu, annaðhvort sem nefndir hluthafa eða undirnefndir stjórnar. Ísland getur gegnt mikilvægu hlutverki tilviksrannsóknar, þar sem könnuð eru sjónarmið hagsmunaaðila um hlutverk og skipulag tilnefningarnefnda, þar sem áhersla er á rað rannsaka hvort nefndirnar eigi að starfa sem undirnefndir stjórna fyrirtækja eða nefndir hluthafa. Þessi rannsókn nær til einstaks úrtaks vegna fjölbreytileika þess. Viðtöl voru tekin við einstaklinga sem samanstanda af hluthöfum, stjórnarmönnum skráðra fyrirtækja og nefndarmönnum í tilnefningarnefndum. Að auki voru kannanir sendar til hluthafa, stjórnarmanna og nefndarmanna í tilnefningarnefndum 300 stærstu fyrirtækja Íslands (tvær kannanir með tveggja ára millibili). Niðurstöðurnar benda til þess að tilnefningarnefndir ættu að vera nefndir hluthafa kosnar af hluthöfum í stað stjórnarnefnda. Slíkt fyrirkomulag er lagt til, svo að hámarka megi ávinning hluthafa og stjórna við myndun og starf tilnefningarnefnda.

# Áskoranir og tækifæri í stafrænum umbreytingum sveitarfélaga: Innsýn og afleiðingar

Þröstur Olaf Sigurjonsson[1], Svala Guðmundsdóttir[2], Einar Jónsson[3]

[1] Viðskiptafræðideild; Viðskiptafræðideild
[2] Viðskiptafræðideild
[3] Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu

Þessi rannsókn skoðar áskoranir og hindranir sveitarfélaga í stafrænum umbreytingaferli þeirra. Markmiðið er að skilja hvort reynsla íslensks sveitarfélags samræmist þeirri sem lýst er í fræðilegum heimildum, með áherslu á áhrif stafrænnar umbreytingar á þjónustu við almenning. Notuð var blönduð rannsóknaraðferð, sem sameinar eigindleg viðtöl við starfsmenn sveitarfélaga og könnun. Sjö viðtöl voru tekin við einstaklinga sem koma að stafrænum þróunarverkefnum, auk könnunar meðal níu þátttakenda. Rannsóknin leiðir í ljós að stuðningur frá yfirstjórn og nægilegt fjármagn eru lykilatriði fyrir vel heppnaðar stafrænar umbreytingar. Samvinna starfsfólks og skilvirk gagnastjórnun reyndust einnig vera mikilvægir þættir, á meðan mótstaða við breytingar, sérstaklega meðal starfsmanna, reyndist vera veruleg áskorun. Niðurstöðurnar benda til þess að hindranir sem íslenska sveitarfélagið stendur frammi fyrir séu í samræmi við þær sem greindar hafa verið í fræðilegum rannsóknum. Þessi rannsókn stuðlar að aukinni skilningi á stafrænum umbreytingum í opinberri stjórnsýslu með því að veita raunveruleg gögn frá íslensku sveitarfélagi. Hún undirstrikar mikilvægi heildrænnar nálgunar sem felur í sér tæknilegar, skipulagslegar og menningarlegar breytingar.

# Ávinningur af stjórnkerfisstöðlunum ISO 9001, ISO 14001 og ISO 27001

Elín Huld Hartmannsdóttir[1], Jóhanna Gunnlaugsdóttir[2]

[1] Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu
[2] Félagsvísindasvið

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hver notkun íslenskra skipulagsheilda væri af vottun samkvæmt ÍST ISO 9001, ÍST ISO 14001 og ÍST ISO/IEC 27001: Hvaða ávinning þær teldu sig hafa haft af vottuninni. Megindleg aðferðafræði (spurningalistakönnun sem mælitæki) var notuð við framkvæmd rannsóknarinnar. Rannsóknarspurningarnar snérust um: (1) Notkun staðlanna og (2) hvort hún væri ólík eftir stöðlum og hversu lengi vottunin hefði varað. Hvort ávinningur af vottun tengdist: (3) Vinnulagi og upplýsingum; (4) þjónustu og hvort vottunin hefði haft áhrif á ósamræmi/frávik; (5) betri nýtingu starfskrafta og þjálfunar starfsfólks, betri nýtingu á aðföngum og tækjabúnaði; (6) betri ímynd skipulagsheildarinnar og/eða greiddi vottunin fyrir markaðs- og kynningarstarfi hér á landi og/eða erlendis og loks (7) aukinni samkeppni, auknum tekjum, viðskiptavinum og fjárhagslegri afkomu. Helstu niðurstöðurnar sýna að ávinningur jókst við lengri tíma. Þátttakendur með ISO 9001-vottun voru 94% mjög eða frekar sammála því að ávinningurinn af vottun væri bætt aðgengi að skjölum, 91% að hún hefði breytt vinnulagi til batnaðar, 86% að hún hefði leitt til betri ímyndar og 76% að hún hefði aukið samkeppnishæfni. Þátttakendur með 14001-vottun voru 97% mjög eða frekar sammála því að ávinningurinn hefði leitt til betri ímyndar og breytt vinnulagi til batnaðar, 75% að vottunin hefði samræmt þjónustu og 73% að hún hefði aukið samkeppnishæfni. Þátttakendur með ISO 27001-vottun voru 100% mjög eða frekar sammála því að vottunin hefði leitt til betri ímyndar og breytt vinnulagi til batnaðar, 91% að hún hefði bætt aðgengi skjölum og 90% að hún hefði lágmarkað ósamræmi/frávik.

## Tilfinningasamir víkingar. Víkingaímyndin á söfnum og í samfélaginu

**Guðrún Dröfn Whitehead**

Háskóli Íslands, félagsfræði, mannfræði og þjóðfræðideild

Víkingar eru meðal þekktustu samfélagshópa fortíðar. Staðalmynd þeirra í alþjóðlegri dægurmenningu er af herskáum og ofsafengnum mönnum, með hyrnda hjálma, ljóst hár, stælta vöðva og óskammfeilinn og lokkandi persónuleika. Söfn hafa löngum barist gegn þessu með því að leggja áherslu á hversdagslegri hliðar lífs á Víkingaöld. Á sama tíma er staðalmyndin oft í forgrunni í markaðssetningu. Raunin er sú að herskáir víkingar hafa mikil áhrif á safngesti, sem hafa þá ímynd til hliðsjónar við persónulega túlkun sína á sýningum. Hér myndast því brú milli fortíðar og samtíðar sem gerir fólki kleift að tengjast víkingum með persónulegum hætti.Þessi fyrirlestur byggir á nýlegri útgáfu, The Performance of Viking Identity in Museums: Useful Heritage in the British Isles, Iceland, and Norway (2024). Greint verður frá helstu straumum við gerð víkingasýninga, auk þess sem niðurstöður viðtala við safngesti og starfsmenn safna verð kynnt með tilliti til tilfinningalegra tenginga við víkinga fortíðar. Viðmælendur lýstu til dæmis yfir reiði gagnvart útrásarvíkingum, aðdáun á hugrekki víkinga, lotningu yfir að geta rakið uppruna sinn til þeirra, ótta og spennu yfir ofbeldishneigð þeirra og öfund yfir ævintýraþrá þeirra. Fólk taldi sig vera víkinga vegna hugrekkis, eða ólík þeim vegna þess ótta sem víkingar vöktu meðal annars fólks. Með þessu móti er sýnt fram á gildi víkinga í samtímanum og hugleitt hvernig megi nýta þessar tengingar til að efla samfélagslegt hlutverk safna og þátttöku í mikilvægum umræðum um lýðfræði, jafnrétti og umhverfisvernd.

## Tilfinningalegur usli gagnvart typpum: Af gestabókum Hins íslenzka reðasafns

Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Félagsfræði; mannfræði, þjóðfræðideild - Háskóli Íslands

Gestabækur hafa löngum verið notaðar sem skráningarform fyrir nöfn og þjóðerni fólks sem notfæra sér greiðaþjónustu af ýmsu tagi. Á undanförnum árum hefur verið fjallað um slíkar heimildir með ýmsum fræðilegum hætti og sýnt hefur verið fram á að séu gagnlegar til að lýsa skoðunum og viðhorfum fólks, tíðaranda og tilfinningum. Gestabækur hafa verið notaðar af söfnum víða um heim og hafa þau nýtt sér þær til að fá innsýn inn í viðbrögð og reynslu gesta við heimsókn þeirra eða kanna hvaða skoðanir gestir hafa á því sem safnið hefur upp á að bjóða. Í þessu erindi verður fjallað um fræðileg skrif um gestabækur og sett í samhengi við gestabækur Hins íslenzka reðasafns. Sérstaklega verður vikið að rými tilfinninga þegar kemur að gerð textalegra og myndrænna gerða gesta safnsins á karlkyns æxlunarfærum, typpum, í gestabókunum. En utan veggja safnsins er slík iðkun oft ofurseld tilfinningalegum usla, eins og hneykslun, smánun og skömm. Erindið byggir á orðræðugreiningu á gestabókun Hins íslenzka reðasafns á árabilinu 2008-2024.

## Stepping into the Past: Emotional Response and Historical Empathy at Árbæjarsafn

Kathryn A Teeter

University of Iceland - Museology

Icelandic museums have begun to incorporate emotion and empathy into practice and policy, though historical empathy (HE) remains underexplored. HE allows visitors to better understand and connect with the past and historical figures by uniting context, perspective-taking, and affective connection. Emotional response is part of this process in the context of museums. This talk explores emotional response and HE in independent university students visiting Árbæjarsafn. Much museological focus on HE has been on schools visiting with established educational frameworks and outcomes, while regular visitors have been rather overlooked. Regular visitors still experience emotion and undertake components of HE due to the immersive and educational nature of museums. For this reason, they should not be excluded from research. By examining participants' responses, the main elements that influenced emotional response and HE were identified. For emotional response, these were learning new information, the Árbær farmhouse, weather, and personal connections. While these elements contributed to the undertaking of HE, imagination and entrance narratives had greater influence.The history of emotions is presented as an under-utilized area of study with potential for emotional response and HE in museums. Achieving meaningful HE outside of established frameworks was difficult for participants. By examining what elements of the museum and the visitor contribute to emotional response and HE, museums can create stronger connections between past and present, engage visitors more completely, and increase knowledge, critical thinking, and empathetic skills. Exploring these new avenues creates potential for Icelandic museums to make meaningful connections and explore new research areas.

## Þannig varð leikskólinn til. Brot úr sögu Akureyrar og aðdragandanum að leikskólarekstri í bænum

**Anna Elísa Hreiðarsdóttir**

Háskólinn á Akureyri

Akureyri hefur verið kölluð skólabærinn og á langa sögu af ríku og góðu menntaumhverfi á öllum skólastigum. Saga háskólans, menntaskólans og gagnfræðaskóla Akureyrar hafa verið tekin saman sem og saga barnaskóla í bænum fyrstu 100 árin. Gögnin sem hér er unnið með eru sótt í rannsókn sem miðaði að því að taka saman sögu leikskólastarfs á Akureyri. Sögulegri aðferð var beitt við gagnaöflun og rýnt í fjölbreytt gögn svo sem fundargerðir, dagblöð og opinber skjöl en einnig tekin viðtöl við fólk með reynslu og þekkingu sem féll að viðfangsefninu. Í erindinu er fjallað um staksteina í málefnum yngstu barnanna í litla bænum Akureyri á fyrri hluta 20. aldar og fram yfir seinna stríð og hvernig hugmyndir um leikskóla mótuðust smám sama og eiga sér í raun langan aðdraganda. Niðurstöður sýna að margir samverkandi þættir spiluðu saman til að þróa það sem í dag er fyrsta skólastig yngstu barnanna í Akureyri. Áhrifaþættir sem má nefna eru breyttir búsetu- og atvinnuhættir, barátta fyrir jafnrétti, bæði kvenna og í víðum skilningi, og auknar áherslur á bættan hag barna. Allt má þetta rekja til einstaklinga sem lögðu sitt af mörkum, oft af mikilli elju og hugsjón. Þannig varð úr að konur í Kvenfélaginu Hlíf hófu rekstur á sumardvalarheimilinu Pálmholti árið 1950 eftir langan undirbúning og fjölmargar hindranir og fimm árum síðar tók leikskóli Barnaverndarfélags Akureyrar til starfa. Saga beggja stofnanna hefur verið samfelld síðan og tók Akureyrarbær við rekstrinum upp úr 1970 og markar þar með upphaf leikskóla Akureyrarbæjar.

## Áhrif Félags leikskólakennara á íslenskt leikskólastarf

**Kristín Dýrfjörð**

Háskólinn á Akureyri

Í fyrirlestrinum verður fjallað um áhrif Félags leikskólakennara á leikskólastarf á Íslandi. Rakin er þróun þess frá stofnun í lok níunda áratugarins til núverandi hlutverks í mótun starfsumhverfis leikskólakennara.Fjallað er um markvissar aðgerðir félagsins í kjarasamningum og umbótum á vinnuskilyrðum fyrir félagsfólk og þær settar í samhengi við áhrif nýfrjálshyggju sem hefur haft áhrif á stefnu og aðgerðir í menntakerfinu á Íslandi. Með því að skoða söguleg skjöl og taka viðtal við núverandi formann félagsins, er varpað ljósi á tvíþætta hlutverk félagsins sem bæði fagfélag og stéttarfélag, líkan sem í upphafi var nefnt „að standa jafnt í báðar fætur“. Þetta líkan gerði félaginu kleift að berjast fyrir réttlátum launum á sama tíma og það vann að því að efla faglega þróun og viðurkenningu leikskólasamfélagsins.Helstu niðurstöður benda til þess að þó að félagið hafi náð verulegum árangri í að bæta laun og vinnuskilyrði, hafi þessi árangur oft verið á kostnað aukins álags og áskorana við að viðhalda faglegu sjálfstæði. Greinin fjallar einnig um áhrif nýfrjálshyggju á leikskólastigið, sérstaklega spennuna á milli markaðsdrifinna afla og viðleitni félagsins til að varðveita faglega heiðarleika og sjálfstæði kennara.Niðurstaða rannsóknarinnar er Félag leikskólakennara hafi leikið lykilhlutverk í að móta faglegt landslag íslensks leikskólasamfélags, með því að takast á við faglegar og hugmyndfræðilegar flækjur nýfrjálshyggjunnar á sama tíma og það leitast við að viðhalda fagmennsku leikskólastigsins. Rannsóknin undirstrikar mikilvægi áframhaldandi málsvarnar og stefnumiðaðrar samningagerðar til að vernda og efla stöðu og vinnuskilyrði leikskólakennara í þágu bæði stéttar og leikskólabarna.

## Saga í hverjum bita: Ferðalag matarhefða barna í stofnunum

**Guðrún Alda Harðardóttir**

Sjálfstætt starfandi

Rannsóknin sem kynnt verður skoðar hvernig fortíðin lifir áfram í nútímanum í gegnum menningarlegar venjur og líkamlegar athafnir, með sérstaka áherslu á matartíma barna í stofnanaumhverfi, svo sem á sumardvalarheimilum og í leikskólum. Til umfjöllunar er matartími barna þar sem þau þurfa að fylgja hefðum og reglum sem þau hafa sjálf ekki áhrif á.Markmið rannsóknarinnar er að greina hvernig venjur og hefðir matartíma barna í stofnanaumhverfi, hafa ferðast með tímanum og mótað nútímann. Rannsóknarspurningin er: Hvernig hafa venjur og hefðir í matartíma barna í stofnanaumhverfi fyrri tíma haft áhrif á matartíma barna í leikskólum?Rannsóknin byggir á tveimur gagnasöfnum. Fyrra gagnasafnið er úr heimildarmynd sem fjallar meðal annars um matartíma barna á sumardvalarheimili árið 1957, þar sem höfundur dvaldi sem barn sumarið 1960, þá fjögurra ára. Seinna gagnasafnið er úr rannsókn sem var framkvæmd á árunum 2011 til 2018 og skoðar matartíma í leikskóla, birt í grein eftir höfund og Kristínu Dýrfjörð árið 2023. Rannsóknin nýtir félagsfræðilega nálgun og samanburðaraðferðafræði til að greina þróun venja yfir tíma. Hefðir og venjur í matartímum rannsóknargagnanna eru dregnar fram, túlkaðar á kerfisbundinn hátt og merkingarleg samsvörun skoðuð. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að þrátt fyrir samfélagslegar breytingar haldi sumar hefðir áfram að móta nútímann, sérstaklega í samhengi við matartíma barna í stofnanaumhverfi. Þessum hefðum er oft viðhaldið án gagnrýninnar skoðunar og hafa haft langvarandi áhrif á matarmenningu barna í leikskólum. Rannsóknin varpar ljósi á hvernig fortíðin lifir áfram í veggjunum og heldur áfram að móta nútímann í gegnum þessar venjur.

## Sögulegt sjónarhorn á reglur við innritun barna í fyrstu leikskóla Akureyrarbæjar og þátttöku fagfólks í að móta þær

**Sesselja Sigurðaróttir**

Fræðslusvið Akureyrarbæjar

Markmið rannsóknarinnar var að draga fram þróunina í rekstrarumhverfi leikskóla Akureyrarbæjar á árunum 1971 - 1991. Sögulegri aðferð var beitt til að afla gagna og var sótt í margvísleg gögn í skjalasafni Akureyrarbæjar svo sem reglur og fundargerðir félagsmálaráðs, dagheimilanefndar, leikskólastjórafunda og starfmannafunda leikskóla. Niðurstöður sýna að strax á fyrstu árunum var eftirspurn eftir leikskólaplássum langt umfram framboð og þær lýsa hverig brugðist var við þeim áskorunum bæði innan bæjarkerfisins og meðal fagfólks leikskóla. Á tímum þegar biðlistar voru hvað lengstir voru settar margvíslegar reglur til að freista þess að jafna möguleika barna til að komast á einhverjum tímapunkti í leikskóla, sem ekki var sjálfsagt á þessum tíma. Reglurnar gátu tengst félagslegri stöðu fjölskyldunnar, hjúskaparstöðu foreldra, aldri barna og hvort börn höfðu verið lengi í leikskóla svo nokkuð sé nefnt. Þá ályktun má draga af niðurstöðum að leikskólakennarar voru gjarnan hreyfiafl í breytingum og samræmigum milli leikskóla þar sem þeir börðust bæði fyrir því að börn hefðu möguleika á að sækja leikskóla og að aðstæður barna í skólunum væru góðar. Jafnframt sem leikskólakennarar börðust fyrir lengingu á skólatíma barna, sem voru þá 4 tímar á dag í leikskólum. Sjónarhornið var bæði faglegt og til að styðja við atvinnuþátttöku kvenna.

## Aðdragandi sjónlistakennslu á Íslandi fyrir fyrstu fræðslulögin 1907

Sandra Rebekka Önnudóttir Arnarsdóttir

Háskóli Íslands

Í erindinu verður fjallað um yfirstandandi rannsókn á sögulegri þróun sjónlistarkennslu á Íslandi fyrir fræðslulögin 1907. Hugtökin sjónlistir og sjónlistakennsla eru notuð til einföldunar þó svo að mismunandi heiti hafi verið við lýði í gegnum tíðina. Markmið rannsóknarinnar er að varpa upp mynd af því hvort, og þá með hvaða sniði, sjónlistakennsla fór fram áður en fyrstu fræðslulögin voru sett. Enn fremur er rýnt í hugmyndafræðileg áhrif erlendis frá og það hvaða áhrif þau höfðu á þróun hérlendis. Í rannsókninni var sögulegri aðferð beitt og rýnt í ýmis konar gögn, lög, reglugerðir, skýrslur, tímaritsgreinar, auglýsingar og annað sem mögulega gat gefið vísbendingar um upphaf, stöðu og hugmyndir um sjónlistarkennslu fram að fræðslulögunum 1907. Niðurstöður sýna að sjónlista var getið í reglugerðum fyrir barnaskóla áður en fræðslulögin tóku gildi og sjónlistir voru einnig í boði í formi námskeiða fyrir almenning. Því er ljóst að sjónlistir höfðu gildi bæði í samfélaginu og sem þáttur í alþýðumenntun barna.

## Endurheimt vistkerfa: Skilningur, viðhorf og sýn mismunandi hagaðila

**Guðrún Guðjónsdóttir**

Félagsvísindadeild - Umhverfis- og Auðlindafræði

Endurheimt vistkerfa hefur rutt sér til rúms síðustu áratugina. Sameinuðu þjóðirnar hafa útnefnt núverandi áratug, 2021-2030, sem áratug endurheimtar vistkerfa til að sporna gegn hnignun og stuðla að endurheimt tapaðra vistkerfa á heimsvísu. Endurheimt vistkerfa tengir saman félags- og vistfræðilega þætti og miðar að því að maðurinn endurheimti þau náttúrulegu landgæði sem hann hefur nú þegar skaðað og eytt. Landeyðing á Íslandi hefur verið gríðarleg þar sem um 40% gróðurhulu landsins hefur tapast frá landnámi. Sameiginleg sýn allra hagaðila er talin mikilvægur þáttur í endurheimt vistkerfa. Hún hvílir á virkum samskiptum þar sem tekið er tillit til bæði skýrt skilgreindra viðmiðunarvistkerfa og félagslegs ávinnings slíkra verkefna. Til að skoða sýn allra viðeigandi hagaðila, viðhorf þeirra og skilning tókum við djúpviðtöl við 39 hagaðila með það að markmiði að draga fram mismunandi sjónarhorn. Þátttakendur voru landeigendur, sérfræðingar, vísindafólk, áhugamannafélög (almenningur) og fulltrúar stjórnsýslunnar. Sex endurheimtarverkefni voru skoðuð sem eiga það sameiginlegt að vera á stórum kvarða og hafa þann tilgang að endurheimta náttúrulegt mólendi- og birkivistkerfi. Gögnin voru þemagreind með gagnsemishyggju að leiðarljósi. Frumathuganir benda til þess að ólíkur skilningur, sýn og viðhorf ríki milli hagaðila, í fyrsta lagi um það hvað endurheimt vistkerfa er, í öðru lagi hvað eigi að endurheimta og við hvað eigi að miða og í þriðja lagi virðist félagslegur ávinningur af slíkum verkefnum stundum vera óljós.

## The Dairy Support System: Who loses and who gains when quotas are tradeable?

Birgir Þór Runólfsson, Ragnar Árnason, Anna Guðrún Ragnarsdóttir

Hagfræðideild Háskóla Íslands

Iceland has a tradition of intervening in the domestic agricultural market, including dairy farming. Much of the intervention has consisted of a combination of a minimum support price and subsidies, in addition to import tariffs. An important feature in dairy farming has been the direct payment quotas held by the individual farmers, which were transferable. Does the quota trade hurt farmers rather than help them? Do those farmers who buy quota lose and those who sell gain? Does flow of capital from continuing farmers to ex-farmers result in the gains from the subsidy only benefitting those farmers that were operating and received direct payment quota when instituted, and then sold out of the system?We attempt to answer these and related questions here. In doing so, we show that popular arguments about who gains and who loses in quota trades are confused. Contrary to popular claims, economic analysis shows that no one incurs a loss, not those operating in the system, not those who cash out, nor those who buy quota. Not only doesn't anyone lose but in fact most or all gain through trade. This in general confirms the basic principles of economics and free trade. Gain is the motive for trade; people do not engage in trade if they do not see some gain in doing so. This also confirms that trade increases farmers' wealth. Not only the farmers who receive the initial allocation of quotas gain through trading the quota; farmers buying into dairy farming also gain.

# Hverjir eiga heima hér? Skilgreining heimila og áhrif á tekjutölfræði

Guðrún Svavarsdóttir, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Hagfræðideild

Heimilistekjur eru mikilvægur mælikvarði fyrir efnahagslega velferð. Þær eru grundvöllurinn að mörgum hagfræðilegum mælingum, svo sem jöfnuði og fátækt. Við fyrstu sýn virðist það að mæla heimilistekjur auðvelt: Til þess þarf einfaldlega upplýsingar um tekjur allra á heimilinu. En þegar betur er að gáð, þá er margt sem flækir mælingu á heimilistekjum. Að því gefnu að einstaklingstekjur séu mældar rétt þá þurfum við að skilgreina heimili: hverjir teljast heimilismenn og hverjir ekki?Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt: (1) að bera saman tvær skilgreiningar á heimilum á Íslandi og (2) setja fram tekjutölfræði byggða á skráargögnum. Skráarbundið manntal Hagstofunnar er notað og það tengt við upplýsingar úr lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Þannig er hægt að bera saman opinbera skráningu heimila við skilgreiningu þeirra sjálfra. Í kjölfarið er hægt að skoða hvernig tekjutölfræði heimila á Íslandi breytist eftir heimilisskilgreiningu. Að lokum eru tekjur og tekjudreifing allra Íslendinga borin saman við úrtak lífskjararannsóknarinnar. Þetta er nýlunda, þar sem opinber tekjutölfræði byggir á úrtaki en ekki allri þjóðinni.Helstu niðurstöðurnar sýna að 24% heimila árið 2011 og 18% heimila árið 2021 höfðu annars konar skráningu í manntali samanborið við þeirra eigin skilgreiningu. Þá sést að meðaltal jafngildra heimilistekna árið 2021 er 5% lægra ef manntal er notað í stað lífskjararannsóknarinnar til að afmarka heimili. Ennfremur sjáum við að meðaltekjur allra Íslendinga árið 2021 eru 10% lægri samanborið við úrtak lífskjararannsóknarinnar. Þá mælist tekjuójöfnuður minni þegar gögn allra Íslendinga eru notuð en hlutfallsleg fátækt meiri samanborið við niðurstöður lífskjararannsóknarinnar.

# Óhófleg útgjaldabyrði heimila vegna heilbrigðisþjónustu

**Rúnar Vilhjálmsson**

Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild HÍ

InngangurÍslenska heilbrigðiskerfinu er ætlað að tryggja landsmönnum sem jafnast aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Í því skyni er heilbrigðisútgjöldum einstaklinga og heimila haldið í skefjum. Rannsóknin kortleggur útgjaldabyrði heimilanna vegna heilbrigðisþjónustu og athugar í hvaða mæli einstakir hópar samfélagsins búi við óhófleg heilbrigðisútgjöld.Efniviður og aðferðirByggt er niðurstöðum úr heilbrigðiskönnun meðal Íslendinga 18 ára og eldri sem fram fór vorið 2023. Þátttakendur komu úr netpanel Félagsvísindastofnunar og þjóðskrárúrtaki. Svarendur voru alls 5482 og heimtur tæp 50%. Þeir voru spurðir um samanlögð útgjöld vegna notkunar sinnar og heimilismanna sinna í samtals 11 útgjaldaliðum og útgjöldin lögð saman. Þeir voru einnig spurðir um samanlagðar ráðstöfunartekjur heimilisins eftir skatt. Óhófleg útgjaldabyrði vegna heilbrigðisþjónustu miðaðist við að útgjöldin væru að minnsta kosti 10% af ráðstöfunartekjum heimilisins. Útgjaldabyrðin var síðan borin saman milli samfélagshópa.NiðurstöðurMikill munur var á útgjaldabyrði samfélagshópanna. Heimili yngra fólks, einheypra, einstæðra foreldra, atvinnulausra, lágtekjufólks og öryrkja glímdu mun oftar en önnur heimili við óhóflega útgjaldabyrði vegna heilbrigðisþjónustunnar. Í þessum hópum var staða lágtekjufólks og atvinnulausra lökust. Hátekjufólk, háskólamenntaðir og giftir einstaklingar bjuggu sjaldnast við óhóflega útgjaldabyrði vegna heilbrigðisþjónustunnar. ÁlyktanirMiklu skiptir að halda heilbrigðisútgjöldum heimilanna í skefjum og draga úr ójöfnuði útgjalda vegna heilbrigðisþjónustunnar. Í húfi er aðgengi einstaklinga að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Ástæða er til að endurskoða reglur um kostnaðarþáttöku sjúklinga í íslenska heilbrigðiskerfinu með það fyrir augum að jafna stöðu samfélagshópa og endurgreiða heimilum kostnað þegar hann fer úr hófi.

## The Color of Change. Employee perception of RPA

Hanna Kristín Skaftadóttir

Viðskiptafræðideild, Háskóli Íslands

Innovation in the public accounting industry is on the rise. Robotic Process Automation (RPA) is increasingly used in accounting and auditing settings. This paper examines how the perception and use of RPA affect employees' perception of work experience at a consultancy firm in Iceland. We surveyed 125 employees and compared the results with an earlier survey implemented at a Big Four accounting firm. We examine whether there is a correlation between color coding of personality traits and perception of RPA implementation. We explore the following question: Can we identify personality traits associated with the difference in perception of implementing RPA at a consultancy firm? The implementation and hiring process needs to understand which character traits are related to a positive attitude and willingness to adapt to RPA. With leads toward what group of employees are more adaptable to RPA, there is a clear benefit to starting with that employee group in the implementation phase. Harmonizing the implementation of new technology with different employee groups can be a delicate balance. Our insights provide helpful directions regarding implementation processes for the accounting profession as it increases the use of RPA. Furthermore, we hope our leads guide future research studies examining related technology adoption and implementation issues by employees.

# Innsýn gervigreindar í yfir 800 þúsund athugasemdir frá blog.is

Hafsteinn Einarsson, Steinunn Rut Friðriksdóttir

IVT-deild á Verkfræði- og Náttúruvísindasviði

Þessi rannsókn kynnir ítarlega greiningu á íslensku netsamfélagi með því að skoða yfir 800 þúsund ummæli af heimasíðunni blog.is. Með nýstárlegri nálgun, þar sem notast er við gervigreind, snertum við á margvíslegum þáttum í netsamskiptum Íslendinga.Ummæli 400 vinsælustu síðanna á blog.is voru skröpuð. Mállíkanið GPT-4o-mini frá OpenAI var notað til að merkja ummælin samtímist í mörgum mismunandi verkefnum, m.a. lyndisgreiningu, greiningu á eitruðum ummælum, greiningu á hatursorðræðu, tilfinningagreiningu, greiningu á hrútskýringum og greiningu á almennum staðhæfingum um hópa. Til að staðfesta getu mállíkansins var hluti ummælanna handyfirfarinn inni á vefsíðunni www.ummælagreining.is. Samanburður á hópum var framkvæmdur með hefðbundnum tölfræðiprófum.Markmið rannsóknarinnar var að kanna getu gervigreindar og veita nýja sýn á íslenskt netsamfélag. Niðurstöðurnar varpa ljósi á ríkjandi viðhorf, samskiptamynstur og áskoranir í íslenskum netsamskiptum.Líkanið stóð sig verst í greiningu á kaldhæðni og hrútskýringum skv. mati einstaklinga. Marktækur kynjamunur kom fram í verkefnum á borð við lyndisgreiningu og eitruð ummæli sem farið verður ítarlega yfir. Einnig skoðum við hvernig staðhæfingar um hópa og hvernig hatursorðræða hafa þróast yfir tíma frá 29. janúar 2005 til 8. ágúst 2024.Þessi rannsókn býður upp á mikilvægar upplýsingar fyrir rannsakendur, stefnumótendur og almenning um eðli og þróun íslensks netsamfélags, og getur nýst sem grunnur að frekari rannsóknum sem byggja á sjálfvirkri textagreiningu.

# Umferðaröryggi rafhlaupahjóla á Íslandi 2020-2023

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, Háskóla Íslands

Almennt hefur slysatíðni í umferðinni á Íslandi verið á niðurleið þegar litið er til lengri tíma og sérstaklega að teknu tilliti til mannfjölgunar og aukinnar umferðar. Þetta gildir til dæmis um slys ökumanna bifreiða, mótorhjóla, reiðhjóla og einnig gangandi vegfarenda. Slys ökumanna rafhlaupahjóla skera sig hins vegar úr. Akstur rafhlaupahjóla hefur aukist undanfarin ár sem og slys ökumanna þeirra. Túlkun á niðurstöðum er að nýr hópur sé að slasast á rafhlaupahjólum. Það þýðir að þetta er fjölgun slysa með alvarlegum meiðslum en ekki aðeins tilfærsla slysa eins ferðamáta til annars. Þessi þróun er mjög stutt, aðeins fjögur ár, og má því ekki draga of stórar ályktanir af þessu um framtíðina. Þó má leita að mögulegri skýringu á þróuninni undanfarið. Ein mögulega tilgáta er að ökumenn rafhlaupahjóla séu í mörgum tilfellum að færa sig frá öruggari ferðamáta þar sem slysatíðni er lág, svo sem að ganga eða taka strætisvagn, þegar þeir velja að nota rafhlaupahjól fyrir ferð sína. Önnur möguleg tilgáta er að rafhlaupahjól veiti tiltölulega óþjálfuðum og óreyndum ökumönnum rafhlaupahjóla öryggistilfinningu um að þeir geti ekið bæði hratt og örugglega, þegar reyndin er að líkast til þarf akstursfærni og æfingu til að halda góðu jafnvægi á rafhlaupahjóli, sérstaklega þegar aðstæður breytast skyndilega.

# Netöryggi: Hver er staða íslenskra fyrirtækja og stofnanna gagnvart netvá?

**Ásta Guðrún Helgadóttir**

Námsbraut í tölvunarfræði

Netöryggi hefur sjaldan verið jafnmikið í deiglunni eins og undanfarin misseri. Netárásir hafa leikið mörg íslensk fyrirtæki og stofnanir grátt, til dæmis með gagnagíslatökum, álagsárásum auk fágaðra vefveiðiárása. Enn fremur er von á innleiðingu á löggjöf frá Evrópusambandinu sem mun gera strangari kröfur á fyrirtæki og stofnanir um öryggi net- og upplýsingakerfa sinna. Þetta vekur upp spurningar um stöðu og getu íslenskra fyrirtækja og stofnana til þess að bregðast við netvá og takast á við nýtt hættulandslag í netöryggismálum. Þetta erindi kynnir niðurstöður rannsóknar sem var að gerð að beiðni Eyvarar (NCC-IS), hæfniseturs í netöryggi á Íslandi, en námsbraut í tölvunarfræði við Háskóla Íslands sá um útfærslu og greiningu. Markmiðið með rannsókninni er að kortleggja stöðu á netöryggi og kanna hvernig hægt er styrkja fyrirtæki og stofnanir í sinni netöryggisvegferð. Niðurstöður rannsóknarinnar byggir á spurningakönnun sem einblíndi á stöðu netöryggis innan vinnustaðar svarenda. Farið verður yfir hvernig tilvonandi innleiðing á lögum frá Evrópusambandinu um netöryggi hafði áhrif á val á úrtaki og áherslur spurninga. Lagt var upp með þrjár rannsóknarspurningar: 1) hver er staða á sérhæfingu, símenntun og þjálfun starfsfólks á sviði netöryggis; 2) hvaða áskoranir eru fyrir hendi varðandi netvá; 3) hvernig hafa fyrirtæki og stofnanir undirbúið sig nú þegar gagnvart netvá. Rannsóknin er frumraun í því að kortleggja stöðu netöryggis á Íslandi, en niðurstöður gefa til kynna að það er mikil þörf á uppbyggingu, fræðslu og æfingum á sviði netöryggis ásamt því að gera frekari rannsóknir á stöðu netöryggis á Íslandi.

# Ungt fólk: nám og líðan

## Margbreytileiki: Raddir nemenda

Kristjana Stella Blöndal, Birta Ósk Hönnudóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild HÍ

Menntastefna á Íslandi byggist á hugmyndafræði inngildandi menntununar fyrir alla. Þrátt fyrir það er brotthvarf framhaldsskólanemenda með því mesta sem gerist í Evrópu. Þótt langflest fari beint í framhaldsskóla eftir grunnskóla hefur um þriðjungur hætt námi án þess að útskrifast við 23 ára aldur. Rannsóknir hafa verið gagnrýndar fyrir að líta framhjá því að þessi hópur er fjölbreyttur og hættir námi af ólíkum ástæðum. Markmið þessarar rannsóknar er að hlusta á raddir ungs fólks sem hætti í framhaldsskóla um skólagöngu þess og þarfir með áherslu á fjölbreytileikann. Um er að ræða langtímarannsóknina International Study of City Youth þar sem árganginum fæddum árið 1999 er fylgt eftir frá 15 ára aldri með megindlegri og eigindlegri nálgun, nú síðast með viðtölum við 23 ára ungmenni sem hætt höfðu í framhaldsskóla. Meginniðurstöður varpa ljósi á hið flókna og margþætta ferli sem leiðir til brotthvarfs og ólíkar þarfir nemenda. Viðmælendur upplifðu margvíslegar hindranir í grunn- og framhaldsskóla annars vegar og hins vegar skort á stuðningi frá skólakerfinu. Greina mátti mismunandi upplifanir í ljósi uppruna nemenda og bakgrunns. Mörg lýstu erfiðleikum í námi í tengslum við raskanir eins og lesblindu og ADHD og flutninga á milli skóla. Sum „týndust“ í skólanum og nemendur af erlendum uppruna mættu fordómum. Þótt þarfir viðmælenda væru mismunandi var sameiginleg reynsla þeirra af stuðningsþjónustu skóla neikvæð. Niðurstöðurnar benda til mikilvægis þess að nemendur hafi sterka rödd innan skólakerfisins þar sem tekið er tillit til margbreytileikans í kennslu, forvörnum og inngripum.

## Upplifun og atbeinir unglinga í COVID-19 heimsfaraldrinum á Íslandi: Niðurstöður eigindlegrar rannsóknar

**Eva Jörgensen**

Félagsfræði-, mannfræði-, og þjóðfræðideild

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði víða áhrif á börn og unglinga, þar á meðal á Íslandi. Þessi kynning er hluti af stærra doktorsverkefni og kannar upplifun unglinga á aldrinum 12 til 18 ára af faraldrinum á Íslandi. Markmið kynningarinnar er tvíþætt: annars vegar að skoða hvernig unglingar lýstu áhrifum faraldursins á daglegt líf sitt og hins vegar gerendahæfni þeirra til að takast á við samkomubannið og aðrar takmarkanir.Rannsóknin byggir á viðtölum úr vettvangsrannsókn á bilinu nóvember 2020 til apríl 2022. Notast verður við gögn úr tíu hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum við sex stúlkur og fjóra drengi sem tekin voru á tímabilinu frá mars 2021 til apríl 2022. Viðtölin voru hljóðrituð, umrituð og greind með þemagreiningu samkvæmt Braun og Clarke (Reflexive thematic analysis). Helstu niðurstöður sýna að þátttakendur upplifðu margvísleg áhrif faraldursins; félagsleg einangrun var áberandi, sérstaklega sú áskorun að geta ekki hitt vini sína augliti til auglitis. Margir lýstu leiða vegna óvissu og röskunar á daglegu lífi og skólastarfi, þar sem sumir áttu erfitt með að aðlagast breyttu skólaumhverfi. Sumir þátttakendur sneru sér því í auknum mæli að stafrænum lausnum, sérstaklega samfélagsmiðlum og spjallforritum, til að viðhalda félagslegum tengslum. Einnig unnu þeir að tómstundum og áhugamálum heimafyrir, jafnvel að framtíðaráformum, og veittu tilmæli til stjórnvalda varðandi undirbúning fyrir möguleg komandi samfélagsáföll til að koma betur til móts við þarfir unglinga í þeim aðstæðum.Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að hlusta á raddir og innsýn unglinga í heimsfaraldri og hvernig hægt er að styðja betur við þennan aldurshóp í framtíðarfaröldrum eða öðrum samfélagslegum áskorunum.

## Breytingar á áfengis- og kannabisnotkun unglinga á Norðurlöndunum - ESPAD rannsóknin

Ársæll Már Arnarsson

Íþrótta- og heilsufræði, Menntavísindasvið HÍ

Inngangur: Það sem af er þessari öld hefur dregið verulega úr áfengisneyslu unglinga á Norðurlöndunum. Breytingar á kannabisneyslu í þessum aldurshóp hafa ekki verið jafn skýrar. Í þessari rannsókn var skoðað hvernig samhliða notkun beggja vímugjafa hefur þróast. Þrjár tilgátur voru settar fram: (i) áfengi hefur verið skipt út fyrir kannabis, (ii) dregið hefur úr samhliða notkun, og (iii) notkun vímugjafa hefur „harðnað", þ.e. að fleiri áfengisnotendur nota einnig kannabis. Aðferð: Gögn úr ESPAD-rannsókninni (European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs) á 15-16 ára unglingum frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð (N= 74.700, 49% drengir) voru skoðuð yfir tímabilið 2003-2019. Niðurstöður: Verulega dró úr áfengisneyslu í öllum löndum, að Danmörku undanskilinni. Hlutfall kannabisneyslu var lágt (0,0-0,7%) og hélst nokkuð stöðugt í öllum löndum. Fjöldi neysludaga minnkaði meðal unglinga í öllum löndum nema Danmörku. Á meðal unglinga sem drukku, jókst hlutfall þeirra sem einnig notuðu kannabis. Umræða: Áfengis- og kannabisneysla lúta ekki sömu lögmálum meðal unglinga. Samhliða notkun beggja efna fer vaxandi sem styður tilgátu iii, þ.e. að neysla í ákveðnum hópi hafi „harðnað".

## Félagsuppeldisfræðin – Norræni skólinn?

Árni Guðmundsson

Tómstunda- og félagsmálafræðideild Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Félagsuppeldisfræði (.e social pedagogy s. social pedagogik) er hugtak sem er ekki sérstaklega þekkt hérlendis. Með tilkomu náms í tómstunda- og félagsmálafræðum hefur þó orðið nokkur breyting á. Fræðilegur bakgrunnur og fagleg nálgun tómstunda- og félagsmálafræðinnar byggir að miklu leiti á þessum fræðum. Í þessari rannsókn er hugtakið kannað út frá starfsemi félagsmiðstöðva og þess sem æskulýðsstarfs sem nefnt er opið æskulýðsstarf. Þessi hugmyndaheimur á rætur sínar til þess samfélagslega umróts sem átti sér stað um miðja nítjándu öldina í Evrópu og kristallast meðal annars í bók þýska fræðimannsins Natorps Sozialpädagogik sem út kom í lok þeirrar aldar. Í þessari rannsókn leitar höfundar svara við þeirri spurningu hver þróun og útbreiðsla þessara hugmynda hefur verið. Rannsóknin byggir að fræðilegri samantekt (literature review) þar sem borin eru saman skrif helsta fræðafólks á þessu sviði síðustu árin. Niðurstöður er þær að í Evrópu víðast hvar og sérstaklega í norður hluta álfunnar eiga þessi fræði sér sterkar rætur í æskulýðsstarfinu nema á Bretlandseyjum. Hinn enski menningarheimur hefur þó síðustu ár gefið þessum fræðum meiri gaum sem merkja má á skrifum breskra og ástralskra fræðimanna á sviði æskulýðsmála. Á Norðurlöndum er fjöldi fræðafólks á þessu sviði. Skrif á þessum vettvangi taka að miklu marki mið af því samfélagi og samfélagsgerð sem fræðafólkið lifir og starfar í. Vegna þeirrar virkni sem hefur verið í þessum fræðum á Norðurlöndunum, og skyldleika þeirra samfélaga, má halda því fram að innan félagsuppeldisfræðanna sé til norræn nálgun sem nefna má Norræna skólann

## Skólareynsla fólks og væntingar um framtíðina


**Ingibjörg Jónsdóttir Kolka**

Menntavísindasvið; Deild menntunar og margbreytileika



Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig fyrri reynsla fólks af skólakerfinu mótar væntingar þess þegar það snýr aftur í nám. Tekin voru lífssöguleg viðtöl við fólk sem fékk tækifæri til að fara aftur í nám í kjölfar atvinnuleysis. Þetta átak var samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisins til að bregðast við atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Áherslan í viðtölunum er á reynslu þátttakenda af framhaldsskóla og skólasögu þeirra. Notuð er þemagreining til að greina viðtölin. Niðurstöður eru þær að fyrri skólareynsla fólks ræður miklu um væntingar þess til skólakerfisins og eigin frammistöðu í námi. Skólareynsla getur jafnvel komið í veg fyrir að þau þori að reyna aftur, þrátt fyrir að þau langi til þess og séu að öðru leyti tilbúin til þess. Þegar þau eru loks komin aftur í nám nýta þau síður stuðningskerfi skólanna. Rannsóknin sýnir hvernig fyrri skólareynsla stjórnar þannig möguleikum þeirra til menntunar. Fyrri reynsla þeirra af skólakerfinu er oft tengd félagslegri og efnahagslegri stöðu þeirra eða námsörðugleikum sem þau kunna að hafa glímt við á þeim tíma. Fyrri skólareynsla mótar sjálfsmynd fólks gagnvart menntun og um leið sjálfstraust þess til þess að snúa aftur í nám. Samkvæmt tölum OECD er brotthvarf úr framhaldsskólum nokkuð mikið á Íslandi. Íslenskt skólakerfi er opið og sveigjanlegt og leiðir til að snúa aftur í nám margs konar. Samt sem áður hikar sumt fólk við að snúa aftur í nám þrátt yfir að vera tilbúið til þess, langa til þess og hafa tækifæri til þess.

## Skylduskil á Íslandi: í fortíð, nútíð og framtíð

Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar

Upplýsingafræði, Félagsvísinda-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Kynnt verður rannsókn sem hafði það að markmiði að skoða stöðu skylduskila á Íslandi og bera hana saman við stöðu skylduskila í Noregi og Svíþjóð. Rannsóknarspurningarnar voru tvær: (1) Hvaða áskoranir glíma þau söfn við sem hafa það lögbundna verkefni að afla, varðveita og miðla skylduskilaefni? (2) Hafa söfnin fundið lausnir til að takast á við þær áskoranir sem þau glíma við og þá hverjar? Tilgangurinn var að sjá hvort söfn sem hafa það hlutverk að sinna þessu lögbundna hlutverki glímdu við áskoranir, greina þær og fræðast um hvort og til hvaða lausna gripið hafði verið til. Einnig að reyna að draga upp mynd af stöðu mála og afla hugmynda sem gætu mögulega nýst fyrir söfnin hér á Íslandi til að auðvelda þeim að afla, miðla, skrá og varðveita skylduskilaefni.Rannsóknin er eigindleg og byggir á fjórum einstaklingsviðtölum við fólk sem starfar eða hefur starfað við skylduskil á Íslandi ásamt hópviðtölum við starfsfólk skylduskila á Nasjonalbiblioteket í Mo i Rana í Noregi og á Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi.Helstu niðurstöður benda til þess að áskoranir við innheimtu, miðlun, skráningu og varðveislu á efni sem fellur undir lög um skylduskil séu talsverðar. Þær eru mismiklar á milli safnanna og lausnir sem gripið var til eru bæði líkar og ólíkar. Tæknilegar áskoranir virðast helst vera veigamestar sem og prentun erlendis þegar kemur að prentuðu efni. Einnig virðast skylduskilalög landanna vera misvel uppfærð og jafnvel gera starfið erfiðara þar sem sumar greinar þeirra virðast úreldar.

## Starfsemi skólasafna í grunnskólum Kópavogs

**Jóhanna K. Arnberg Gísladóttir**

Upplýsingafræði, Félagsvísinda-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Fjallað verður um rannsókn sem hafði það að markmiði að kanna hvernig starfsemi skólasafna í grunnskólum Kópavogs er háttað og kanna hvort þróun þeirra sé í takt við breyttar kennslufræðilegar áherslur nútímans. Rannsóknarspurningarnar sem lagt var upp með voru eftirfarandi: (1) Hvernig er starfsemi skólasafna í grunnskólum Kópavogs háttað? (2) Er þróun skólasafna í grunnskólum Kópavogs í takt við breyttar kennslufræðilegar áherslur nútímans?Við gagnasöfnun og úrvinnslu rannsóknarinnar var notast við megindlegar aðferðir. Rafrænn spurningalisti var sendur á skólastjóra allra 12 grunnskóla sveitarfélagsins og óskað eftir þátttöku þeirra sem voru í forsvari fyrir skólasöfnin í hverjum skóla. Gagnasöfnun fór fram á vorönn skólaárið 2023-2024. Níu skólar tóku þátt í rannsókninni og var svarhlutfallið 75%. Lýsandi tölfræði var beitt við úrvinnslu gagna upp að því marki sem hægt var án þess að það hefði áhrif á rekjanleika svara.Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að skólasöfn eru ekki starfrækt við alla grunnskóla sveitarfélagsins þrátt fyrir að kveðið sé á um slík söfn í íslensku lagaumhverfi. Þau skólasöfn sem eru til staðar gegna þó mikilvægu hlutverki innan skólanna í þeim tilvikum sem þau eru starfrækt. Starfsemi skólasafnanna er þó ólík milli skóla og aðbúnaður misjafn. Hluti þeirra hefur fært starfsemi sína í nútímalegri búning með því að horfa í átt að hugmyndafræði sem gjarnan er kennd við sköpunarver (e. Makerspace). Þá býr Kópavogur vel að þeim mannauði sem er í forsvari fyrir þau skólasöfn sem eru starfrækt innan grunnskóla sveitarfélagsins en menntunarstig safnstjóra er bæði hátt og viðeigandi fyrir verksviðið.

## Stuðningur við samþættingu: Hlutverk almenningsbókasafna í lífi innflytjenda og flóttamanna í Evrópu

Jamie Ros Johnston[1], Ágústa Pálsdóttir[2]

[1] Faculty of Social Sciences, Oslo Metropolitan University, Norway
[2] Upplýsingafræði, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Í erindinu kynna meðlimir PubLIB (Public Libraries for Immigrants and Refugees) rannsóknarhópsins alþjóðlegt rannsóknarsamstarf sitt. Í því er sjónum beint að því hvernig almenningsbókasöfn mæta þörfum nýkominna flóttamanna og innflytjenda, styðja við samþættingu þjónustu við þá og aðlögun að þeim samfélögum sem þeir flytja til. Þátttakendum rannsóknarhópsins koma frá Króatíu, Póllandi Þýskalandi, Ungverjalandi, Danmörku, Íslandi, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Hópurinn er þverfaglegur og leiðir saman yngri og eldri fræðimenn á sviði bókasafns- og upplýsingafræði (LIS), menningarstefnu, fólksflutningafræði og bókmennta. Rannsóknarsamstarfið byggir á fjölbreyttri sérfræðiþekkingu meðlima þess, þar á meðal þeirra sem hafa persónulega reynslu af fólksflutningum.Notaðar eru eigindlegar og megindlegar rannsóknaraðferðir. Þátttakendur eru fagfólk innan almenningsbókasafna víðsvegar í Evrópu. Skoðað er hvernig bókasöfnin og starfsfólk þeirra leggur sitt af mörkum við aðlögun flóttafólks og innflytjenda að samfélaginu, áhrif þessa á stjórnun bókasafna, hlutverk starfsmanna, og þátttöku í samstarfi á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Einnig leitast PubLIB við að innleiða endurgjöf frá innflytjendum og flóttamönnum um hvernig efla megi þjónustu bókasafna, áhrif hennar og mikilvægi fyrir þá. Jafnframt er rýnt í stefnur stjórnvalda og annarra sem aðkomu hafa að málefnum flóttafólks og innflytjenda. Rannsóknarstarf á vegum PubLIB miðar að því að fylla í mikilvægar eyður í þekkingu á hlutverki almenningsbókasafna í aðlögunarferli innflytjenda og flóttafólks. Með því að þróa nýjan hugmynda- og aðferðafræðilegra ramma í starfsemi bókasafna leitast rannsóknarverkefnið við að skapa innsýn sem getur nýst við að efla bæði stefnumörkun og framkvæmd á þessu sviði. Í erindinu verður farið yfir stöðu rannsóknarverkefna, fyrirliggjandi niðurstöður og næstu skref í rannsóknarsamstarfinu.

# Traust á heilbrigðisupplýsingum meðal Íslendinga 56 ár og eldri

Ágústa Pálsdóttir

Upplýsingafræði, Félagsfræði- mannfræði- og þjóðfræðideild

